



2 SÉRBLÖÐ
Í Fréttablaðinu
Dekk
Allt



FRÉTTABLAÐIÐ

MIDVIKUDAGUR

14. apríl 2010 — 86. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




**Rannsóknar-
skýrsluspaug**
Spaugstofan
kveður með
skýrslugrúni.
fólk 30

**Á að baki langan og
glæsilegan feril**
Ólöf Pálsdóttir mynd-
höggvari er níræð í dag.
tímamót 20



Keflavík í úrslitin
Keflvíkingar slógu ná-
granna sína úr Njarðvík úr
úrslitakeppninin í gær.
íþróttir 26

veðrið í dag



DÁLÍTIL VÆTA Í dag verða vestan
eða suðvestan 8-13 m/s. Skúrir eða
slydduél vestan til en bjart eystra.
Híti víðast 2-10 stig.

veður 4

muundu
eftir
mjólkinni!



„Ég biðst afsökunar“

Björgólfur Thor Björgólfsson segist viss um að hafa engin lög brotið en segist hafa sýnt dómgreindarleysi þegar ljóst var hvert stefndi í íslensku viðskiptalífi. Hann vinnur að skuldauppgjöri og segir eignir sínar renna til lánardrottna.

EFNAHAGSMÁL „Ég undirritaður, Björgólfur Thor Björgólfsson, bið alla Íslendinga afsökunar á mínum þætti í eigna- og skulda-bólunni sem leiddi til hruns íslenska bankakerfisins. Ég bið ykkur afsökunar á andvaraleysi gagnvart þeim hættumerkjum sem hrönnuðust upp. Ég biðst afsökunar á að hafa ekki auðnast að fylgja hugboði mínu þegar ég þó koma auga á hættuna. Ég bið ykkur afsökunar.“

Svo hljóðar upphaf grein-
ar sem Fréttablaðið birtir í dag
eftir Björgólf Thor, fyrrverandi
aðaleiganda Landsbankans og
fjárfestingarbankans Straums-
Burðaráss. Hann segist ekki geta
varist því að fyllast sjálfsásökun

Ég bið
Íslendinga
afsökunar á að
hafa ekki staðið
mig betur.

BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

þegar hann sér afleiðingar hruns-
ins en telur sig ekki hafa brotið
lög. Hann vinnur nú að uppgjöri
skulda sinna. „Ljóst er að þótt
miklar eignir mínar renni til lán-
ardrottna mun ég jafnframt starfa
í þeirra þágu um ókomin ár, þar til
ég hef að fullu gert upp við þá. Ég
er staðráðinn í að ljúka því verki
með sóma,“ segir Björgólfur.



Björgólfur birtir ekki afsökun-
arbeiðni sína á þessum tímamarki
fyrir tilviljun. Hann ákvað að tjá
sig ekki um gang mála fyrr en
rannsóknarnefnd Alþingis hefði
lokið störfum sínum.

Björgólfur rekur orsakir efna-
hagshrunsins frá sínum sjónar-
hóli og segir að enginn einn maður
hafi verið þess megnugur að snúa
þróuninni við eftir að rekstrarum-
hverfi bankanna snerist til verri
vegar. Hann segist jafnframt
hafa verið einn þeirra sem voru
í aðstöðu til að hafa áhrif á gang
mála. „Sú staða sem nú er uppi
segir allt um hvernig mér tókst
til. Ég bið Íslendinga afsökunar á
að hafa ekki staðið mig betur,“ eru
lokaorð hans.

- shá / sjá síðu 19



SKÍTVERK Már Vilhjálmsón, skólameistari MS, tók til hendinni ásamt starfsmönnum og nemendum sínum og mokaði skít-
um burt úr anddyri Versló. Nemendur öfluðu sönnunargagna og tóku myndir á farsímanna sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skólameistari Menntaskólans við Sund mokaði skít eftir nemendur sína:

Skít sturtað við anddyri Versló

FÓLK Már Vilhjálmsón, skólameistari Menntaskól-
ans við Sund, var vonsvikinn með þann hóp neme-
nda sem sturtaði heilu hlassi af skít við aðaldyr
Verzlunarskóla Íslands í gær. Honum þykir málið
leiðinlegt fyrir skólann sinn og ekki síst fyrir
Verzlunarskólann.

Skólarnir tveir mætast í úrslitum ræðukeppn-
innar Morfís á föstudaginn. Hefð hefur skapast
fyrir því að andstæðingar hrekki hvor annan með

gódlátlegum prakkarastrikum. Skólameistarinn
segir að þarna hafi verið farið langt yfir strikið.

Már mætti síðan sjálfur með skóflu og hjólbörur
ásamt nokkrum starfsmönnum sínum og fulltrú-
um nemendafélags skólans. Formaður Málfun-
félags Verzlunarskólans hvatti samnemendur
sína til að sýna stillingu og hefna ekki. „Þeirra er
skömmin,“ segir hann.

- fgg / sjá síðu 30

RANNSÓKNARSKÝRSLA ALÞINGIS

Hefði átt að taka betri veð

Rannsóknarnefnd Alþingis telur
illskiljanlegt að Seðlabankinn hafi
ekki tekið traustari veð vegna lána
til viðskiptabankanna, sérstaklega í
ljósi þess að bankinn hafi varað við
því að illa gæti farið hjá bönkunum.
Skattgreiðendur þurfa að taka á sig
yfir 300 milljarða vegna gjaldþrots
Seðlabankans.

SÍÐA 6

Regluverðir til leiðinda

Regluverðir þóttu til leiðinda í bönk-
unum. Sigurjón Þ. Arnason brást illa
við tillögu regluvarðar um að sett-
ar yrðu reglur um boðsferðir. Það
kynni að takmarka heimildir hans
til laxveiða.

SÍÐA 8

Tangarhald á bönkunum

Baugsfjölskyldan myndaði svo stóra
áhættu í bankakerfinu að enginn
bankanna hafði efni á að gjaldfella
lán á aðila sem tengdist henni vegna
hugsanlegra keðjuverkana. Frétta-
blaðið mun á næstu dögum fjalla um
viðskiptablokkirnar.

SÍÐA 10

Gerði sömu mistökin

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hag-
aði sér ekki með
öðrum hætti en
samráðherrar
hennar sem teljast
hafa sýnt af sér
vanrækslu. Vegna
þess að hún taldist
ekki bera ábyrgð
á efnahagsmálum
sleppur hún við
ásökun um vanrækslu.



SÍÐA 12

Reynslulausir krakkar

Rannsóknarnefnd Alþingis telur að
starfsfólk Fjármálaeftirlitsins hafi
ekki haft þá reynslu, og stundum
ekki þá menntun, sem störf þess
kröfðust. FME var alltof fámenn
stofnun.

SÍÐA 14

Bankarnir báru ábyrgðina

Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi for-
stjóri FME, segir mistök að hafa
ekki reynt að stækka eftirlitið hrað-
ar. Hann segir eigendur og stjórn-
endur bankanna hafa borið höfuð-
ábyrgð á hruninu.

SÍÐA 16



Kaffirjómi

Frábær út í kaffið og til
matargerðar.



Geymslupólin
mjólkurvara

ms.is





Skjöldur, er hægt að fá öll bindin hjá Kormáki og Skildi?

„Já, við eigum meira en níu bindi og mikið af nýjum bindum.“

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis er níu bindi og fæst víða í verslunum fyrir 6.000 krónur. Skjöldur Sigurjónsson er annar eigenda Herrafataverslunar Kormáks og Skjaldar.

Öryggislanding í Keflavík: Óþekktar gufur í Boeing-potu

ÖRYGGISMÁL Farþegaþota frá American Airlines lenti til öryggis á Keflavíkurflugvelli í gær eftir að ljós kom að óþekktar gufur höfðu lekið út í vélinni. Fimm farþegar fundu til ónota og fengu þeir aðhlynningu sjúkra-liðs.

Vélin var frá American Air-lines og var á leið vestur um haf frá París þegar lekinn kom í ljós. Vélin, sem er af gerðinni Boeing 767, var með 145 farþega um borð og var suður undan íslenska flug-stjórnarsvæðinu þegar gufunnar varð vart.

- gar

Skemmdarvargs leitað:

Málningu slett á Landsbanka

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höf-uðborgarsvæðinu rannsakar nú hver kunni að hafa slett blárrí málningu á útibú Landsbankans á Laugavegi 77 í fyrrinótt, nótt-ina eftir að rannsóknarskýrslan var birt.

Fríðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn segir að lög-reglu hafi verið tilkynnt um slettumálið.

„En þetta er ekki litid alvarleg-um augum þar sem um einangr-að tilvik er að ræða,“ bætir hann við. Málningin, sem slett var á glugga útibúsins, var blá að lit.

- jss

Annasamt hjá lögreglunni: Henti kókaíni á harðahlaupum

LÖGREGLUMÁL Maður á fertugs-alldri var handtekinn í Árbæ þegar hann reyndi að flýja á hlaupum og henti frá sér fíkní-efnum sem reyndust vera kókaín.

Þetta var eitt af mörgum fíkniefnamálum sem komu á borð lögreglu um helgina. Í íbúð manns sem var handtekinn í miðborginni fundust kannabíspöntur og amfetamín. Þá hafði lögregla afskipti af fjór-um mönnum í miðborginni, sem allir voru með fíkniefni í fórum sínum, ýmist maríjúana eða amfetamín. Kona var handtekin með maríjúana í Kringlunni og fjórir karlmenn með kannabis-efni víðs vegar á höfuðborgar-svæðinu.

- jss

LEIÐRÉTTING

Í dálkinum Frá degi til dags í gær var vitnað í eftirfarandi ummæli Sigurjóns Þ. Árnasonar, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans: „Ég hef alltaf haft þá trú að það væru, að það væru allt aðrir aðilar sem hefðu átt bankann heldur en hérna, eða sem sagt allt aðrir aðilar keypt bankann heldur en menn hafa sagt. Og mig hefur oft grunað að það væru einhverjir aðrir sem raunverulega ættu hann.“ Rang-lega var fullýrt að Sigurjón ætti þarna við Landsbankann. Ummælin birtust sem útdráttur í kafla um einkavæð-ingu Búnaðarbankans og vísa trúlega til hans.

Tveir karlmenn og tvær konur ákærð fyrir stórfelld fíkniefnabrot:

Kókaínsmygl og peningaþvætti

DÓMSMÁL Tveir karlmenn og tvær konur hafa verið ákærð fyrir fíkniefnasmygl, peningaþvætti og sölu fíkniefna. Hinir ákærðu eru íslensk, karl og kona, svo og par af erlendu bergi brotið.

Síðarnefnda parið er ákært fyrir að hafa staðið saman að innflutningi á rúmlega 800 grömmum af kókaíni frá Dóminíska lýðveldinu. Efnin fluttu þau innvortis, en maðurinn hafði lagt á ráðin um fjármögnun og ferðatilhögun vegna smyglsins.

Hjúin losuðu sig við efnin á Hótel Fróni á Laugavegi í Reykjavík. Lög-

regla fann kókaínið tveimur dögum síðar á dvalarstað mannsins.

Sami maður er einnig ákærður fyrir peningaþvætti. Hann seldi fíkniefni fyrir 1,2 milljónir á árunum 2008 til 2009, sem hann hafði sjálfur smyglað til landsins. Íslenska konan, sem ákærð er í mál-inu, geymdi fíkniefnaágóðann fyrir manninn. Maðurinn hafði einnig látið hana fá kókaín og maríjúana, auk þess sem hann lét íslenska karl-manninn ákærða fá kókaín til að selja. Íslendingurinn er því ákærður fyrir kókaínsölu en einnig pen-ingaþvætti þar sem hann var í vit-



INNVRTIS Parið var með nær kíló af kókaíni innvortis.

orði með konunni um geymslu á fyrrnefndum fíkniefnagróða. - jss



BÍLAFLOTI Skuldsettustu heimilin eru í hvað mestum vanda vegna bílálana. Um 3800 heimili af þeim verst settu borga af tveimur bílálánum.

ÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bílalán eru flestum heimilum til trafala

Ný úttekt Seðlabankans á skuldum heimilanna bendir til að fimm þúsund heimili hafi náð að bæta stöðu sína umtalsvert með aðgerðum stjórnvalda og fjármálaþyrirtækja. Fimm sinnum fleiri heimili eru enn í verulegum vanda.

EFNAHAGSMÁL Ný úttekt Seðlabanka Íslands (SÍ) sýnir að 24 þúsund heimili í landinu glíma enn við verulega greiðsluferðileika þrátt fyrir aðgerðir stjórnvalda og úrræði fjármálaþyrirtækja. Þau heimili sem eru í mestum vanda bera hátt í helming allra skulda vegna bílakaupa og 27 prósent íbúðarlána.

Ein af megin niðurstöðum úttektarinnar er að skuldsetning vegna bílakaupa gegni stóru hlutverki í að skapa þann skuldavanda sem heimilin í landinu berjast við.

Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur hjá SÍ, segir mikið hafa áunnist síðan síðasta úttekt bankans á skuldavanda heimilanna var unnin, en bráðabirgðaniðurstöður voru birtar síðastliðið haust. Nýju gögnin sýni að um fimm þúsund heimili hafi nú getu til að standa undir skuldum sem gátu það ekki áður. „Þessi úttekt gerir okkur



ÁRNI PÁLL ÁRNASON Félags- og tryggingamálaráðherra hefur lagt mikla áherslu á leiðréttingu gengistryggðra bílálana.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ekki síst kleift að kortleggja þann hóp sem enn er í vanda. Það eru tekjulágir og barnafólk frekar en barnlausir. Frekar ungt fólk en eldra og greinilegt að vandinn er töluvert mikill á þeim svæðum þar sem hraðast byggðust upp í hús-næðisuppsveiflunni.“

Í úttektinni kemur fram að ef ekki hefði verið gripið til frysting-ar lána strax eftir hrun væri hlut-

fall verst settu skuldaranna verið mun hærra. Aðrar aðgerðir sem gripið var til á seinni stigum hafa líka aðstoðað nokkurn hóp fjöl-skyldna. „Það breytir því þó ekki að um 24 þúsund heimili eru enn í verulegum vanda.“

Þorvarður Tjörvi segir að næstu skref til að létta á skuldavanda heimilanna snúi helst að bílálán-um. „Við sýnum hvert athyglin ætti helst að beinast og það eru frekar bílalánin en húsnæðislánin. Þau virðast vera veigamikil skýr-ing af hverju þessir hópar sem ég nefndi eru í þessum vanda.“

Þorvarður segir að gagnagrunnur SÍ um skuldavanda heimilanna sé orðinn gríðarlega stór og stjórn-völd og fjármálastofnanir geti nýtt sér hann á marga vegu til að grípa til næstu aðgerða til að aðstoða skuldsett heimili. Gagnagrunnurinn eigi sér reyndar enga hlið-stæðu í heiminum.

svavar@frettabladid.is

Braut lög um búfjárhald:

Sektaður fyrir lausan graðfola

DÓMSMÁL Nær fimmtugur maður hefur verið dæmdur í Héraðs-dómi Norðurlands eystra fyrir að sleppa ógeltum fola í beiti-land í Garðsárdal í Eyjafjarðar-sveit. Þetta flokkast undir brot á búfjárlögum. Folinn fyljaði marg-ar hryssur sem þar voru í haga-göngu.

Maðurinn mætti ekki fyrir dóm. Hann var dæmdur til að greiða 250 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppsögu dómsins að telja, en sæta ella fangelsi í átján daga. - jss

Dæmdur fyrir rán:

Ógnaði með sprautunál

DÓMSTÓLAR Karlmaður á þrítugs-alddri hefur verið dæmdur í tíu mánaða fangelsi fyrir þjófnaði og rán.

Maðurinn var meðal annars dæmdur fyrir að hafa ógnað starfsmanni í verslun 10/11 með sprautunál fyrr á árinu og hótad að stinga hann og smita af alnæmisveiru. Maðurinn þvingaði starfsmanninn þannig til að opna peningakassa og stal þaðan 28 þúsund krónum.

Þá er maðurinn dæmdur fyrir að stela tækjum úr bifreið sem hann braust inn í. Jafnframt fyrir innbrot í íbúðarhúsnæði, þar sem hann stal einnig tækjum. Hann á sakaferil að baki. - jss



Á SIJUKRAHÚSI Hjúkrunarkona sinnir einum hinna særðu eftir loftárásina á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Loftárás í Pakistan:

Kostaði um sjö-tíu manns lífið

PAKISTAN, AP Meira en 70 almenn-ir borgarar létu lífið þegar pak-istanskar herþotur gerðu loftárás á þorpið Sara Walla norðvestan til í Pakistan, skammt frá landa-mærum Afganistans á laugardags-morgun.

Talsmaður pakistanskra stjórn-valda viðurkenndi þetta í gær, en sjaldgæft er að stjórnvöld viður-kenni mannfall meðal almennra borgara af ótta við að stuðningur almennings við árásir á herskáa uppreisnarhópa dvíni enn frekar.

Íbúi í öðru þorpi á svipuðum slóðum fullyrti að þrettán almenn-ir borgarar hefðu látið lífið í árás á mánudag, en stjórnvöld höfðu hald-ið því fram að sú árás hefði kostað fjóra uppreisnarmenn lífið. - gb

Hraun úr nýrri eldstöð verður fullstorknað eftir nokkrar vikur:

Eldgosinu á Fimmvörðuhálsi lokið í bili

ELDGOS Gosinu á Fimmvörðuhálsi er lokið en því lauk í fyrradag. Virkni í eldstöðinni var orðin mjög lítil á sunnudag en fyrir hádegi í fyrradag var smá virkni í einum gígnum. Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur fékk Jón Kjartansson þyrflugmann til að smella af myndklukkan ellefu á mánudagsmorgun og senda honum í kennslustund í Háskóla Íslands. „Þetta var mesta „instant“ kennsla sem ég hef tekið þátt í,“ segir Magnús Tumi. Nemendurnir höfðu verið að velta því fyrir sér hvort gosinu væri lokið en mælar sýndu þá mjög lítinn gosóróa.

Síðdegis í gær var gosinu svo lokið og er Guðmundur Hilmarsson flaug yfir í gær var ekki virkni í gígnum. Magnús Tumi segir ekki hægt að fullyrða að ekki muni gjósa aftur þarna. Ef kvika fari aftur að streyma undir Eyjafjallajökli geti hún hugsanlega leitað útrásar um gosrás-ina. Eftir því sem lengri tími líði verði það ólíkleggra. Enn mælast smáskjálftar undir Eyjafjalla-jökli.

Magnús Tumi segir hraunið verða fullstorknað eftir nokkrar vikur, yfirborðið kólni hratt en hraunið á nokkrum mánuðum.

- sbt




NÝTT LANDSLAG Gosið á Fimmvörðuhálsi stóð í ríflega þrjár vikur. Þegar nokkrir dagar voru eftir af því höfðu um 1,3 ferkílómetrar af hrauni runnið úr eldstöðinni og hraunið var 10 til 20 metra þykkt.

MYND/GUÐMUNDUR HILMARSSON.

Af hverju auglýsir enginn hvað kostar að hringja?

Mínútuverð á milli kerfa



Mínútuverð á milli simkerfa Símans, Vodafone og Alterna. Miðað er við 6 vinnir óháð kerfi hjá Símanum og Gull hjá Vodafone. Hjá Alterna er frítt að hringja innan kerfis en hjá Símanum og Vodafone kostar mínútan áfram 15 kr.

Alterna er nýtt farsímafyrirtæki og við ætlum að vera með **lægsta mínútuverð á Íslandi**. Við viljum brjóta upp staðnaða gervisamkeppni farsímafélaga og gefa fólki tækifæri til að skera niður í útgjöldum heimilisins.

Við skiljum ekki hvers vegna enginn auglýsir verð á símtölum. Við viljum gagnsæi í verðlagningu. Fjölskyldan þarf að vita hvað er verið að borga fyrir símtöl og fólk á að geta borið saman verð milli félaga.

Allir hjá Alterna hringja frítt hver í annan. Ef fjölskyldan eða fyrirtækið er hjá Alterna hringið þið öll frítt ykkar á milli. Þar að auki er mínútuverðið hjá Alterna í önnur símafélög lægra. Af hverju að borga helmingi meira?

Staðreyndin er að á meðan símafélögin keppast við að auglýsa „vini“ og pakka eru það öll hin símtölin sem hækka reikninginn hjá þér. Við ætlum bara að vera með ódýrari símtöl.

... svo fólkið í landinu geti talað saman.

RANNSÓKNARSKÝRSLA ALÞINGIS

Þingmannanefnd um viðbrögð við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis:

Ólíklegt að framhald verði á málum embættismanna

Ólíklegt er talið að frekar verði aðhafst vegna mála þeirra fjögurra fyrrverandi embættismanna sem Rannsóknarnefnd Alþingis telur að hafi vanrækt starfsskyldur sínar.

Þar er um að ræða fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins og bankastjórn Seðlabankans.

Sérstök þingmannanefnd hefur það hlutverk að ákveða hvort látið verði reyna á ábyrgð þeirra þriggja ráðherra, sem nefndin taldi hafa vanrækt starfsskyldur sínar, með málshöfðun fyrir Landsdómi. Ef af verður gætu ráðherrarnir fyrrverandi fengið allt að því tveggja ára fangelsisdóm.

Hvað varðar embættismennina fjóra er réttarstaðan allt önnur. Þeir hafa allir látið af störfum. Landsómur fjallar aðeins um meint brot ráðherra og Rannsóknarnefndin vísaði málum fjórmenn-inganna ekki til ríkissaksóknara. Heimildarmenn Fréttablaðsins telja að hvorki löggjöf landsins né skýrsla rannsóknarnefndar svari því hvort aðhafast eigi frekar vegna mála embættismannanna.

Atli Gíslason, formaður þingmannanefndar sem fjallar um viðbrögð við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sagði að spurningar um ábyrgð væru öræddar en verði teknar fyrir í nefndinni á föstudag.

- ÞG



ATLI GÍSLASON Formaður þingmannanefndarinnar segir að spurningar um ábyrgð verði ræddar í nefndinni á föstudaginn.

Gervimaður í útlöndum átti hlut í 410 fyrirtækjum og skuldar hundrað milljarða:

Gervimenn fengu 5,5 milljarða arð

Gervimaður í útlöndum virðist aðsópsmikill eignamaður í íslensku viðskiptalífi, samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Gervimaðurinn er hópur fólks sem í sumum tilvikum er skráður erlendis, en í öðrum tilvikum lítið vitað um, en eigendur að minnsta kosti tíu prósentu hlutar eða meira í fyrirtækjum og viðtakendur arðgreiðslna. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar kemur fram að ekki

sé um íslenskar kennitölur að ræða.

Gervimaðurinn átti hlut í 410 fyrirtækjum á árabílinu 2006 til 2008 og fékk 5,5 milljarða króna í arð á árabílinu. Fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar, að gervimaðurinn í útlöndum hafi samkvæmt opinberum gögnum, ekki þegið arðgreiðslur fyrr en 2006. Skrifast það á breytingar á skilum á hlutafjármiðum, sem þá urðu að fullu rafræn og því ekki

lengur hægt að skila inn auðum kennitölum eða kennitölum sem eru ekki til á hlutafjármiðum.

Stærsti hlutur arðgreiðslna gervimannsins er vegna hlutar hans í Kaupþingi. Á meðal eigna hans á umræddu tveggja ára tímabili er helmingshlutur í 365, 83,7 prósent í Askar Capital og McDonald's á Íslandi.

Gervimaður í útlöndum skuldaði bönkunum 101 milljarð króna í lok september 2008.

- jab

Langar umræður á Alþingi um skýrslu rannsóknarnefndar:

Ærir og særir réttlætiskennnd

Um helmingur þingmanna hefur þegar sett sig á mælendaskrá um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Hún er til umræðu á Alþingi þessa viku og var rædd fram á kvöld í gær.

Einar K. Guðfinnsson, Sjálfstæðisflokki, sagði að það ærði og særði „réttlætiskennnd venjulegs fólks að sjá í skýrslunni hvernig eigendur bankanna hafa misnotað þá“. Tilteknir eigendur bankanna hafi ryksugað til sín peninga. Einn og sami aðilinn, Baugur, hafi fengið 53% af eiginfé bankanna að láni.

„Við verðum að taka skýrslunni alvarlega,“ segir Árni Þór Sigurðsson, VG. Hann vill að horf-

ið verði frá auðhyggju og því afskiptaleysi um almannahagsmunum sem einkennt hafi íslensk stjórnsmál.

Gunnar Bragi Sveinsson, Framsóknarflokki, sagði nauðsynlegt að læra af mistökum síðustu ára og áratuga varðandi löggjöf og stjórnsýslu en ekki mætti gleyma að „það voru bófar og ribbaldar“ sem rændu og tæmdu sjóði bankanna. „Þessa menn þarf að finna og gera upp sakir við þá.“

Þór Saari, Hreyfingunni, hvatti þau sem enn sitja á þingi og sátu áður í ríkisstjórn eða fengu styrki frá bönkunum til að segja af sér. Hann skoraði enn fremur á þingið að efna til nýrrar umræðu



GLUGGAD Í SKÝRSLU Þingmenn byrjuðu að glugga í níu binda skýrslu rannsóknarnefndar. Umræður hófust samdægurs og munu standa út vikuna.

um skýrsluna þegar gefist hefði tími til að kynna sér efni hennar betur.

- ÞG

Þorðu ekki að klára norræna krísuæfingu

Íslendingar treystu sér ekki til að sýna til hvaða ráða yrði gripið kæmi til fjármálaáfalls. FME taldi ákvörðunina mistök. Hræðsla við leka réð mestu. Aðstæðurnar sem æfingin byggði á voru nærfehl þær sömu og í hruninu.



„VIÐ ERUM HÆTTIR ÞESSU“ Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri tilkynnti erlendum kollegum sínum fyrirvaralaust að Íslendingar væru hættir þátttöku í æfingunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Af þeim sökum hefðu menn talið rétt að taka enga ákvörðun.“

Í vitnisburði annarra embættismanna SÍ og ráðuneyta fyrir nefndinni kemur fram að Ingimundur og Baldur hafi talið nóg komið. Áslaug Árnadóttir, skrifstofustjóri viðskiptaráðuneytisins, segir Baldur hafa verið þeirrar skoðunar að hægt yrði að taka nauðsynlegar ákvarðanir á „nokkrum klukkustundum þegar þar að kæmi“.

Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins (FME) voru mjög óánægðir með ákvörðun Ingimundar og Baldurs. Þeir töldu hana hafa verið alvarleg mistök og Íslandi til minnkunar.

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME, sagði í skýrslutöku ári seinna að ákvörðunin hefði reynst afdrifarík þegar stjórnvöld voru ófær um að taka nauðsynlegar ákvarðanir.

Önnur lönd en Ísland kláruðu æfinguna og viðbrögð þeirra við fjármálaáfallinu ári síðar voru í fullkomnu samræmi við niðurstöðu æfingarinnar.

svavar@frettabladid.is

Hættu að tala ensku til að fela ákvörðun

Andrew Gracie, breskur sérfræðingur í fjármálastöðugleika, sem fenginn var til að skipuleggja æfinguna, mun hafa furðað sig á ákvörðun íslenskra stjórnvalda og gagnrýnt hana. Ekki furðaði hann sig síst á því að fulltrúar Íslands hófu að tala á móðurmálinu sín á milli nokkru áður en ákveðið var að hætta leik. Þetta var gert þrátt fyrir að enska væri fyrirfram ákveðið tungumál á æfingunni til að auðvelda samskipti.

Sérhönnuð hárvörulína fyrir aukna LYFTINGU



Ýkir lyftingu, mótar og gefur glans

TONI&GUY

HANNAÐ AF FAGFÓLKI - Á VERÐI FYRIR ÞIG


VEÐURSPÁ



SKÚRIR EÐA SLYDDUÉL Það kólnar lítillega á landinu í dag og má því búast við slydduéljum inn til landsins vestan til en annars smáskúrum. Á morgun bætir heldur í úrkomuna og síðdegis má gera ráð fyrir slyddu eða snjókomu norðanlands.

Á MORGUN 5-10 m/s.

FÖSTUDAGUR Breytilegt átt 3-10 m/s.



HEIMURINN

Alicante	16°
Basel	15°
Berlin	14°
Billund	11°
Frankfurt	15°
Friedrichshafen	11°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	21°
London	13°
Mallorca	18°
New York	20°
Orlando	27°
Ósló	13°
París	15°
San Francisco	16°
Stokkholmur	8°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Fermingarveislan er hafin



Þú átt að elska rúmið þitt

Crown
heilsurúm



Aðeins
kr. 10.541,- á mán.
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 119.900,-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Chiro standard
heilsurúm



Aðeins
kr. 11.915,- á mán.
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 135.900,-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Chiro Deluxe
heilsurúm



Aðeins
kr. 12.773,- á mán.
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 145.900,-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Sjá nánar á www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



RANNSÓKNARSKÝRSLA ALÞINGIS

Símtal Davíðs Oddssonar við seðlabankastjóra Breta:

Hljóðritaði án leyfis

Davíð Oddsson, þáverandi seðlabankastjóri, hljóðritaði án heimildar trúnaðarsamtal sitt við breska seðlabankastjórn, Mervyn King, í byrjun október 2008.

Davíð sagði ráðherrum í ríkisstjórninni frá símtalinu við King á fundi í ráðherrabústaðnum 4. október 2008. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er vitnað til lýsingar Árna Mathiesen, þáverandi fjármálaráðherra, af fundinum. Af henni er ljóst að skiptar skoðanir voru meðal fundarmanna í ráðherrabústaðnum um það hvernig túlka bæri orð Mervyns King.

„Miðað við enska textann fannst mér Davíð leggja of mikið upp úr orðum Mervyns King, að hann væri að leggja blessun sína yfir það sem við værum að gera,“ segir Árni.

Í skýrslunni segir að Davíð hafi ekki í upphafi símtalsins óskað leyfis Kings fyrir því að hljóðrita það.

„Í endurritinu kemur einnig



MERVYN KING

milli okkar og með hundrað prósent leynd]], og að Mervyn King hafi játað því,“ segir rannsóknarnefndin sem gaf King færi á að tjá sig um hugsanlega birtingu endurritsins.

Í svari Seðlabanka Bretlands segir að hljóðritunin gangi gegn venjum í samskiptum milli seðlabanka og að í samtalinu hafi komið fram viðkvæmar upplýsingar um margvíslega banka. Þess vegna leggist Mervyn King gegn birtingu þess.

fram að Davíð hafi sérstaklega nefnt að um trúnaðarsamtal væri að ræða, samanber orð hans („because we are talking 100% in secrecy and private“ [því þetta er einkasamtal

Seðlabanki lagði allt undir í bankaspilinu

Rannsóknarnefnd Alþingis segir illskiljanlegt að Seðlabankinn hafi ekki tekið traustari veð vegna lána til viðskiptabankanna. Það sé ekki málefnaleg ástæða fyrir því að gera það ekki að „rosalega mikið vesen“ hafi verið að taka skuldabréf á pappír.

„Það er bara svo rosalega mikið vesen að taka við einhverju sem er fýsískt skuldabréf,“ sagði Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, þegar hann var spurður í skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd Alþingis, af hverju bankinn tók ekki traustari veð fyrir lánum sínum til viðskiptabankanna en veð í óvörðum skuldabréfum.

Tap Seðlabankans við hrun íslenska bankakerfisins nam um 300 milljörðum króna, sem falla á skattgreiðendur.


„Veðlán jukust verulega hjá öllum bönkunum þremur eftir að lausafjárkreppan hófst haustið 2007. Þróðust mál þannig að veðlán jukust úr því að vera um tveir milljarðar evra, sem mestmegnis voru frá Seðlabanka Íslands, yfir í það að vera yfir níu milljarðar evra við fall bankanna,“ segir í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Nærri helmingur veðlánanna var frá Seðlabanka Evrópu.

Í nóvember 2007 var orðið ljóst að íslensku bankarnir stunduðu í ríku mæli að gefa út óvarin skuldabréf sem voru seld öðrum fjármálafyrirtækjum, einkum Icebank, sem síðan notuðu skuldabréfin sem veð fyrir lánum frá Seðlabankanum.

„Með slíkum viðskiptum fóru fjármálafyrirtækin í raun í kringum þá reglu Seðlabankans að lán séu ekki veitt gegn veði í eigin skuldabréfum fjármálafyrirtækis. Þrátt fyrir þessa vitneskju spornaði Seðlabanki Íslands ekki við slíkum veðsetningum og reyndi ekki að afla sér traustari veða,“ segir í rannsóknarskýrslunni.

Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, sagði rannsóknarnefndinni að ekki hefði verið hægt að loka á þessi veð þar sem fréttir um slíkt hefðu orðið bönkunum að falli. Rannsóknarnefndin segir hins vegar að slíkt hefði verið hægt að gera án þess að það kæmist í hámmæli. Bæði Seðlabanki Evrópu og Seðlabanki Lúxemborgar hefðu tvívegis gert breytingar á veðkröfum um gagnvart íslensku bönkunum. Það hefði Seðlabanki Íslands vitað en almenningur ekki.

Íslensku bankarnir léku sama leikinn erlendis og hér heima með skipti á verðbréfum gagnvart Seðlabanka Evrópu en voru fljótt stöðv-



SEÐLABANKI ÍSLANDS Kjallarin er sagður fullur af vörubrettum með handhafa-skuldabréfum.



DAVÍÐ ODDSSON



STURLA PÁLSSON

aðir. Engu síður héldu þeir áfram og náðu að auka veðlánatöku sína ytra um 4,5 milljarða evra í gegnum dótturfélög. Rannsóknarnefndin segir athyglisvert að svo virðist sem Seðlabanki Íslands hafi ekki fylgst með stöðu íslensku bankanna í Seðlabanka Evrópu þótt gefin hafi verið viðvörðun í apríl 2008 um endurtekningu slíkra viðskipta.

Rannsóknarnefndin segist ekki fallast á það með Davíð Oddssyni seðlabankastjóra að viðskiptabankarnir hafi ekki haft aðrar eignir en óvarin skuldabréf til að leggja að veði.

„Var því illskiljanlegt að þess skyldi ekki freistað að taka önnur veð í ljósi þess viðhorfs sem uppi var um stöðu bankanna innan og af hálfu bankastjórnar Seðlabankans allt frá því á fyrri hluta árs 2008,“ segir í skýrslunni.

„Þá hefði ég allt eins getað farið að loka bönkunum,“ svaraði Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, spurður að því hvort ekki hefði komið til greina að taka önnur veð frá bönkunum. „Kjallarin í Seðlabankanum er fullur af hand-

hafaskuldabréfum,“ bætti Sturla og útskýrði að betra hefði verið að taka við veðum sem hægt var að taka við rafrænt. Þessa skýringu telur rannsóknarnefndin ekki duga.

„Ekki verður á það fallist að það geti talist málefnalegar ástæður þess að ekki var leitað eftir haldbetri veðum að það hafi verið „rosalega mikið vesen“ að taka við einhverju sem er fýsískt skuldabréf“ enda var það beinlínis hlutverk stofnunarinnar að huga að veðtryggingum sínum á hendur fjármálastofnunum.

Tekið er fram að Seðlabankinn hafi loks um miðjan júlí 2008 sent bönkunum bréf um að engin ný óvarin skuldabréf yrðu samþykkt sem veð nema að undangenginni sérstakri athugun. Rannsóknarnefndin segir bankann þó ekki hafa fylgt þessari stefnubreytingu „að neinu ráði“.

Í andmælabréfi sínu til rannsóknarnefndarinnar segir Davíð Oddsson „hugleiðingu“ hennar vera „eftiráspeki“. Ekki sé tekið neitt mið af því hvaða aðstæður voru uppi síðasta eitt og hálfa árið fyrir hrun bankanna. „Ef Seðlabanki Íslands hefði einn banka þrengt kröfur sínar um veð við þessar aðstæður til þess að hann sjálfur tæki litla eða enga áhættu af tilraunum til að fleyta eigin bankakerfi í gegnum brimskaflana þá hefði með réttu mátt áfella bankastjórnina og velta fyrir sér eftir á hvort hann hefði átt þátt í að flýta falli íslenska bankakerfisins,“ segir Davíð.

gar@frettabladid.is

FUNHEITT TILBOÐ

á 1 lítra
Kókómjólk



Nýtt!
Endurlokanlegar
umbúðir

N1

SÉRFRÆÐINGAR Í HJÓLBÖRÐUM

LÁTTU OKKUR SJÁ UM DEKKIN FYRIR ÞIG

15. APRÍL
NAGLANA
AF!



HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA / WWW.N1.IS

Meira í leiðinni

Næstráðendur lýsa algeru upplausnarástandi í Seðlabankanum í október 2008:

Hélt að Davíð væri að grínast

„Ég hélt fyrst að hann væri að grínast,“ segir Arnór Sighvatsson, aðalhafgræðingur Seðlabankans, í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, um það þegar Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði honum frá því að ákveðið hefði verið að lækka stýrivexti úr 15,5 prósentum í 12 prósent.

Upplausnarástand var í Seðlabankanum fyrstu dagana í október 2008. Tilkynning um risalán frá Rússum sem enginn fótur var fyrir og misheppnuð tilraun til að festa gengi krónunnar skapaði ringulreið. Þrátt fyrir vinnureglur þar um höfðu bankastjórnarnir sérfræðinga sína og næstráðendur lítt með í ráðum.

„Þetta var algjörlega stjórnlaust,“ segir Arnór sem kallaður var til Davíðs til að heyra um vaxtaákvörð-

unina. „Mér var tilkynnt sú ákvörðun fimm mínútum áður en hún fór á vefinn.“ Þegar Arnór áttaði sig á að Davíð væri ekki að grínast var honum öllum lokið. „[Ég] vissi ekki hvort ég átti að hlæja eða gráta,“ segir Arnór sem nú er aðstoðarbankastjóri Seðlabankans.

„Bankinn var bara hreint út sagt bara stjórnlaus,“ segir Þórarinn G. Pétursson, hafgræðingur hjá bankanum, sem kveðst hafa ritað í dagbók sína þann dag sem ákveðið var að festa gengið með einhverri tölu „út í bláinn“ sama dag og sagt var frá Rússalánu: „Enn eitt rugli.“ Þórarinn segir að Arnór hafi verið gjörsamlega niðurbrotinn. „Þetta var algerlega skelfilegt.“

- gar

WHIRLPOOL DAGAR

FRÁBÆR TILBOÐ í gangi á þvottavélum, þurrkurum, uppvottavélum og öðrum heimilistækjum frá stærsta framleiðanda í heimi.

10-60% AFSLÁTTUR



UPPVOTTAVÉLAR
Verð frá kr. 79.995



ÞVOTTAVÉLAR
Verð frá kr. 89.995



ÞURRKARAR
Verð frá kr. 79.995

**OFNAR,
HÁFAR OG
HELLUBORÐ
Á FRÁBÆRU
VERÐI!**



Heimilistæki ht.is

Bankastjórnendur féllu í allar freistingar

Siðvæðingar er þörf í íslensku samfélagi, segir vinnuhópur um siðferði sem kemst að þeirri niðurstöðu að siðferði og starfshættir hafi víða verið bágbornir í aðdraganda bankahrunsins.

Sú staðreynd að starfsháttum og siðferði var víða ábótavant í íslensku samfélagi er hluti af margþættum skýringum á því hve illa fór á Íslandi. Þetta er niðurstaða vinnuhóps rannsóknarnefndarinnar um siðferði og starfshætti. „Þetta á við jafnt í stjórnámum og viðskiptalífi sem í stjórnsýslu og fjölmiðlum,“ segir í lokaorðum skýrslu hópsins. Hópurinn skoðaði siðferði fjármálalífsins, stjórnsýslu og stjórnám auk þess að líta á samfélagið og umræðuna í því. Alls staðar var pottur brotinn út frá sjónarhóli siðferðis.

Nefndin skoðaði ítarlega fyrirtækjamenningu bankanna og kemst í stuttu máli að þeirri niðurstöðu að þar hafi siðferðislegum þáttum og dygðum verið kastað fyrir róða. Hópurinn sem stýrði bönkunum hafi „fallið í nánast allar freistingar sem á vegi hans urðu“. Sú grundvallarsetning einkavæðingar að einstaklingar fari betur með eigið fé en annarra hafi ekki reynst sönn. Allt hafi miðast við það að draga úr ábyrgð þeirra sem tóku áhættu, og þau rof hafi haft skelfilegar afleiðingar fyrir fjármálakerfið og almennig um heim allan. Hvatakerfi hafi

miðast við skammtímagróða stjórna- enda og eigenda á kostnað almennings. Eiginhagsmunir stjórnenda hafi ráðið mestu, gróðahyggi hafi verið taumlaus.

Regluverðir gleðisþillar

Vinnuhópurinn skoðaði innri starfshætti og eftirlit fjármálastofnanna og kemur þar í ljós að þeir sem sinntu starfi regluvarða og aðrir sem koma að innra eftirliti nutu lítillar virðingar stjórnenda og annarra starfsmanna. Hvorki hafi lagareglum verið fylgt né siðferðislegum viðmiðum um heilbrigða stjórnunarhætti.

Reglubókum var ekki fylgt og almennt litið á regluverði sem gleðisþilla. Sigurjón Geirsson hjá innri endurskoðun Landsbankans segir svo frá að menn hafi litið á reglur sem eitthvað sem hægt var að „challenge“, að virðing hafi ekki verið borin fyrir þeim heldur hafi menn frekar verið viljugir að „þróa reglur... þróa túlkun á reglum þannig að menn kæmust... svona eins og í fótbolta, menn reyndu að tækla án þess að vera dæmdir.“

Regluverðir störfuðu lögum samkvæmt í bönkunum en þeir eiga að gæta þess að farið sé eftir gildandi lögum og góðum starfsháttum. Almennt var lítill áhugi á störfum þeirra. Einn þeirra, Arnar Þór Jónsson hjá Íslandsbanka, lýsir starfinu eins og að róa í árabát á móti olúskipi. Hann hafi verið tekinn á teppið af bankastjóra fyrir óhlýðni eftir að hafa ætlað sér að skoða vandlega



STJÓRNENDUR BANKANNA Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, Halldór Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, og Bjarni Ármannsson, bankastjóri Íslandsbanka, á ráðstefnu Fjármálaeftirlitsins 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

pappíra sem ætlast var til að hann skrifaði undir.

Slakt siðferði bankamanna birtist víðar að mati vinnuhópsins. Þeir gerðu almenningi erfitt fyrir að átta sig á starfsháttum. Stjórnendur voru á gríðarlega háum launum, óhóf einkenndi lífsstíl þeirra eins og hann blasti við almenningi.

Hugmyndafræði afskiptaleysis

Vinnuhópurinn bendir á að gegndarlaus vöxtur bankanna hafi verið látinn óáreittur vegna þess að ríkjandi

hugmyndafræði í samfélaginu hafi verið hugmyndafræði afskiptaleysis. Í anda hennar hafi verið áhersla á að íþyngja ekki fjármálafyrirtækjum með ströngu eftirliti. „Framtakssömum og reynslulitlum“ einstaklingum hafi verið falin mikil ábyrgð og gefið svigrúm til athafna. Hæfileikum þeirra hafi svo verið lýst í ræðu og riti og eru þær lýsingar til marks um mikla drambsemi. Lagt var traust á það „að einkaðilar myndu ástunda sjálfseftirlit“. Ráðherrar og embættismenn

sinntu þannig ekki hlutverki sínu og Alþingi gætti ekki almannahagsmuna eins og því ber skylda til.

Aðrir geirar samfélagsins brugðust einnig, fjölmiðlar og háskólasamfélagið. Gagnrýni á fjármálaheiminn féll í grýtta jörð og þjóðin var blind á hættumerkin. „Skortur á höfsemi og ráðdeild í íslensku samfélagi, ásamt með ógagnrýnni sjálfánægju meðal þjóðarinnar, bjuggu á sinn hátt í haginn fyrir þá atburðarás sem hér varð í bankahruninu.“

sigridur@frettabladid.is

Úr skýrslu rannsóknarnefndar

„Ég fékk að fara í eina svona ferð, það var einhver stjórnendahópur, og ég hef aldrei upplifað mig eins og kóng en það var iPod þegar þú vaknaðir og það var bók þegar þú fórst að sofa og viskiflaska þegar þú vaknaðir. Þetta var samt „low-budget“ sko.“

KRISTJÁN GUNNAR VALDIMARSSON
FORSTÖÐUMAÐUR SKATTARÁÐGJAFAR LANDSBANKANS

„En það var aldrei meðvindur alltaf mótvindur“ ... „Það eru fleiri í ferða- og skemmtanadeild hjá bankanum heldur en í innri endurskoðun og regluvörslu og í raun og veru áhættustýringu“ [13 á móti 1 regluverði innsk. Fréttablaðs].

KRISTINN ÖRN STEFÁNSSON
REGLUVÖRÐUR Í GLITNI

„Það mátti ekki vera til staðar í gamla bankanum, ég stakk upp á því 2006 við Sigurjón [P. Árnason] að hafa reglur um gjafaferðir en hann vildi það ekki af því að það takmarkaði kannski hans laxveiðheimildir.“

ÞÓRÐUR ÖRLYGSSON
REGLUVÖRÐUR Í LANDSBANKANUM

Fræðimenn brugðust í aðdraganda hrunsins:

Lofrolla varð dýrkeypt

Hagsmunir viðskiptalífsins voru teknir fram yfir fræðilega hlutdrægni í skýrslum háskólanna í aðdraganda bankahrunsins. Vinnuhópurinn um starfshætti og siðferði segir að skýrsla Frederics Mishkin, prófessors við Columbia-háskóla, og Tryggva Þórs Herbertssonar, þáverandi forstöðumanns Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, frá árinu 2006 hafi beinlínis unnið íslensku samfélagi ógagn.

Skýrslan, sem samin var að beiðni Viðskiptaráðs Íslands, fjallaði um fjárhagslegan stöðugleika á Íslandi. Hún birtist í framhaldi af tveimur erlendum skýrslum sem gagnrýndu íslensku bankana. Bent er á að höfundarnir hafi ekki lagst í sjálfstæðar rannsóknir á bönkunum. Þeir hafi tekið gagnrýnislaust upp áhættumat Fjármálaeftirlitsins og fullt að ólíklegt væri að alvarleg vandamál myndu steðja að íslenska bankakerfinu.

Vinnuhópurinn bendir á að skýrslan hafi haft skaðleg áhrif því hún fegraði stöðu íslensku bankanna á



TRYGGVI ÞÓR
HERBERTSSON

FREDERIC
MISHKIN

viðkvæmum tímum. Í kjölfarið hafi þeir átt greiðari leið að erlendu fjármagni, orðið stærri og erfiðara að taka á þeim.

Vinnuhópurinn kemst að þeirri niðurstöðu að hættan á hagsmunarárekstrum í háskólasamfélaginu aukist með auknum styrkveitingum einkaaðila. Gagnrýnt er hversu lítið háskólasamfélagið tók þátt í opinberri umræðu í aðdraganda hrunsins. Fram kemur að styrkveitingar viðskiptalífsins til háskólanna hafi hugsanlega dregið úr hvata fræðimanna til gagnrýnnar umræðu.

- sbt



Glerhjúpur Hörpu – á mörkum þess gerlega

Fyrirlestur á vegum MPM-náms við HÍ. Fyrirlesturinn verður haldinn í Námu, húsnæði Endurmenntunarstofnunar HÍ, fimmtudaginn 15. apríl kl. 12.00.

Hvernig leysir maður verkefni sem hefur aldrei verið unnið áður og verður aldrei unnið aftur?

Í fyrirlestrinum munu verkfræðingarnir Sigurður Ragnarsson og Pétur Már Ómarsson fjalla um lausn þessa verkefnis sem er einstakt í íslenski byggingarsögu og e.t.v. það flóknasta sem nokkru sinni verður byggt á Íslandi.

Fyrirlesturinn er öllum opin. Aðgangur er ókeypis.



www.mpm.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ



Sjónvarpið endurskapað

- kynnist nýju BRAVIA línunni í Sony Center í Kringlunni



KDL32EX402 32"
BRAVIA Engine 2
Full HD 1920x1080 punktar
Birtuskynjari
Stafrænn móttakari Mpeg4
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Verð: 159.900



KDL32EX500 32" 100hz
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 219.900



KDL37EX500 37" 100hz
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 239.900



KDL46EX500 46" 100hz
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 369.900



KDL55EX500 55" 100hz
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 549.900



KDL46HX700 46" 200hz
Glæsileg "Monolithic" hönnun
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 479.900

Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
588-7669
www.sonycenter.is

SONY

Baugur hafði tangarhald á bönkunum

„Varla þarf að ræða það að Jón Ásgeir Jóhannesson, Björgólfur Guðmundsson og Bakkabræðurnir réðu ekki við eignarhald á bönkunum. Sjálfir voru þeir í fararbroddi við hömlulausa þenslu útlána sem felldu bankana.“

Þannig kemst danski bankasérfræðingurinn Jørn Astrup Hansen að orði í greinargerð sem hann vann fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um mat á starfsemi bankanna.

Fyrirtæki Jóns Ásgeirs og tengd-ir aðilar var sá fyrirtækjahópur sem var umfangsmestur í viðskiptum við íslensku bankana. Voru þau veruleg í öllum þremur bönkunum. Í upphafi árs 2005 var Landsbankinn með hæst útlán til hópsins, Kaupþing með litlu minna en Glitnir með áberandi lægst útlán. Á seinni hluta árs 2007 voru allir bankarnir með hátt í eða yfir tveggja milljarða evra útlán til samstæðunnar. Þá var Jón Ásgeir orðinn ráðandi hluthafi í Glitni. Samtals námu lánin þá 5.740 milljónum evra (660 milljörðum króna samkvæmt miðgengi). Það var meira en helmingur af samantölum eiginfjárgrunni bankanna þriggja og ellefu prósent af öllum útlánum móðurfélaga bankanna.

Félögin skipta tugum en á tíma-bili námu lán bara til Baugs og FL Group 2,3 milljörðum evra eða 21 prósent af samantölum eiginfjárgrunni stóru bankanna. Í framhaldi eigendaskipta í Glitni margfölduðust lánveitingar bankans til félaga Jóns Ásgeirs og tengdra aðila. Í byrjun árs 2008 fara útlán Glitnis til Baugs og FL yfir 40 prósent af eiginfjárgrunni. Við fall Glitnis námu lán til Baugs og tengdra félaga tæpum tveimur milljörðum evra (rúmlega 250 milljörðum króna). Var það um 70 prósent af eiginfjárgrunni bankans.

Það er til marks um hve mikil umsvif Jóns Ásgeirs og fjölskyldu hans í bankakerfinu voru að rannsóknarnefndin kemst svo að orði: „Fjölskyldan í heild myndar svo stóra áhættu hjá bankakerfinu að fullyrða má að enginn bankanna hafi haft efni á að gjaldfella lán á aðila tengdum þeim, vegna hugsanlegra keðjuverkandi áhrifa.“



JÓN ÁSGEIR OG NOKKRIR VIÐSKIPTAFÉLAGAR Á myndinni, sem tekin var á aðalfundi FL Group 2006, eru Hannes Smárason, Skarphéðinn Berg Steinarsson, Þorsteinn Jónsson, Jón Ásgeir Jóhannesson, Smári S. Sigurðsson og Magnús Ármann.

Glitnir grípur til aðgerða gagnvart Landic Property

Fyrri hluta september 2008 var Glitnir að vinna í því að bæta stöðu sína gagnvart fasteignafélaginu Landic Property. Í því fólst að bankinn sóttist eftir auknum áhrifum í stjórnun fyrirtækisins til þess að tryggja hámarksendurheimtur bankans af lánum til Landic. Magnús Arnar Arngrímsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs á Íslandi, sendi tölvubréf hinn 12. september 2008 til Skarphéðins Bergs Steinarssonar, þáverandi forstjóra Landic Property, um að bréf myndi berast um þessar aðgerðir bankans.

Svar kom fyrir hönd Landic frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni sem hófst á orðunum: „Sæll Magnús. Sem aðaleigandi Stöða sem er stærsti hluthafi í Glitni langar mig að vita hvernig svona bréf á að þjóna hagsmunum bankans.“ Í tölvubréfinu setti Jón Ásgeir fram nokkrar

spurningar um málið til Magnúsar. Sú síðasta var eftirfarandi: „Gera stjórnendur sér grein fyrir því að Stöðir aðaleigandi Landic er jafnframt með leyfi FME að fara með ráðandi eignarhlut í Glitni hvernig heldur að þetta bréf líti út frá því sjónarmiði?“

Ekki er annað að sjá en að Jón Ásgeir hafi talið sig bærán um að koma fram bæði af hálfu stjórnar FL og Baugs. Í því ljósi verður ekki annað séð en félögin hafi verið tengd í þeirri merkingu sem hér er miðað við. Bréfið ber einnig vitni því umboði sem fulltrúar stærstu hluthafa bankans, sem ekki sátu í bankaráði, töldu sig hafa til að hlutast til um daglegan rekstur bankans.

Úr skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

Það þýðir að þegar félög í eigu fjölskyldunnar stóðu frammi fyrir að geta ekki greitt af lánum voru þeim veitt ný lán til að greiða af þeim gömlu. Enginn gat hætt á að Baugur og fyrirtæki honum tengd færu í þrot. Útlánaskuldbindingar fyrirtækjahópsins voru orðnar of stórar fyrir allt íslenska bankakerfið og leiðir rannsóknarnefndin líkur að því að Baugur Group og tengd félög hafi haft „tangarhald“ á bönkunum.

Lög segja til um hve mikið bankar mega lána til einstakra viðskiptamanna og tengdra aðila.

Ljóst er að lán til fyrirtækja í eigu Jóns Ásgeirs og tengdra aðila fóru langt yfir þau mörk. Skýrist það af ólíku mati á túlkun laganna og ólíku mati á hagsmunum. Til langs tíma voru til dæmis Jón Ásgeir og Ingibjörg S. Pálmadóttir, sambýlskona hans, ekki metin sem tengdir aðilar. Sama á við um Baug og FL Group og um tíma Baug og Landic Property.

Bönkunum sjálfum bar að hafa eftirlit með tengslum viðskiptavina en þeir virðast hafa lagt sig í framkróka við að skera frekar á slík tengsl fremur en að meta tengda

aðila og haga útlánunum í samræmi við það. Í samantekt sem starfsmaður Fjármálaeftirlitsins gerði 2004 komst hann að þeirri niðurstöðu að Kaupþing og Landsbankinn hefðu ekki tengt stórar áhættuskuldbindingar Baugs og tengdra aðila. Málunum var ekki fylgt eftir gagnvart bönkunum og dögðu þau uppi.

bjorn@frettabladid.is

Á næstu dögum verður fjallað um helstu viðskiptablokkirnar á grundvelli skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

Félög tengd Jóni Ásgeiri skulduðu bönkunum 660 milljarða við hrunið

Félög tengd Jóni Ásgeiri Jóhannessyni skipta tugum og lánveitingar til þeirra nema hundruðum milljarða króna. Rannsóknarnefnd Alþingis tengir Jón Ásgeir við fjórar fyrirtækjasamstæður: Gaum, Stöðir/FL Group, Landic Property og Mosaic Fashions. Í meðfylgjandi tölum má sjá skuldastöðu félaganna/fyrirtækjanna við sex stærstu banka Íslands í október 2008. Tölur í töflunum hér að neðan eru í milljörðum króna.



Gaumur

(T.d.101 Capital, 1998, Baugur, BG Holding, Styrkur)

	Jan 07	okt 08
Landsbankinn	47,8	96,4
Kaupþing	71,6	103,0
Glitnir	19,8	54,8
Straumur	23,5	22,7
Spron	1,0	0,7
Sparisjóðabankinn	0,7	1,4
Samtals	164,4	279,1
Samtals í millj. evra	1.737,5	1.918,2

Stöðir/FL Group

(T.d. FL Group hf., FL fjárfestingar, Materia Invest, Þyrping)

	Jan 07	okt 08
Landsbankinn	28,5	83,8
Kaupþing	22,6	43,8
Glitnir	4,4	38,0
Samtals	55,5	165,6
Samtals í millj. evra	586,5	1.138,1

Landic Property

(T.d. 101 Skuggahverfi, Landic Property hf., Landic Property A/S, Landsafl)

	Jan 07	okt 08
Landsbankinn	0	42,0
Kaupþing	0	49,8
Glitnir	0	40,7
Straumur	2,5	7,8
Sparisjóðabankinn	0,7	1,1
Samtals	3,2	141,4
Samtals í millj. evra	34,2	972,1

Mosaic Fashions

	Jan 07	okt 08
Kaupþing	72,2	78,7
Samtals	72,2	78,7
Samtals í millj. evra	763,5	541,1

ISLAND AF STADI

Aðalfundur SA 2010 verður haldinn miðvikudaginn 21. apríl á síðasta degi vetrar. Fundurinn fer fram á Hilton Reykjavík Nordica og hefst opin dagskrá kl. 15.00. Fundarstjóri er Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts.



Vilmundur Jósefsson



Jóhanna Sigurðardóttir



Grímur Sæmundsson



Birna Einarsdóttir



Stefán Friðriksson



Svana Helen Björnsdóttir



Ingimundur Sigurpálsson

DAGSKRÁ

- 15.00 OPIN DAGSKRÁ í aðalsal Nordica:
Ræða Vilmundar Jósefssonar, formanns Samtaka atvinnulífsins
Ræða Jóhönnu Sigurðardóttur, forsætisráðherra

ÍSLAND AF STAÐ:

Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins og varaformaður SA
Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka
Stefán Friðriksson, framkvæmdastjóri Ísfélags Vestmannaeyja
Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika og formaður Samtaka sprotafyrirtækja

16:30 Fundarlok - Vetur kvaddur

Skráning á www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

EINFALDLEGA FALLEG HÚÐ

NIVEA

NÝ HÚÐMJÓLK SEM STINNIR ÞURRA HÚÐ

NÝTT

No 1
NIVEA :
WORLD'S LEADING
FIRMING & ANTI-
CELLULITE BRAND*

*Euromonitor 2008,
Market Share Value

NÝ STYRKJANDI UMÖNNUN FYRIR ÞURRA HÚÐ

- Húðmjólk með Q10 til að auka teygjanleika og stinna húðina
- Styrkir uppbyggingu húðarinnar og eykur frumuendurnýjun
- Með macademia hnetuolíu sem nærir og mýkir húðina

Einnig fáanlegt fyrir venjulega húð

www.NIVEA.com/body



Sömu mistök en ekki sama ábyrgð

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fékk sömu upplýsingar og þeir ráðherrar sem taldir voru sýna vanrækslu í starfi. Meiri raunar en viðskiptaráðherrann. Þar sem efnahagsmál eru ekki á hennar verksviði telst hún ekki hafa sýnt vanrækslu í starfi.

Fjórir ráðherrar fengu tækifæri til andmæla við rannsóknarnefndina: Árni M. Mathiesen, Björgvin G. Sigurðsson, Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Þeir þrír fyrstnefndu teljast hafa sýnt vanrækslu í starfi. Það á ekki við um Ingibjörgu Sólrúnu.

Við lestur skýrslunnar kemur í ljós að sú staðreynd sýnir ekki að Ingibjörg Sólrún hafi hegðað sér á annan hátt en hinir þrír. Þar sem hún gegndi stöðu utanríkisráðherra voru efnahagsmálin hins vegar ekki á hennar könnu. Skiptir þá engu þótt hún hafi setið ráðherra fundi um þau mál, fundi sem Björgvin G. Sigurðsson, ráðherra viðskiptamála, fregnadi af eftir á.

Í skýrslunni er bent á muninn á því hvort ráðherrar „fóru stöðu sinnar vegna með beinar skyldur og ábyrgð á sviði fjármálamarkaðar og/eða efnahagsmála, eins og Geir og Árni, eða áttu yfirleitt hlut að máli vegna pólitískrar stöðu sinnar innan ríkisstjórnar en ekki á grundvelli lagalegrar stöðu sinnar sem ráðherra, líkt og Ingibjörg Sólrún“.

Ingibjörg Sólrún bendir á þessa staðreynd í sínum andsvörum. Þar fer hún yfir verkaskiptinguna og bendir á undir hvaða ráðuneyti fjármálin og eftirlitsstofnanir heyra. Oddvitum ríkisstjórnarflokkanna sé ekki markað sérstakt hlutverk.

„Ég verð því ekki sökuð um að hafa á einhvern hátt brugðist hlutverki mínu sem oddviti Samfylkingarinnar með vísan til reglna sem gilda um ábyrgð í slíku starfi.“

Mistök í stjórnarsáttmála

Í rannsóknarskýrslunni eru stjórnvöld almennt átalín fyrir að fara ekki fram á athuganir á stöðunni. Á það bæði við um síðasta árið fyrir hrun, en einnig fyrr.

Samfylkingin myndaði ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum í maí 2007 og var sambandið innsiglið með frægum kossi á Þingvöllum. Í stjórnarsáttmálanum eru ákvæði sem nefndin telur að hafi beinlínis hamlad gegn aðgerðum sem dregið hefðu úr áhættunni.

Er þar fyrst og fremst átt við þá stefnu stjórnarinnar að fjármála-starfsemi gæti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði.

Þessari stefnu er ekki opinberlega breytt fyrr en með falli bankanna í október 2008. Nefndin telur hins vegar augljóst að ástæður „fyrir sérstökum vandræðum íslensku bankanna þegar að kreppti á fjármálamarkaði, væri að verulegu leyti að leita í áhættusækni og óheftum erlendum vexti þeirra“ líkt og segir í skýrslunni.

Tekið skal fram að hér er ekki

verið að vísa til hrunsins 2008, þegar rætt er um fjármálakreppu, heldur „minni-kreppuna“ svokölluðu árið 2006. Að mati nefndarinnar mátti oddvitum stjórnarflokkanna því vera ljóst að þetta ákvæði ýtti undir áhættusækni bankanna.

Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn settu sér einnig þá stefnu, vorið 2007, að bankarnir hefðu áfram höfuðstöðvar sínar hér á landi. Það hafi komið mönnum í koll, enda efnahagsreikningar bankanna margföld þjóðarframleiðsla landsins.

Stjórn Geirs og Ingibjargar hafi þannig unnið gegn tveimur helstu leiðunum til að minnka áhættuna: flytja hina tröllvöxnu banka úr landi og minnka efnahagsreikning þeirra.

Bankarnir mæðir

Meðal þess sem nefndin átelur í starfi Ingibjargar Sólrúnar sem utanríkisráðherra, er að hún hafi mært bankana án þess að fyrir því hafi verið innistæða. Meðal annars er þar vísað til ráðstefnu, sem ráðuneytið stóð fyrir í febrúar 2008. Heiti hennar var „Umfjöllun um íslenska fjármálageirann – hlutverk utanríkisþjónustunnar“. Þar var brýnt fyrir starfsmönnum utanríkisþjónustunnar að leggja á árararnar með fjármálageiranum.

Einnig er vísað til ræðu sem hún hélt í Danmörku í mars 2008 og viðtals við Politiken þar í kjölfarið. Þar sagði hún mat dönsku bankanna á þeim íslensku vera rangt og skýrast af því að þeir væru í samkeppni. Íslensku bankarnir stæðu vel.

Spurningum nefndarinnar hvort ekki hefði verið ráð að fara ítarlega yfir skýrslur greiningardeildar Danske Bank og kanna hvort hætta væri á ferðum, svaraði Ingibjörg Sólrún rannsóknarnefndinni:

„Eflaust hefði verið full ástæða til þess að gera það, en ég held að menn hafi kannski svolítið afgreitt það með Danske Bank að þetta væri samkeppnisaðili við íslensku bankana og svona áhöld um það hvað ætti að taka það, ég veit ekki hvað ég á að segja, alvarlega, eða kannski hver væri trúverðugleiki þeirrar úttektar.“

Í athugasemdum sínum segir



SKORTI HEILDARSÝN Nefndin átelur Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur fyrir að hafa ekki brugðist við þegar viðvörunarþjöllurnar glumdu. Þar sem efnahagsmál voru ekki á hennar verksviði telst hún ekki hafa vanrækt starf sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ingibjörg ræðuna vera byggða á upplýsingum fagræðuneytanna og minnir á að Moody's hafði nýverið gefið íslensku bankakerfi góða ein-kunn.

Vissi en gerði ekkert

Helsta gagnrýni nefndarinnar lýtur að því sama hjá Ingibjörgu Sólrúnu og öðrum ráðherrum; hún hafi vitað um slæma stöðu bankanna en ekkert aðhafst. Hún hafi til að mynda setið fundi þar sem Seðlabankinn upp-

lýsti um hættuna á Icesave-reikningunum. Þrátt fyrir að málið félli ekki undir hennar verksviði hefði hún, sem oddviti í ríkisstjórn, átt að biðja um frekari upplýsingar, enda væri málið af þeirri stærðargráðu að gæti, líkt og raunin varð, skaðað íslenskan efnahag. Það ætti að vera næg ástæða til að grípa til aðgerða.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir vildi ekki tjá sig um efni skýrslunnar þegar eftir því var leitað í gær.

kolbeinn@frettabladid.is

Tvísaga varðandi Icesave?

„Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra og oddviti annars stjórnarflokksins, kannast ekki við að rætt hafi verið um hættuna sem kynni að stafa af Icesave fyrir ríkið: „[Það hafði aldrei komið til tals á þessum vettvangi, m.a. með Seðlabankanum. Ég leit svo á að þetta væri aðferð til þess að afla sér fjármagns rétt eins og að afla sér lánsfjár og kannski tiltölulega kostnaðarminna fyrir bankann. Ég gerði mér ekki grein fyrir þeirri hættu sem þessu fylgdi.“

Þetta vekur athygli því að Ingibjörg Sólrún var ásamt forsætisráðherra á fundi með bankastjórn Seðlabanka Íslands 1. apríl 2008 þar sem fram kom að svo mikið útstreymi væri af Icesave-reikningum Landsbankans að bankinn myndi einungis þola það í sex daga. Einnig kom fram að breska fjármálaeftirlitið vildi að Landsbankinn færði Icesave-reikningana yfir í breskt dótturfélag.“

Úr skýrslu rannsóknarnefndarinnar

Ársfundur Landsvirkjunar

Staða og framtíðarsýn

Grand Hótel Reykjavík
Föstudaginn 16. apríl 2010
kl. 13.00–15.00

Ársfundur Landsvirkjunar verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, föstudaginn 16. apríl kl. 13.00–15.00. Á fundinum verður kynnt afkoma, fjárhagsstaða og framtíðarsýn fyrir Landsvirkjun. Einnig verður fjallað um stöðu, horfur og þróun á innlendum og alþjóðlegum raforkumarkaði.

Fundurinn er öllum opin og allir velkomnir

Vinsamlegast skráð þátttöku fyrir 15. apríl nk. á www.landsvirkjun.is/skraning, eða hjá Soffíu Þórisdóttur, soffia@lv.is.

Dagskrá

Skráning kl. 12.30–13.00

Ávarp stjórnarformanns Landsvirkjunar

Ræða fjármálaráðherra

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra

Ársreikningur Landsvirkjunar 2009

Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Þróun íslensks raforkumarkaðar og framtíðarsýn fyrir Landsvirkjun

Hörður Arnarson forstjóri

Spurningar og umræður

Fundarstjóri: Ragna Sara Jónsdóttir,
yfirmaður samskiptasviðs Landsvirkjunar



Landsvirkjun

Landsvirkjun | Háaleitisbraut 68 | sími 515 9000 | www.landsvirkjun.is

Pólitíska ábyrgðin

Samkvæmt lögum ber utanríkisráðherra ekki sömu ábyrgð og hinir og leiða gjörðir hans því ekki til vanrækslu í starfi. Tryggvi Gunnarsson, fulltrúi í rannsóknarnefndinni, útskýrði það á blaðamannafundi nefndarinnar, en minnti um leið á að til væri annars konar ábyrgð.

„Það er hins vegar alveg ljóst að þarna er ráðherrann fyrrverandi í pólitísku hlutverki og það verða þá aðrir að takast á við það.“

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!



www.euopris.is

Örugg kynslóð!

Opinn morgunverðarfundur Skýrr um örugg starfsmannakort, fimmtudaginn 15. apríl

Skýrr býður stjórnendum í atvinnulífinu til opins morgunverðarfundar um nýja kynslóð öruggra starfsmannakorta.

Öryggiskröfur í atvinnulífinu aukast stöðugt, einkum hvað snertir örugga auðkenningu starfsfólks fyrirtækja og stofnana inn í húsnæði, netkerfi og fjölbreytileg upplýsingakerfi.

Á fundinum munu sérfræðingar Skýrr og alþjóðlega öryggisfyrirtækisins HID kynna hvernig byggja má upp örugg starfsmannakort með öllum aðgangi á einu korti og sýna hvaða möguleikar opnast við innleiðingu þeirra.

Það er vísindalega sannað að þeir sem borða morgunverð alla jafna eru hressari en hinir sem sleppa því. Þess vegna verður boðið upp á morgunverð frá kl. 8:00, en formleg dagskrá hefst kl. 8:30. Fundarlok eru kl. 10:00.

Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu. Fundurinn er öllum opinn, meðan húsrúm leyfir. Fundurinn verður haldinn í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 í Reykjavík (gengið inn frá Háaleitisbraut).

Skráning fer fram á vefsvæði Skýrr (skyrr.is).



8:30

Skýrr býður góðan dag

Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr



8:40

Aðgengi að húsnæði

Robert Jansson, ráðgjafi hjá HID

- Hvernig tryggja má að starfsmannakort séu samhæfð bæði við aðgangskerfi húsnæðis og aðgangskerfi tölvubúnaðar
- Hver er munurinn milli mismunandi auðkennismarkja (RFID)
- Hvað er auðkenniskort (RFID card)
- Hvað er öryggissnið (security format)
- Hvaða auðkennismarki (RFID) eru örugg og hver eru ekki eins örugg
- Hvaða staðlar og vörumerki eru í heimi auðkennismarkja (RFID)
- Hvernig getum við forðast „jarðsprengjusvæði“ við að sameina aðgang tölvukerfa og húsnæðis á eitt kort



9:20

Öruggt staðarnet

Sigurður Másson, hópstjóri öryggis- og gagnalausna Skýrr



- Hvað er örugg prentun starfsmannakorta
- Hvernig má blanda saman notkun auðkennismarkja (RFID) og rafrænna skilríkja við auðkenningu inn í Windows
- Hvernig má nota öruggt starfsmannakort til auðkenningar VPN sambanda, örugg þráðlaus net eða vefgáttir svo sem SharePoint
- Notkun öruggra starfsmannakorta við einkvæma innskráningu (single sign on)
- Dulritun harðdiska
- Öruggt prentun (secure printing)
- Sjálfsþjónusta notenda
- Rafrænar uppáskriftir/staðfestingar á skjölum innan fyrirtækis
- Hvað ber að athuga í tengslum við snjallkortalesara



Fundarstjóri

Ebenezer Þ. Böðvarsson

ráðgjafi hjá öryggis- og gagnalausnum Skýrr



569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin

FME mannað af krökkum án reynslu

Reynsluleysi starfsmanna Fjármálaeftirlitsins hafði mikil áhrif á samskipti stofnunarinnar við fjármálafyrirtæki. Eftirlitinu hélst ekki á fólki vegna hærri launa annars staðar. Bankarnir keyptu til sín bestu bitana og litu á Fjármálaeftirlitið sem óvin.

Starfsfólk Fjármálaeftirlitsins (FME) hafði ekki þá reynslu, og í sumum tilvikum menntun, sem störf þeirra kröfðust á þeim tíma sem bankakerfið þandist út hér á landi.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og vinnuhóps um siðferði og starfshætti. Meginniðurstaða rannsóknarinnar er að FME hafi, líkt og Seðlabanki Íslands (SÍ) brugðist hlutverki sínu til að gegna ytra eftirliti með fjármála-stofnunum.

Bæði í skýrslu rannsóknarnefndarinnar og vinnuhópsins kemur ítrekað fram að FME hafi verið alltof fámenn stofnun; starfsmönnum hafi ekki fjölgað að samhliða aukinni ábyrgð og nýjum verkefnum með útbenslu íslenska bankakerfisins. Starfsmannavelta var mikil og „óvenjuskadleg að því leyti að stofnuninni hélst ekki á reynslumeira fólki og fólki með tiltekna menntun“.

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME, vitnar um það fyrir

Skýrsluhöfundar um Jónas Fr. Jónsson

„Í lögum er kveðið á um að forstjóri Fjármálaeftirlitsins skuli búa yfir „viðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði“. Þegar Jónas Fr. Jónsson var ráðinn hafði hann fimm ára reynslu sem framkvæmdastjóri innra markaðssviðs Eftirlitsstofnunar EFTA í Brussel. Hann hafði aftur á móti ekki beina reynslu af störfum í bönkum eða fjármálafyrirtækjum og þar með ekki þá þekkingu og starfsreynslu sem slík störf hefðu skilað. Vissulega takmarkar smæð íslensks samfélags þann hóp sem hægt er að velja úr en gagnrýna má stjórn Fjármálaeftirlitsins fyrir að hafa ekki gefið þessu sjónarmiði meira vægi við ráðninguna.

Gera má ráð fyrir að farsælla hefði verið að hafa sem forstjóra Fjármálaeftirlitsins á þessum afdrifaríku tímum reyndari þungavigtarmann með sterkari stöðu gagnvart hinni nýju kynslóð bankamanna en jafnaldri þeirra gat haft.“

nefndinni að ástæður mikillar starfsmannaveltu var óánægja starfsmanna með launakjör og starfsumhverfi. Bankarnir buðu jafnframt reynslumesta starfsfólki FME gull og græna skóga sem þynnti út starfsmannahóp FME. Bankarnir nutu því starfskrafta reynsluboltanna sem ýkti bilið á milli starfsmanna bank-



VORU STÓRIR OG STERKIR Starfsmenn stóru viðskiptabankanna þriggja eru sagðir hafa litið á Fjármálaeftirlitið sem óvin. Þeir gengu afar hart fram og nýttu aflsmunar í samskiptum sínum við reynslulítið starfsfólk FME.

Skilyrði sjálfstæðis eftirlitsstofnunar

Sjálfstæði eftirlitsstofnunar eins og FME gagnvart valdi fjármálastofnana og hugsanlegum afskriftum stjórnmalamanna er afar mikilvægt og er skilgreint af skýrsluhöfundum í tvennu lagi. Annars vegar persónulegum þáttum, svo sem hugrekki til þess að sinna ströngu

eftirliti og færni til að greina stöðu banka. Hins vegar út frá stofnanabundnum þáttum og starfsskilyrðum, svo sem valdheimildum, mannafla og fjárhag. „Eigi eftirlitsstofnun að geta rækt hlutverk sitt vel þarf hvort tveggja að vera til staðar.“

sóknarnefndinni, Kristinn Arnar Stefánsson, regluvörður Glitnis, sem vann áður hjá FME, sagði að þar „voru bara krakkar sem voru allt of reynslulaus og voru nýútskrifuð, ... Og það sem við höfðum fram yfir þau í hruninu var að við vorum kannski með fimm til tíu ára starfsreynslu, ... meiri hlutinn af lögfræðingunum var

kannski með ár frá útskrift. Það er ekki gott sko.“

Í skýrslunni kemur fram að starfsmenn bankanna litu á FME sem óvin og öllum aðgerðum stofnunarinnar var mætt af mikilli hörku. Þessu viðmóti átti reynslulítið fólk erfitt með að mæta af nauðsynlegri festu og bankarnir fóru því oft sínu fram. svavar@frettabladid.is



Ert þú örugglega þú?
-tryggjum öryggi í viðskiptum


Samkvæmt lögum um peningabætti er skylt að framvísa gildum persónuskilríkjum

Til að auka öryggi í viðskiptum þurfa allir viðskiptavinir banka, sparisjóða og eignarleigufyrirtækja að sanna á sér deili með því að framvísa gildu skilríki. Gild skilríki eru vegabréf, ökuskirteini og nafnskirteini.

Hafir þú ekki sannað á þér deili er mikilvægt að þú gerir það.


SFF
SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
www.sff.is

Risnukostnaður stóru bankanna þriggja



Mest í móttökur og boðsferðir hjá Landsbankanum

Landsbankinn eyddi langmestum fjármunum í risnu af bönkunum þremur árin 2004 til 2008. Hér til hliðar má sjá hvernig upphæðirnar skiptust á milli kostnaðarliða hjá bankanum.



Landsbankinn varði langmestu í risnu af bönkunum:

Risna bankans áttfaldaðist á fjórum árum

Kostnaður við ýmiss konar risnu, boðsferðir, veisluhöld og veiði, var margfalt hærri í Landsbankanum þegar mest var en í hinum stóru bönkunum. Árið 2007, þegar lengst var gengið í slíkum kostnaði, varði Landsbankinn 751 milljón í risnu, Glitni 336 milljónum og Kaupbing 200 milljónum.

Risnukostnaður Landsbankans á tímabilinu 2004 til 2008 nam 2.054 milljónum. Árið 2004 var hann 94,3 milljónir en eins og fyrr segir 751 milljón árið 2007, og hafði því áttfaldast.

Fram kemur í skýrslunni að upplýsingarnar sem fengust frá Glitni hafi reyndar verið ófullkomnar. Þannig vantar til dæmis allar upplýsingar um risnukostnað Glitnis árin 2004 til 2006.

Miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja var skipting risnukostnaðarinnar milli útgjaldaliða ólík milli bankanna. Þannig varði Landsbankinn mestu fé í boðsferðir, næstmestu í gestamóttökum og því næst veiði og íþróttaviðburði. Kaupbing varði mestu í gestamóttökum og veiði, og Glitni mestu í veiði og viðburði. -sh

30% AFSLÁTTUR

NÝTT BAÐ

Eitt flottasta úrval landsins



Hvítt háglans

162 x 48 sm



122 FULNINGUR Hvítt

122 x 48 sm

til
afgreiðslu
af lager



HVÍTUÐ EIK

92 x 48 sm



HLYNUR

120 x 48 sm



DUCAL Eik/Háglans

80 x 48 sm



104 Epli

120 x 48 sm



104 Hvítt

122 x 48 sm

INNRETTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:



- fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

RANNSÓKNARSKÝRSLA ALÞINGIS

Skýrslan vekur athygli erlendra fjölmiðla:

Geir og Davíð oftast nefndir

Flestir helstu fjölmiðlar Vesturlanda hafa sagt frá skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um banka-hrunið. „Íslenskir ráðamenn sekir um vanrækslu“ er algengasta fyrir-sögnin, og oftast minnst í því samhengi á Geir Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, og Davíð Oddsson, fyrrverandi seðlabankastjóra.

Í norska dagblaðinu Aftenposten er mikið gert úr því að íslenski seðlabankinn hafi hreinlega gleymt að framlengja samning um 500 milljón dala lán frá Alþjóðagreiðslubankanum í Sviss, og þetta sagt ein alvarlegustu mistökinn sem gerð voru.

Breskir fjölmiðlar beina athygli-

inni að Icesave-málinu. Breska ríkisútvarpið BBC segir niðurstöðu skýrslunnar, hvað þetta varðar, þá að „íslensk stjórnvöld hefðu átt að tryggja að breskir sparifjáreigendur á Icesave væru tryggðir í Bretlandi“. Þá hefur grein Eiríks Bergmanns Einarssonar um skýrsluna á vef breska dagblaðsins Guardian vakið nokkra athygli.

Þýska dagblaðið Die Welt skýrir eins frá vinnu nefndarinnar og segir að ummæli dagsins hafi komið í athugasemd lesanda við fréttina á Netinu: „Verið nú svo vænir, elsku Íslendingar, að gera svona líka hjá okkur.“

- gb



Aðalfundur

Aðalfundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 23. apríl 2010 í matsal fyrirtækisins að Norðurgarði, Reykjavík og hefst hann kl. 17:00.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 18. gr. samþykktu félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, viku fyrir aðalfund. Ennfremur er hægt að nálgast gögnin á vefsíðu félagsins www.hbgrandi.is.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 16:30.

Óski hluthafar eftir að ákveðin mál verði tekin til meðferðar á aðalfundinum, þarf skrifleg beiðni um það að hafa borist félagsstjórn með nægjanlegum fyrirvara, þannig að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Hluthafar sem ekki geta mætt á fundinn en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

Stjórn HB Granda hf.

Ábyrgðin hjá bönkunum

Mannfæð og fjárskortur stóðu Fjármálaeftirlitinu helst fyrir þrifum á árunum fyrir hrun, segir Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri eftirlitsins. Hann sér eftir að hafa ekki reynt að stækka og efla eftirlitið hraðar en segir eigendur og stjórnendur bankanna bera höfuðábyrgð á hruni þeirra.

Einn þeirra sjö sem rannsóknarnefnd Alþingis segir að hafi gerst sekur um vanrækslu í aðdraganda hrunsins er Jónas Fr. Jónsson. Hann var forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME) frá miðju ári 2005 til 1. mars 2009.

Þú ert sakaður um vanrækslu í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Vanræktir þú starf þitt sem forstjóri FME?

Nei, ég tel mig ekki hafa gert það. Mér finnst þetta mjög ósanngjörn niðurstaða og finnst hún ekki taka neitt tillit til þeirra aðstæðna sem voru hjá eftirlitinu þegar ég kom þar til starfa og þeirra breytinga sem ég gerði á meðan ég var þarna.

Ég fjölgaði starfsmönnum, þeir voru 35 þegar ég kom á meðan fjármálaeftirlitunum voru 38. Ég fjölgaði þeim í 56 fastráðna og yfir 60 með lausráðnum. Ég náði að auka fjármagn eftirlitsins úr því að vera 300 milljónir í 950. Ég vann í að breyta innra skipulagi og náði að stytta málshraða verulega. Ég setti mikið prógramm í gang til að bæta upplýsingatæknikerfi og ýmislegt annað. Á sama tíma erum við að eiga við markað sem er mjög kvikur, stærstu og öflugustu fyrirtæki landsins. Mér finnst þetta starf sem var unnið ekki metið að verðleikum.

Bankarnir voru á móti eflingu FME

Þú ert gagnrýndur fyrir að hafa ekki brugðist við því að FME var í fjársvelti og gat því ekki vaxið. Hvers vegna sýndir þú ekki ráðamönnum svart á hvítu nauðsyn þess að efla eftirlitið verulega eftir að þú komst til starfa?

Ég gerði það, ég skilaði reglulega skýrslum til Alþingis um þetta efni. Vandamálið var að á árunum 2003 til 2005 margfölduðust bankarnir að stærð. Á sama tíma, áður en ég tók við sem forstjóri, fjölgaði starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins um þrjá. Þarna sat eftirlitið eftir og við þurftum að reyna að vinna þetta upp. Ég er ekki viss um að það hafi verið hægt að ná því í gegn að stækka eftirlitið hraðar en við gerðum. Það er, eftir á að hyggja, eitthvað sem ég sé eftir að hafa ekki reynt. Ég hefði átt að reyna að stækka enn þá meira og enn þá hraðar. Bankarnir voru mikið á móti því að eftirlitið fengi aukið fjármagn eða auknar valdheimildir, sérstaklega í upphafi.

Í skýrslunni kemur fram að starfsmannavelta FME hafi verið afar mikil, starfsmenn embættisins hafi verið reynslulausir og í raun varla átt séns í sérfræðinga bankanna. Ért þú sammála þessu?

Starfsmennirnir voru ekki reynslulausir, en þeir voru oft á tíðum reynsluminni. Fólk var keypt út úr eftirlitinu í miklum mæli. En við vorum með stíft ráðningarferli og vorum að ráða gott fólk. Það vantaði kannski upp á reynsluna, en það var verið að þjálfa fólk mjög hratt, og við vorum með ákveðið prógramm í gangi til þess. Þetta var sú staða sem við vorum í.

Hefðir þú átt að sjá veikleika fjármálakerfisins, vara stjórnvöld við og annaðhvort benda á leiðir til úrlausnar eða koma að vinnu við það ásamt stjórnvöldum?

Fjármálaeftirlitið lýtur ákveðnum lögum. Hlutverk þess er að



HORFT UM ÖXL „Það er alltaf hægt að horfa á hlutina eftir á og hugsa um hvað hefði getað gerst. En miðað við þær upplýsingar og mannskap sem ég hafði held ég að það hefði verið erfitt að bregðast öðruvísi við,“ segir Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

gæta þess að fjármálaþyrskotin fari að lögum, og á meðan þau brjóta ekki lög er erfitt um vik að gera eitthvað. Í þessu tilviki hrundi kerfið. Það var eitthvað sem við sáum ekki fyrir, en við vorum í því að afla upplýsinga. Eins og fram kemur í skýrslunni var viðbúnaðarhópur okkar á fullu að safna upplýsingum.

Skýrsluhöfundar segja að hópurinn hafi ekki metið stöðuna rétt. Við reyndum að lesa út úr þessu eins og við best gátum, en það virðist vera samkvæmt þessari skýrslu að við höfum hreinlega verið blekkt. Rangar upplýsingar hafi farið til stjórnvalda og eftirlitsaðila. Það er mjög alvarlegur hlutur, því það þýðir að stjórnvöld hafi verið í blindflugi.

Gerðuð þið nóg af því að sannreyna upplýsingar frá fyrirtækjunum, til dæmis með því að fara í vettvangsrannsóknir?

Hér komum við aftur að starfsmannaveltunni. Vettvangsrannsóknir eru tímafrekar og kosta mannafla. Það var mikill vilji til að auka þessar rannsóknir, eins og sjá má í ársskýrslu eftirlitsins 2007. Á árunum 2007 og 2008 fjölguðum við mikið eftirlitsheimsóknunum.

Gagnrýni á álagspróf lítið rökstudd

Í skýrslunni er hörd gagnrýni á álagspróf FME, og að stofnunin hefði haldið áfram að nota þau þrátt fyrir gagnrýni, til dæmis frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þá er gagnrýnt að FME hafi treyst um of á álagsprófin gæfu rétta mynd af stöðu bankanna. Voru það mistök að treysta á prófin?

Mér finnst þetta vera frekar lítið rökstutt í skýrslunni, og er svolítil eftiraskýring. Álagsprófin eru aldrei betri en forsendur þeirra og þau gögn sem fóru í þau. Gögnin komu úr uppgjöllum bankanna. Forsendurnar voru svo auðvitað alltaf birtar, svo markaðurinn gat metið þær sjálfur.

Álagspróf björguðu ekki bönkunum í Bandaríkjunum og Bretlandi, ekki frekar en hér. Þetta eru bara tæki, það voru engin álagspróf sem gátu spáð fyrir um þessa ofboðslegu fjármálakrísu sem varð.

Þessi próf voru birt að tillögu sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og hann hefði væntanlega ekki lagt það til ef hann hefði talið þau mjög gölluð. Auðvitað mátti þróa álagsprófin frekar, sem við vorum raunar byrjuð á, en það var engin hörd gagnrýni á að þetta væri ómögulegt.

Skýrsluhöfundar gagnrýna að

FME hafi haldið málum of lengi í óformlegu ferli í stað þess að grípa til aðgerða. Hvers vegna brást FME ekki harðar við brotum?

Ég svaraði þeim einstöku málum sem skýrsluhöfundar tilnefna í mínum andsvörum. Öll þau mál voru í ákveðnu ferli, en auðvitað er alltaf spurning hvenær menn grípa til ákveðinna aðgerða. Svo komu heimildir til að leggja á stjórnvaldssektir vegna stórra áhættuskuldbindinga ekki fyrr en um mitt ár 2007. En það verður eiginlega að útskýra hvert mál fyrir sig.

Landsbankinn ekki sammála

Í skýrslunni er einmitt nefnt tilvik frá árinu 2005, þar sem lán Landsbankans til Björgólfs Thors og tengdra fyrirtækja námu um 50 prósentum af eiginfél banksins. Þar kemur fram að þar hefði FME átt að benda lögreglu á lögbrot sem þar virðist hafa verið framið. Hvers vegna var það ekki gert?

Þarna er ágreiningur um tengsl Björgólfs Thors [Björgólfssonar] og Actavis. Við töldum þar um tengda aðila að ræða en Landsbankinn var því ekki sammála. Auðvitað tók þetta mál lengri tíma en æskilegt hefði verið, en það helgaðist af því að það vantaði mannskap, og megníð af þeim mannskap sem vann að rannsókninni lét af störfum.

Svo má ekki gleyma því að það eru gerðar mjög stífar kröfur um málsmeðferð, sönnun og fleira. Málinu lauk í mars 2007 með ákvörðun okkar sem þeir mót-mæltu, en skömmu síðar tók Björgólfur Thor yfir Actavis og ágreiningurinn var úr sögunni. Málið leystist eins og við vildum, áttum við þá að krefjast þess að menn færu í fangelsi? Það var ekki raunhæft.

Þegar þú horfir til baka, sérðu eitthvað sem þú hefðir átt að gera til að afstýra hruninu eða milda höggið þegar það kom?

Það er alltaf hægt að horfa á hlutina eftir á og hugsa um hvað hefði getað gerst. En miðað við þær upplýsingar og mannskap sem ég hafði held ég að það hefði verið erfitt að bregðast öðruvísi við. Hins vegar er það eitthvað sem við eigum að læra af. Við eigum að skoða hvað fór úrskeiðis, og ég mun auðvitað leggja mitt af mörkum til að það megi draga lærdóm af þessu.

Hver ber ábyrgð á hruninu?

Eigendur og stjórnendur bankanna að sjálfsögðu. Þeir tóku viðskiptaákvæðanirnar. Það sýnist mér vera meginniðurstaðan í skýrslunni.

brjann@frettabladid.is



JARÐHITAFÉLAG ÍSLANDS heldur tíu ára afmælisþing sitt í dag klukkan 14.30 í Viðgelmi, Grens-ásvegi 9. Umhverfisráðherra mun meðal annars ávarpa þingið sem er öllum opið. jardhitafelag.is

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Geymslu- og dekkjahillur

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

kr.15.990.-
viðbótareining kr. 10.527.-

Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smeltt saman

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS



„Eitt er að fara til útlanda og annað að spila á tónleikum og hvað þá að spila í nýrri borg kvöld eftir kvöld,“ segir Ólafur Jónsson, gítarleikari Hudson Wayne.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRAMTAK BLOSSI ehf

ÖRHREINSIR

– með náttúruna á breinu –

Fyrir rotþrær og skolpleiðslur

Örhreinsir er lífrænt efni sem flýtir fyrir eðlilegri rotnun. Bestur árangur næst með reglubundinni notkun þessa undraefnis.

UNISERVICE

Vesturhrauni 1-210 Garðabæ Sími 535 5850-www.framtak.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Í pönkaraveislu í Berlín

Ólafur Jónsson, gítarleikari hljómsveitarinnar Hudson Wayne, þurfti að búa sig vel undir tónleikaferð sem sveitin hélt í til Þýskalands og Austurríkis í byrjun mars. Hann segir mikilvægast að drekka „lókal“.

„Áður en við lögðum af stað hafði ég ekki hugmynd um hvað ég hafði látið plata mig út í. Eitt er að fara til útlanda og annað að spila á tónleikum og hvað þá að spila í nýrri borg kvöld eftir kvöld,“ segir Ólafur Jónsson, gítarleikari hljómsveitarinnar Hudson Wayne sem hélt í tónleikaferð til Þýskalands og Austurríkis í byrjun marsmánaðar ásamt Seabear. Ólafur hefur verið í fríi frá tónlistarbransanum í þónokkurn tíma, en hóf nýlega að leika með Hudson Wayne sem heldur fyrstu tónleikana eftir Þýskalandsferðina í Þjóðleikhúsjallaranum annað kvöld.

Alls léku Hudson Wayne og Sea-

bear átta tónleika í jafnmörgum borgum í ferðinni. Í Þýskalandi var troðið upp í Hannover, Duisburg, Hamborg, Leipzig, Berlín, Dresden og München, en síðustu hljótleikarnir í ferðinni fóru fram í Vín í Austurríki. Að sögn Ólafs var vel mætt á alla tónleikana, enda eigi Seabear dyggan aðdáendahóp á þessum slóðum.

Ólafur segir mikilvægt að drekka bjór sem er framleiddur í borginni sem fólk er stött í hverju sinni. „Að drekka „lókal“ bæði stækkar bjórdeildarhringinn og veitir nauðsynlega jarðtengingu við þann stað sem maður er á á hverjum tíma.“

Spurður um eftirminnilegt atvik úr ferðinni nefnir Ólafur mikla hústökufólks- og pönkaraveislu sem meðlimir Hudson Wayne sóttu í Berlín. „Partíð var haldið í risastóru fjölbýlishúsi sem gestgjafarnir höfðu tekið yfir. Það var mjög sérstakt að rölta níðþröngan stiga niður í kjallara, þar sem á móti okkur tóku mörg þúsund pönkarar, allir með hundrað göt í andlitinu og hanakamb, að hlusta á tónlist og drekka. Ég hugsa að það væri ómögulegt að lenda í svona teiti hérna á Íslandi nema 3.000 nýir pönkarar yrðu til á einni nóttu,“ segir Ólafur Jónsson.

kjartan@frettabladid.is

-15% afsláttur

af sumardekkjum og jeppadekkjum!

BÍLKÓ


ATH. OPIÐ Á LAUGARD. KL. 10-14

Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

Á FÉRÐINNI

BÍLALEIGA AKUREYRAR hefur fengið vottun samkvæmt sérstökum ISO-gæðastaðli og er fyrsta bílaleigan hérlandis til að stíga þetta skref.



teg. Romance - glæsilegur með fyllingu í B,C,D,E,F,FF,G skálum á kr. 6.885,- blúndubuxur í stíl á kr. 2.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.

Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is



Takk fyrir vatnið

907 2002



Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

VÍSIR.IS

"...ég sá það á vísi"

Safnar furðulegum söfnum

Sigurjón B. Hafsteinsson, lektor í safnafræði við HÍ, heldur námskeið hjá Endurmenntun 19. apríl. Það kallast Þetta er auðvitað bilun! Pasta, typpi, sinnep og trúðar, og fjallar um furðuleg söfn um allan heim.

Furðulegir safnarar, söfn sem sérhæfa sig í sýningum á furðum heimsins og söfn á mörkum skynseminnar eru meðal þess sem verður fjallað um á námskeiðinu „Þetta er auðvitað bilun!“. Pasta, typpi, sinnep og trúðar, í Endurmenntun Háskóla Íslands mánudaginn 19. apríl frá 19.15 til 22.15.

„Eitt af því sem mér hefur fundist heillandi við greinina eru furðuleg söfn og safnarar,“ segir Sigurjón B. Hafsteinsson, lektor í safnafræði við HÍ, sem verður leiðbeinandi á námskeiðinu. Þar veltir hann meðal annars fyrir sér hver sé munurinn á skynsömum og óskynsömum safnara og í hvaða tilgangi mannskepnan safni.

Sigurjón er beðinn um að nefna nokkur furðuleg söfn. „Hið íslenska reðasafn á Húsavík hefur til dæmis í mörg ár farið inn á lista erlendis yfir eitt af tíu furðulegustu söfnum í heimi,“ segir hann en furðulegasta safn sem hann hefur heyrt um er safn í Póllandi sem að sögn safnar kjöllumur.



Sigurjón segist sjálfur engu safna nema ef væri hugmyndum um furðuleg söfn sem hann ætlar að kynna á námskeiði Endurmenntunar HÍ mánudaginn 19. mars.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Af furðulegum söfnum sem hann sjálfur hefur upplifað nefnir hann bandaríska náttúru-minjasafnið í New York. „Það er ótrúlega umfangsmikið og þar eru endursköpuð heilu vistkerfin.“ Einnig læknaminjasafnið í Fíladelfíu, Mutter Museum. „Þar eru leifar af manns-

líkum og beinagrindum og ýmsu öðru.“

Hann segir fjölda safna í heiminum ótrúleg og tekur dæmi af sláttuvélasafni í Bretlandi og söfnum sem snúa að sögusögnum um Loch Ness-skrímslið og Stórfeta í Bandaríkjunum. Þá séu sum söfn þematengd og sérhæfi sig í hlutum á borð við trúða, nornir, sinnep og jafnvel pasta.

Námskeiðið er opið öllum en Sigurjón býður safnara sérstaklega velkomna.

solveig@frettabladid.is


Handsnyrting með lökkun
Verð: 4.500.- kr.



Tilbóðid gildir til 1. maí 2010

Allt í húsbílinn...

...í settum fyrir handlagna



**Gasmiðstöðvar
1900 - 2800W**



**Vatnshitarar
13L gas / 220V**



Sólarsellusett í úrvali.

Rótor ehf býður upp á viðgerðapjónustu á rafbúnaði húsbíla og vagna ásamt uppsetningu og tengingu á þeim búnaði sem við seljum á einu besta þjónustuverkstæði landsins.



VERSLUN / VERKSTÆÐI

Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður
Sími 555 4900

Húsbílapjónusta og fylgihlutir í ferðalagið



Viðgerðir



Kælikápar



Reiðhjólgrindur



Ferðasalerni



Fortjöld

Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á www.rotor.is lang - stærsti húsbílavefurinn

Losaðu þig við 1 kg á viku

Velkomin á opið hús

Komdu og fáðu ástandskoðun, BMI og fitumælingu, mittismælingu og blóðþrýstingsmælingu þegar þú kemur á opið hús fimmtudaginn 15 apríl 2010

Við bjóðum upp á fría ráðgjöf • vikuplan • uppskriftir • smakk • mæliband á meðan birgðir endast



Á Garðatorgi í Garðabæ

Fimmtudaginn 15. apríl 2010 kl 16.00–17.30

Í Reykjanesbæ, Grófinni 8

Þriðjudaginn 20. apríl 2010 kl 16.30–17.30

Komdu og taktu þátt í fræðslu um hollt matarræði án þess að skuldbinda þig



vigtarradgjafarnir.is

Sími 865-8407



Hvítahúsið í landi Skjaldar í Helgafellssveit.

WWW.BUNGALO.IS

Hittu naglann á höfuðið

Sumarbústaðavefurinn www.bungalo.is fór í loftið fyrir mánuði og hefur þegar skapað sér vinsældir, að sögn Hauks Guðjónssonar, annars tveggja frumkvöðla sem að honum standa.

„Við erum þegar komnir með 25 bústaði skráða inn á vefinn okkar, bungalo.is, og umferð um hann eykst stöðugt svo þetta hefur gengið vonum framar,“ segir Haukur hress enda fengu hann og félagi hans, Steinar Ingi Farestveit, viðurkenningu fyrir framtakið í frumkvöðlakeppninni Gulleggið.

Bungalo.is skapar ný tækifæri, bæði fyrir þá sem vilja leigja út bústaði sína og hina sem vantar slíkt afdrep tímabundið því sameiginlegur vettvangur hefur ekki verið fyrir hendi, að sögn Hauks. „Það er frítt að skrá bústaðina og okkur vantar fleiri því margir þeirra sem við erum komnir með eru þétt bókaðir, bæði gegnum okkur og aðra,“ lýsir hann og segir flesta þeirra sem komnir eru á skrá hafa verið í leigu áður. Hitt sé líka til að fólk leigi út einkabústaði sína þegar það sé ekki að nota þá sjálft og bendir á að þannig geti



Þeir Haukur og Steinar fengu nýlega viðurkenningu frá Innovit fyrir bungalo.is sem var ein af topp 10 viðskipta-hugmyndum í frumkvöðlakeppninni Gulleggið.

MYND/ALFHEIÐUR EMILSDÓTTIR

það aukið tekjur sínar verulega. „Við erum milliliðir eins og er og hjálpum fólki að komast í samband en vefurinn er í þróun. Þar erum

við að útbúa bókunarkerfi sem kemur til með að verða sjálfvirk. Þeir eigendur sem hafa áhuga á að leigja út bústaði sína hluta úr árinu geta þá merkt inn í kerfið hvenær þeir sjálfir ætli að nota þá og við sjáum um að leigja þá út afganginn af tímanum.“

Haukur segir þá félaga vera með ákveðna tékklista þar sem fram komi það helsta sem bústaðurinn hefur upp á að bjóða. Þannig geti fólk séð nákvæmlega mun á verði og aðstöðu og hagað vali sínu eftir því. Sumir sækist eftir munaði en aðrir einfaldleika. „Heiti potturinn er alltaf sterkur póstur,“ segir hann brosandi.

Þótt enn vanti bústaði á vefinn frá sumum landshornum kveðst Haukur sjá fram á að www.bungalo.is verði innan skamms orðinn stærsti gagnagrunnur um bústaði á landinu sem opin sé almenningi.

gun@frettabladid.is



Úr bústað Eyjasólar í Biskupstungum.

MYND/WWW.BUNGALO.IS



Úr Náthaga við Sandgerði.

MYND/WWW.BUNGALO.IS



Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar,
hitastýringar og flest
annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu
sem við kemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Rafstilling ehf

Viðgerðarþjónusta
Varahlutir

Startarar
Alternatorar

Flottar og ódýrar
bílaperur

Heimilis LED perur
white og warm white

Duggavogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

**ÞESSI ER
MEÐ TUDOR**

Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja
mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • skorri.is
opið virka daga frá 8:15 - 17:30

TUDOR
fæst í Sólningu Kópavogi, Njarðvík og Selfossi
og Barðanum Skútvogi



RECARO



0-13kg.



9-18kg bakvísandi



9-18kg



15-36kg



9-36kg

Bílasmiðurinn hf, Bídshöfða 16, 110 R. S-5672330 www.bilasmidurinn.is

Nám í svæðameðferð

Vegna forfalla eru tvö laus pláss á vorönn.

Kynningarnámskeið verða haldin 21. 28. og 29. apríl
frá klukkan 17:30 - 19:30. Nám byrjar 6. maí n.k.
Einnig verður **Baknuddnámskeið** helgina 17-18. apríl
frá kl 10:00 - 14:00


Sjá nánar á www.heilsusetur.is
Upplýsingar í síma 5521850 og 8969653

Geymsluhillur - fyrir alla muni

ALVÖRU

Geymsluhillur

Í bílskúrinn og geymsluna
fyrir sameignina og dekkinn
og fyrir fyrirtækin í landinu!



15.720 kr
+ 10.490
næsta bíl

- auðvelt að smella saman
- þola mikið álag



Skemmuvegur 6 - Blá gata - Kópavogur
Sími 511-1100

Verð eru án VSK

Skoðaðu nánar á - WWW.RYMI.IS

Blaðberinn bíður þín

Þú færð **Blaðberann þinn** í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



Gunnuhver – Reykjanesviti í baksýn.

MYND/OLGEIR ANDRÉSSON

Gunnuhver opnaður á ný

Framkvæmdir standa yfir við Gunnuhver á Reykjanesi til að bæta aðgengi ferðafólks að hverasvæðinu. Almannaþingur lokaði svæðinu af öryggisástæðum fyrir tveimur árum þegar aukin virkni hljóp í hverinn.

Gunnuhver á Reykjanesi hefur verið vinsæll áfangastaður ferðamanna. Undanfarin tvö ár hefur þó ekki verið hægt að skoða hverinn þar sem almannaþingur lokaði háhitasvæðið af þegar aukin virkni hljóp í hverinn. „Svæðið hefur verið mjög virkt undanfarin tvö ár og soðið upp úr víða,“ segir Kristján Pálsson, formaður ferðamálasamtaka Suðurnesja. Samtökin höfðu lagt á það áherslu að svæðið yrði opnað að nýju. Þeim hefur orðið að ósk sinni því framkvæmdir eru hafnar við Gunnuhver.

„Búið er að leggja stíg í gegnum



Kristján Pálsson, formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja.

hverasvæðið og fljótlega förum við af stað með byggingu útsýnispalls við hverinn sjálfan þar sem hann er heitastur,“ segir Kristján. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki í mánuðinum og að svæðið verði opnað

ferðamönnum á ný í maí.

Þeir sem vinna við endurbæturn-

ar eru HS Orka, Grindavík, Reykjanesbær, Ferðamálastofa ásamt Ferðamálasamtökum Suðurnesja. „Að mínu áliti er svæðið skemmtilegra nú en það hefur nokkurn tíma verið,“ segir Kristján og telur upp það sem fyrir augu ber. „Þarna er gufuútspreymi, leirhverir og litadýrð.“ Þá telur hann allt svæðið í kring mjög áhugavert fyrir ferðamenn. „Þar má telja Bláa lónið, Reykjanesvita, Reykjanesvirkjun sem skemmtilegt er að heimsækja, björgin og fleiri útivistarmöguleika.“

solveig@frettabladid.is

Þjóðsagan um Gunnuhver

Lögréttumaður er bjó á Kirkjubóli á Rosmhvalanesi og hét Vilhjálmur átti ilt útistandandi við kerlingu sem hét Guðrún Önnardóttir út af potti sem hann átti að hafa tekið af henni. Þegar kerlingin var grafin var lögréttumaður þar við en var kallaður í för. Hann fannst daginn eftir dauður á Skaganum og var þá allur blár og beinbrotinn. Allir þóttust vita að Gunna hefði drepð hann og hún væri afturgengin. Vakti prestur yfir líki Vilhjálms og átti fullt í fangi með að verja líkið fyrir kerlingu.

Afturgangan magnaðist og þegar ekkja Vilhjálms dó snögglega var Gunnu kennt um. Þá var henni kennt um flest það sem illa fór á Skaganum.

Nú var komið í óefni og voru sendir menn til að leita ráða hjá séra Eiríki í Vogsósum. Hann fékk þeim hnoða og sagði að þeir skyldu láta Gunnu taka í lausa endann á hnoðanu því það myndi þá sjálf velja þangað sem hún mætti vera að ósekju.

Mennirnir gerðu eins og fyrir þá var lagt og um leið og Gunna hafði tekið í lausa endann á hnoðanu valt það á stað og hún fór á eftir. Steyptust bæði hnoðið og Gunna ofan í hver þann suður á Reykjanesi sem síðan er kallaður Gunnuhver. Sumir segja að endinn á hnoðanu hafi verið það langur að Gunna gat staðið hálfbogin uppi á hverbarminum og trítli þannig einatt til og frá kringum hverinn á blábrúninni, hálfbogin.



ALLT HELGIN


Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is
sími 512 5447

Laugardaga

73,8%



23,7%



MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 212% meiri
lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað,
höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

DEKK

Sérblað • miðvikudagur 14. apríl



Michelin Energy Saver hjólbarðar

Byltning í gerð hjólbaða. Michelin hefur náð að minnka vegmótsstöðu umtalsvert með notkun „Silica“ tækninnar, auk þess sem grip hefur aukist hvort sem er á blautu eða þurru undirlagi.

Michelin Energy Saver er með „GREEN X“ merkingu á hliðinni, sem vísar til þess að dekkið er umhverfisvænt. Energy Saver sameinar alla þá kosti og kröfur sem nútímahjólbarði þarf að byggja á: að vera öruggur, umhverfisvænn og orkusparandi. Energy Saver er með ósamhverft mynstur í bana. Að innanverðu eru fleiri flipar og skurðir sem gefur aukið veggrip. Að utanverðu er kröftugt hliðarmynstur með breiðum vatnslosunaraufum. Breiðar miðjuraufar sjá um að hámarka vatnslosun undan barðanum, en fliparnir minnka hemlunarvegalengdina á blautu undirlagi.

N1 er umboðsaðili fyrir Michelin hjólbarða á Íslandi.



„Undanfarin 3 ár höfum við hjá EuroRAP prófað Michelin Energy Saver dekk á sérstökum mælingabil okkar af gerðinni Mercedes Benz B 200 CDI. Þau framdekk sem fylgdu bílnum upphaflega entust í 18.650 km. Eftir jafn langan akstur áttu Michelin Energy Saver dekkinn hins vegar 41% eftir – en eldsneytiseyðslan var hins vegar mun minni. Dekkin spóruðu 0,67 lítra á hundraðið! Dæmið er augljóst: Michelin Energy Saver dekkinn endast tvöfalt lengur og spara töluvert eldsneyti auk þess að vera hljóðlát og með gott grip við allar aðstæður.“

Ólafur Guðmundsson.
Tæknistjóri EuroRAP á Íslandi,
varaformaður FÍB og dómari í Formulu 1.

Cooper Discoverer ATR hjólbarðar

Alhliða heilsársmustur fyrir jeppa og jepplinga. Virkar frábærlega á vegum og vegleysum. Sérstaklega gert til að gera aksturinn mjúkan og hljóðlátan. Munstrið er míkroskorið með djúpum „zikk – zakk“ laga skurðum sem eykur grip við allar aðstæður ekki síst á blautu undirlagi.

Cooper Discoverer ATR eru endingargóðir og hafa reynst frábærlaga í alla staði við íslenskar aðstæður.

Cooper Discoverer ATR er rétta dekkið fyrir alla jeppaeigendur sem gera kröfur um endingu, veggrip og mjúkan og hljóðlátan akstur.

N1 er umboðsaðili fyrir Cooper hjólbarða á Íslandi



Michelin Pilot Sport hjólbarðar fyrir motorhjól

Þessi hjólbarði er sérlega góður fyrir götu hjól. „Silica“ efnið er uppistaðan í belg og bana. Einstakir akstureiginleikar, frábært grip. Pilot Sport motorhjóladekkinn eru einstaklega fljót að ná upp hita og hafa frábært jafnvægi í hitauppbyggingu milli fram og afturdekkja. Óviðjafnanlegt grip á þurru og blautu undirlagi. Góð vatnslosun. Pilot Sport motorhjóladekkinn eru dekkinn fyrir þá sem gera kröfur til öryggis og góðra aksturseiginleika.

N1 er umboðsaðili fyrir Michelin hjólbarða á Íslandi



LF Works álfelgur

Gæða álfelgur á frábæru verði frá LF Works. N1 tók þessar felgur í sölu síðasta sumar og fengu þær mjög góðar viðtökur. Felgurnar eru líka til í lit sem heitir euro black. Felgurnar fást í stærðum 14" - 15" - 16" - 17" og 18". Felgur fyrir þá sem vilja gefa bílnum nýtt og glæsilegt útlit fyrir sumarið. Felgur sem vert er að skoða.



● **BLÓMAKER** Þótt við setjum hjólbarða yfirleitt ekki í samband við skraut þá geta þeir orðið að mikilli prýði við hífýli okkar ef þeir eru fylltir af mold og fallegum blómum. Þeir halda vel utan um jarðveginn og gefa rótum jurtanna svigrúm til að teygja sig út í hliðarnar.

Ásdís Pálsdóttir, blómaskreytir í Reykjanesbæ, sýnir á þessari mynd hvernig svartan og áferð dekkjanna mynda flotta andstæðu við litfögur og finleg blómin.



Þeir Hlöðver og Dagur hvetja fólk til að koma með ökutæki sín á verkstæði N1 til að láta yfirfara dekkinn en verkstæðin geta tekið við ökutækjum af öllum stærðum og gerðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Frá smæstu upp í stærstu

N1 býður upp á mesta hjólbarðaurval landsins og státar af merkjum á borð við Michelin, Cooper og Kumho.

„Michelin er sá framleiðandi sem aðrir miða sig við. N1 er umboðsaðili Michelin á Íslandi og bjóðum við Michelin-dekk fyrir fólksbíla, jeppa, vörubíla, motorhjól, lyftara og vinnuvélar svo dæmi séu tekin. Gæði Michelin-dekkja eru ótvíræð og eru þau bæði orkusparandi og endingargóð,“ segir Dagur Benónýsson, rekstrarstjóri hjólbarðapjónustu N1. „Dekkin hafa minna viðnám en önnur, ökutækið rúllar léttar og þannig næst fram orkusparnaður og betri ending. Dekkin eru því umhverfisvænni en önnur og ódýrust miðað við ekinn kílómetra að sögn framleiðenda,“ bætir Hlöðver Sigurðsson, deildarstjóri hjólbarðadeildar N1, við.

Cooper-dekk fást undir fólksbíla, jepplinga og jeppa en Komhohdekkinn aðallega undir fólksbíla og jepplinga. „Síðan erum við með Mitas-dekk sem eru undir landbúnaðarvélar, vinnuvélar og motor-

hjól auk þess sem við bjóðum upp á fjölda annarra tegunda dekkja frá hinum ýmsu framleiðendum til að mæta þörfum sem flestra,“ segir Hlöðver og nefnir Starfire-dekk frá Cooper sem eru fyrir þá sem vilja ódýrari kost og Super Swamp-dekk undir stóra og breytta jeppa.

N1 heldur úti átta verkstæðum sem öll bjóða upp á hjólbarðapjónustu auk almennra viðgerða. Sex eru á höfuðborgarsvæðinu, eitt á Akranesi og eitt í Reykjanesbæ. „Verkstæðin eru búin bestu tækjum sem völ er á og geta tekið við ökutækjum af öllum stærðum og gerðum. N1 er til að mynda umboðsaðili fyrir Corgi-umfelgunarvélar sem þykja afar góðar og flestöll alvöru dekkjaverkstæði nota. Þess má geta að hjólbarðaverkstæði N1 eru með vél frá Corgi sem er sérstaklega hönnuð til umfelgunar á „low profile“ og „run flat“ dekkjum,“ segir Dagur. Hann hvetur fólk til að koma með ökutækin sín og láta sérfróða aðila fara yfir dekkinn. „Það er mikilvægt að mæla ástand og loftþrýsting hjól-

barða en þetta virðist þó oftast ekki gleymast. Ef loftþrýstingurinn er of lítill verður hitauppbyggingin í dekkjunum meiri sem þýðir að þau slitna fyrr. Þá eyða ökutækin meira eldsneyti auk þess sem aksturseiginleikar þeirra minnka,“ útskýrir Hlöðver.

Góð 2.herb íbúð til leigu. S. 858 7573 og 896 3420.

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kiktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Eldriðborgarar

Til leigu 2ja herb. íbúð í Árskógum 8 RVK. Uppl. s. 554 2282 og 867 3825.

Fullbúið herbergi til langtímaleigu í 108 RVK. S. 868 1825.

SKAMMTÍMALEIGU

SKAMMTÍMALEIGU-ÍBÚÐIR-RVK í mið-bænum DRA.is/fyrirspurn á info@dra.is næg bílast 2-10 manna íbúðir

Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð til leigu sem fyrst. S. 692 8425.

Tvær systur óska eftir 2-3 herbergja íbúð í 101/105 frá 1. júní. Reyklausar og afar reglusamar. Elfa (eye7@hi.is, s. 6904068)

Sumarbústaðir

Aukin eftirspurn - Frí skoðun og verð-mat. Jón Rafn hjá Valhöll s. 695 5520.

Sumarhús í Grímsnesi til sölu á fal-legum stað.76 fm + svefnloft.Skipti skoðuð á bíl. Uppl. í S. 857 7227.

Atvinnuhúsnæði

Bíldshöfði (Axarhöfði)

Til leigu 100 fm iðnaðarbil með iðn-aðarhurð og gönguhurð. Uppl. í s. 698 3200.

Til leigu iðnaðarhúsnæði 90 fm í Hraunum Hafnarfirði, stórar innkeyrslu-dyr. Sími 8644755

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggis-myndavélar. S.555 3464.

www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opíð 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Tilkynningar

KÓPAVOGSBÆR

MOSFELLSBÆR

SELTJARNARNESBÆR

Auglýsing um afgreiðslu framkvæmdaleyfis fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur.

Með tilvísan í 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og umsókn Vegagerðarinnar dags. 1. febrúar 2010 og samþykkti bæjarstjórnar Seltjarnarnes-bæjar þann 24. febrúar 2010, bæjarráð Kópavogs þann 25. febrúar 2010 og bæjarstjórnar Mos-fellsbæjar þann 10. mars 2010 framkvæmdaleyfi til handa Vegagerðarinnar fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur og tengdum framkvæmdum frá Fossvöllum að sveitarfélagamörk-um við Ölfus.

Vegarkaffinn sem framkvæmdaleyfið tekur til er um 4,9 km að lengd. Að vestan tengist vegurinn núverandi þriggja akreina vegi ofan við Lögbergsbrekku og að austan, innan sveitarfélagsins Ölfuss, tengist hann núverandi 2+1 vegi um Svínahraun. Framkvæmdinni er lýst nánar í greinargerð Verkfæðistofunnar EFLU: „Suðurlandsvegur frá Fossvöll-um að Draugahlíðum, framkvæmdalýsing vegna framkvæmdaleyfis“, dags. 25. febrúar 2010.

Framkvæmdin er í samræmi við gildandi svæðisskipulag eftir breytingu sem staðfest var 4. september 2009. Hún hefur fengið meðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og skal leyfshafi taka fullt tillit til álits Skipulagsstofnunar dags. 9. júlí 2009. Álitid í heild sinni liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, laugavegi 166, 150 Reykjavík og er einnig aðgengilegt á heimasíðu stofnunarinnar, www.skipulags.is, ásamt matskýrslu Vegagerðarinnar. Nánari lýsingu á framkvæmdinni í heild sinni er að finna á www.efla.is/pages/1070. Framkvæmdaleyfi þetta er kæránlegt til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu auglýsingar þessarar.

13. apríl 2010,

Skipulagsstjóri Kópavogsbæjar, Skipulagsfulltrúi Seltjarnarness, Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar.

Fundir / Mannfagnaður



Ársfundur Veidimálastofnunar 2010

Haldinn fimmtudaginn 15. apríl 2010 í Bíósal, Hótel Loftleiðum

Dagskrá:

- 14:00 Fundur settur.
- 14:05 Ávarp Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Jón Bjarnason
- 14:15 Yfirlit um starfsemi Veidimálastofnunar. Sigurður Guðjónsson
- 14:30 Veidin 2009 og veiðihorfur sumarið 2010. Guðni Guðbergsson
- 14:50 Kaffihlé.
- 15:20 Nýrnaveiki og PKD-sýki. - Ögn við villta lax fiskastofna á Íslandi ?
Árni Kristmundsson, Fisksjúkdómadeild, Tilraunastöðvar Háskóla Íslands, Keldum
- 15:40 Sjöbleikja í Hvítá í Borgarfirði. Staða bleikju á Íslandi.
Ingí Rúnar Jónsson
- 16:00 Fundarslit.

Allt áhugafólk er velkomið á fundinn

Bílskúr

Góður bílskúr 60fm bílskúr í Garðabæ til leigu Upplýsingar í síma 8637341

Gisting



GISTING Í KAUPMANNAHÖFN
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Fasteignir



Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

Hrauntunga 64 - eftirsótt staðsetning



Vel staðsett tvílyft 212 fm parhús á eftirsóttum stað innst í Hrauntunga með glæsilegu útsýni. Timburvernd í garði. Við húsið austanmegin er búið að byggja viðbyggingu sem er fókheld, Húsið er laust strax. V. 36,9 m. 5582

OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00

Atvinna í boði



Sjávarkjallarinn
Viltu vinna á einum besta veitingastað landsins? Ertu búin/n að útskrifast í matreiðslu? Við gætum verið að leita að þér! Kíktu á: <http://umsokn.food-co.is>

Veislulist Skútan
Óskar eftir starfsmanni í útkeyrslu og aðstoð í eldhúsi frá kl. 10-14.
Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 555 1810

Vantar matreiðslumann

Óskum eftir duglegum og reglusömum matreiðslumanni til starfa. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Staðurinn heitir Piri Piri. Uppl. í s. 659 3366.

Pylsuvagninn í Laugardal óskar eftir starfsmanni í hlutastarfi. Lágmarksaldur er 18 ára. Áhugasamir sendi umsókn á pylsuvagninn@gmail.com

Au pair. Ísl. læknahjón á Englandi óska eftir barngóðri stúlku (19+) t.a. gæta 2ja drengja: drmatthildur@msn.com

Atvinna óskast

Rafvirkir óskar eftir vinnu í rafvirkjun eða á bílaverkst, en skoða allt s.6950979

Tapað - Fundið



Þessi kerru var af horni Öldugötu og Brekkustígs síðastliðið föstudagskvöld. Hugsanlega er um stríðni að ræða. Reki eitthver augu í hana þætti mér vænt um að hafa spurn af því í S. 551 9792 eða til lögreglunnar í RVK

Tilkynningar



Fyrirverandi viðskiptavinir A. Karlsson takið eftir:

Við viljum benda fyrirverandi viðskiptavinum A. Karlsson á að nú geta þeir snúið sér beint til Frost til að fá þjónustu.

Vinsamlegast hafið samband í síma 464-9400.

Nánari upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu okkar sem er www.frost.is

Kælimiðjan Frost ehf.

Einkamál



SÍMAÞJÓNUSTUR
Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (fritt karlar)
555 4321 (fritt konur)
Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535 9988 (kreditkort)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjallidómur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Frábær ný upptaka: Ung kona sem hefur tekið vel á því í ræktinni undanfarið skoðar sjálfa sig í spegli og skemmtir sér í framhaldið í ljúfum og spennandi einleik. Þú heyrir upptökuna hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8667

Kona með hlýja og yndislega rödd vill kynnað karlmanni á miðjum aldri með ljúfa stund í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8607.

Fullorðinn karlmaður vill kynnað mjög heitum karlmanni. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8116.

Ógift kona á besta aldri vill spjalla við ógiftan mann um sextugt. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8533.

Fasteignir

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA

F A S T E I G N A S A L A N

MIKLABORG

569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is



Óskar R. Harðarson
hdl. og lögg.
fasteignasali



Jason Guðmundsson
hdl. og lögg.
fasteignasali



Ragna S. Óskarsdóttir
MBA Löggiltur
fasteignasali,



Halldór Ingi Andrússon,
lögg.
fasteignasali



Jón Sigfús Sigurjónsson
hdl. og lögg.
fasteignasali



Hilmar Jónasson
sölufulltrúi



Heimir H. Eðvarðsson
sölufulltrúi



Elin Viðarsdóttir
lögg.
fasteignasali



Ólafur Finnbogason
sölufulltrúi



Drekavellir

Tilboð óskast!

Stór 5 herbergja 150,1 fm íbúð
Efsta hæð í fjórþýlishúsi
Sérinnangangur af svölum.
Gólfhiti.
Stórar svalir.

v. 26,9 m.



Steinagerði

Frábær staðsetning
130 fm
Lítið einbýli m/bílskúr
Stór garður

v. 36,0 m.



Ásgarður

Gott 130 fm raðhús
Góð staðsetning,
Suðurgarður
Aukaíbúð í kjallara
Skipti óskast á glæsilegu
sumarhúsi

v. 0,0 m.



Hafnargata

Fallegt 200 fm
einbýlishús
Hús á einni hæð, fullbúið
Verönd, heitur pottur
Frístandandi bílskúr
Skipti á eign í Hfj.
eða Rvk.

v. 34,9 m.



Galtalind

Björt 3ja herbergja íbúð
Opíð stórt eldhús
Skipti á stærri eign í
sama hverfi
Þvottahús innan íbúðar

v. 22,5 m.



Flétturimi

Mjög rúmgóð
4ja herbergja
Stærð 112,6 fm
Stæði í bílageymslu
Var upprunalega 5 herb.
Stór timburverönd
Jarðhæð

v. 24,8 m.



Eyrarskógur

*****TILBOÐSVERÐ*****

****FÆST Á 11.5M STGR.****
50 fm hús með góðum
sólþalli
Tvö svefnh. plús 10 fm
svefnskáli með sólþalli
5.200 fm leigulíð
Selst með öllu innbúi

v. 14,8 m.



Blönduhlíð

Falleg tveggja herbergja
Stærð 58,4 fm
Kjallari með sérinnangang
Frábær staðsetning
Fjórþýlishús

v. 15,2 m.



Lambasel

Sérlega fallegt, og bjart
4 góð herbergi
Tvær stofur, borðstofa
Húsið er um 190 fm
Skipti koma til greina á
eign í Hlíðunum.

v. 51,4 m.



Seljaland

Falleg 4ra herb auk bílsk.
Íbúðin er á 2. hæð, 121 fm
Stutt í góðar gönguleiðir
Húsið er nýsteypuviðgert
og málningu lokið í sumar
Leiga kemur til greina

v. 26,9 m.



Langalína

Glæsileg 120 fm 4ra herb
5. hæð - glæsilegt útsýni
Tvö stæði í bílageymslu
Fullbúin án gólfefna

v. 31,4 m.



Rekagrandi

LÆKKAD VERÐ

Mjög falleg 3ja herbergja
83 fm íbúð á 2.hæð
Stæði í bílageymslu
Rúmgóð herbergi
Tvennar svalir
Frábær staðsetning

v. 22,9 m.

BONUS BONUS BONUS BONUS

ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS



598

KR.KG

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



498

KR.KG

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 664 KR.KG. 25% AFSLATTUR



1598

KR.KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 20% AFSLATTUR



398

KR. KG

TILBOÐ
FERSKT NYTT
KJÖTFARS



398

KR.PK

GRÍMS PLOKKFISKUR 400G



René KAFFIPÚÐAR 36 stk 398 kr.
Aðeins 11 kr. bollinn.



1298

KR.STK

BÓNUS STÓRIR NAUTABORGARAR 10x120g



20.000 kaffipakkar í
boði á þessu verði:

398 KR.PK

BKI Classic kaffi
mellanrösted 500g



398

KR. KG

TILBOÐ
FROSID
SPARHAKK

ALLT Í NÚÐLUSÚPUNA



28 KR. PAKKINN

ROOKEE NÚÐLUR 85g PAKKINN / 4 TEG.

BONUS BÝÐUR BETUR

VISA

Rannsóknarskýrslan staðfestir að stórir eigendur völsuðu um bankana á kostnað almennings.

Rotið kerfi

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis staðfestir þá mynd sem birt hefur smátt og smátt í fréttum eftir að bankakerfið hrundi; í bönkunum var orðið til rotið kerfi, þar sem stóru eigendurnir völsuðu um og misnotuðu stöðu sína, á kostnað smærri hluthafa og sparifjáreigenda.

Krosseignatengslin í bankakerfinu, en þau setur rannsóknarnefndin fram á myndum, sem eru hinum almenna lesanda óskiljanlegar vegna þess hve flókin þau eru, sköpuðu áhættu sem átti sinn þátt í að fella kerfið. Þannig bendir nefndin á að sömu fyrirtækjahóparnir hafi skapað áhættu í mörgum bönkum. Skýrasta dæmið hafi verið Baugur Group, sem myndaði stóra áhættu í öllum bönkunum. Bausgjölskyldan í heild „myndar svo stóra áhættu hjá bankakerfinu að fullyrða má að enginn bankanna hafi haft efni á að gjaldfella lán á aðila tengda



þeim, vegna hugsanlegra keðjuverkandi áhrifa,“ segir rannsóknarnefndin. Hún telur að Baugur og tengd félög hafi af þessum sökum haft tangarhald á bönkunum, sem héldu áfram að lána og lána.

Sama máli gegndi um Existu, Björgólfsfeðga og Ólaf Ólafsson, þótt nefndin telji að áhætta þeim tengd hafi verið nokkru minni.

Þessi áhætta varð ekki sízt til vegna þess að stærstu lántakendurnir voru einnig stærstu eigendur bankanna og höfðu í krafti þeirrar stöðu óeðlileg áhrif á ákvarðanir um útlán. Rannsóknarnefndin nefnir sem dæmi að Baugur og FL Group hafi beitt ráðandi stöðu sinni í Glitni til að hafa áhrif á lánveitingar. Lánveitingar til nýrra eigenda og stjórnenda Glitnis hafi aukizt verulega eftir stjórnar- og forstjóraskipti vorið 2007. „Því bera dæmin um Baughópinn og Fonshópinn vitni,“ segir nefndin. Þessi niðurstaða setur athugasemdir forsvarsmanna þessara fyrirtækja við nýlega stefnu skilanefndar Glitnis gegn þeim og starfsmönnum bankans óneitanlega í nýtt ljós.

Í rannsóknarskýrslunni eru sömuleiðis skýrar vísbendingar um að eigendur bankanna hafi misnotað peningamarkaðssjóði þeirra. Tugir þúsunda Íslendinga töpuðu tugum milljarða króna í peningamarkaðssjóðunum þegar bankarnir féllu. Misserin fyrir hrun höfðu sjóðirnir aukið fjárfestingar sínar í verðbréfum, sem tengdust eigendum bankanna. Það telur rannsóknarnefndin ekki tilviljun. Eftir að Baugur varð stór hluthafi í Glitni, jukust fjárfestingar hins fræga Sjóðs 9 í bréfum félagsins, þrátt fyrir erfiðleika þess. Sama átti við í tilviki peningamarkaðssjóðs Landsbankans og Samsonar, félags Björgólfsfeðga. Samson gekk að endurfjármögnun vísri hjá sjóðnum, segir rannsóknarnefndin.

Eigi að takast að endurreisa heilbrigðan fjármálamarkað á Íslandi, þar sem almenningur telur hlutabréf og verðbréf traustan fjárfestingarkost og fyrirtæki geta fjármagnað sig með eðlilegum hætti, er lykilatriði að girða fyrir að þessi leikur geti endurtekið sig. Hluti af því er að hindra að krosseignarhald geti orðið jafnflókið og raun bar vitni. Sömuleiðis þarf að fylgja því fast fram að bankarnir sneiði ekki hjá reglum um áhættustýringu.

Reynslan af bankahruninu sýnir ekki sízt að hefðbundnu, varkáru bankamennirnir sem hafa áhyggjur af áhættu og forðast hana eins og þeir geta, eiga framtíðina fyrir sér. Útrásarvikingarnir gerðu grín að þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Krakkajóga

Ný 4. vikna krakkajóganámskeið hefst 19. apríl hjá Jóga Stúdíó Stórhöfða 17.



Stórhöfði 17
(gengið inn um Veggssport)

2-4 ára » mánudagar klukkan 16:30-17:00

5-7 ára » miðvikudagar klukkan 16:30-17:00

8-10 ára » föstudagar klukkan 16:30-17:00

Skráning í síma 772 1025 og 695 8464

Verð aðeins 5.000 kr.
Nánari upplýsingar á
jogastudio.org

FRÁ DEGI TIL DAGS

Náðuð þið þessu?

Flækjustig íslenska fjármálakerfisins er fyrir löngu orðið alræmt. Og ekki hefur alltaf verið auðvelt fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að hlusta á stjórnendur bankanna reyna að greiða úr því. Grípum aðeins niður í viðtal rannsóknarnefndarinnar við Sigurjón P. Árnason:

„Ég get allveg sagt hvar traustið er til staðar [...] Það er traust á milli stjórnenda Glitnis og stjórnenda Landsbankans, gegnum Lárus og mig og þá. Það er traust í kerfinu frá mér yfir til eigenda




Glitnis – það er til staðar. Það er traust frá eigendum Glitnis inn í eigendur, sem maður lítur alltaf á sem Sígga og Hreiðar, og stjórnendur KB – þar er traust á milli. Það er traust á milli Landsbankans, einkum og sér í lagi gegnum Halldór og þá, við Seðlabankann. Það er fullkomið vantraust á milli Glitnis og Seðlabankans, það er fullkomið vantraust á milli KB og Seðlabankans og það er síðan vantraust hjá stjórnendum Landsbankans og KB en ég held það sé ákveðið traust á milli eigenda Landsbankans og KB. Náðuð þið þessu?“

Tillitssemi

Það verður seint sagt að náttúruöflin á Íslandi séu þekkt fyrir að vera mannskepnunni sérstaklega hlíðholl. Þó koma stundir þar sem þau virðast sjá aumur á okkur. Þannig virðist því til dæmis háttað með eldgosið á Fimmvörðuhálsi. Það hófst fljótlega eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um Ice-save og hætti daginn sem rannsóknarskýrslan kom út og sá okkur því fyrir nógu að tala um í millitíðinni. Þetta kallar maður tillitssemi.

bergsteinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Það sem gerir okkur reið

Rannsóknarskýrslan



Árni Svanur Danielsson
prestur



Kristín Þórunn Tómasdóttir
prestur

Margt gerir okkur reið á Íslandi í dag. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis eru nefndar fjölmargar ásetnings- og vanrækslusyndir sem hafa bitnað á okkur öllum. Sum okkar eiga í vök að verjast og berjast í bökkum, en lífið gengur sinn vanagang hjá öðrum. Öll verðum við fyrir áhrifum af því að trúverðugleiki og traust til stofnana og valdafólks hefur hrundið.

Hruninn trúverðugleiki og svíðandi ranglæti hefur fætt af sér réttláta reiði. Reiðin er eðlilegt og heilbriggt viðbragð við óeðlilegu ástandi. Reiðin er frumtilfinning sem vekur okkur og þenur taugar og hjarta. Reiðin er ekki góður staður til að vera á, en stundum erum við sett á þannig stað.

Fyrir samfélag í kreppu er sinnuleysi og tilfinningadoði hættulegri en reiðin. Sinnuleysið er samfélagsógn. Það er ekki gott að búa í skeytingarlausu og köldu samfélagi þar sem heiðarleiki og velvild eru sniðgengin. Á meðan við erum reið er okkur ekki sama. Reiðin getur gefið kraft til að hefja ferli sem er nauðsynlegt til að breyta því sem er ranglætt og óheilbriggt.

Leiðin frá reiði til sáttar er löng. Það



Skýrslan er birt. Nú rennur upp tími aðgerða. Það dugar

ekki að setja plástur á sár þjóðar sem blæðir vegna ábyrgðarlausrar framgöngu og brotins trausts.

er ekki hægt að stytta sér leið. Við verðum að fá að nefna það sem lætur hjartað okkar slá örur í reiði og sorg. Við verðum að fá að vera reið og tjá það. Hlustum á hjartað sem berst í brjósti okkar.

Skýrslan er birt. Nú rennur upp tími aðgerða. Það dugar ekki að setja plástur á sár þjóðar sem blæðir vegna ábyrgðarlausrar framgöngu og brotins trausts. Góðverk koma aldrei í stað réttlætis. Við þurfum að styrkja lýðræðið, bæta samskiptin og efla samfélagsvitundina á landinu okkar.

Ég bið ykkur afsökunar

Efnahagshrunið

Björgólfur Thor Björgólfsson kaupsyslumaður



Ég undirritaður, Björgólfur Thor Björgólfsson, bið alla Íslendinga afsökunar á mínum þætti í eigna- og skuldabólunni sem leiddi til hruns íslenska bankakerfisins. Ég bið ykkur afsökunar á andvaraleysi gagnvart þeim hættumerkjum sem hrönnuðust upp. Ég biðst afsökunar á að hafa ekki auðnast að fylgja hugboði mínu þegar ég þó kom auga á hættuna. Ég bið ykkur afsökunar.

Ég fagna útkomu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði. Ég kaus að tjá mig ekki mikið um gang mála á meðan vinna nefndarinnar stóð yfir en nú þegar henni er lokið tel ég rétt gera grein fyrir mínum málum. Fyrst af öllu vil ég hér og nú gangast við augljósum mistökum mínum og biðjast afsökunar á þeim. Vissulega get ég gert athugasemdir við margt af því sem í skýrslunni stendur og að mér snýr og mun ég gera það á öðrum vettvangi. Niðurstaða rannsóknarnefndarinnar er hins vegar alveg skýr.

Við vorum miklu færri sem gátum haft bein áhrif á stefnu stærstu fyrirtækja eða stofnana samfélagsins. Ég var einn þeirra sem var í hvað bestri aðstöðu til að hafa áhrif á gang mála. Sú staða sem nú er uppi segir allt um hvernig mér tókst til.

Eigna- og skuldabólan, sem reis líklega hærra á Íslandi en á nokkru öðru byggðu bóli, og hrun fjármálakerfis og gjaldmiðils landsins í kjölfarið, afhjúpa með afgerandi hætti veikleika íslensks efnahagslífs. Gallarnir eru svo augljósir og djúpstæðir að dapurlegt er að heyra menn halda því fram að allt sem að þeim sneri hafi verið í allra besta lagi. Ekkert hafi mátt gera betur. Slíkar yfirlýsingar í rústumum miðjum bera vott um sama ábyrgðarleysið og leiddi til hrunsins.

Ég get sjálfur haldið því fram að ég hafi á hverjum tíma tekið ákvarðanir sem ég taldi skynsamlegar og réttar og ég tel víst að ég hafi engin lög brotið. Í þröngum skilningi hef ég því

allt mitt á þurru. En þegar ég lít í kringum mig og sé afleiðingar hrunsins þá get ég ekki varist sjálfsásökunum. Ég hefði átt að hafa skarpari dómgreind og ég hefði átt að hafa einbeittari vilja til að axla ríkari ábyrgð á hvert stefndi í íslensku viðskiptalífi.

Eins og lesa má í skýrslunni breyttist rekstrarumhverfi bankanna um og uppúr 2006. Fram að þeim tíma var nánast ótakmarkaður aðgangur að ódýru lánsfé í heiminum. Þess saust merki á Íslandi. Fyrirtæki, sveitarfélög, opinber fyrirtæki og heimili söfnuðu upp skuldum. Þetta innflæði fjármagns gaf því skakka mynd af velsæld í samfélaginu. Á þessum tíma urðu til og eflust eignarhaldsfélög, sem þöndust út í krafti ótakmarkaðs lánsfjár, söfnuðu miklum eignum og gríðarlegum skuldum. Þegar fór að leka úr íslensku bankabólunni kom í ljós að íslenska efnahagskerfið var komið að fótum fram. Bankarnir þöldu ekki fall ofurskuldsettra fyrirtækja. Minnstu áföll hefðu feykt kerfinu öllu um koll.

Þetta kerfi hékk þó uppi í rúmt ár áður en það hrundi í október 2008 vegna lausafjárþurrðar. Allir lögðust á eitt að reyna að halda kerfinu gangandi í von um að ytri aðstæður breyttust til batnaðar, einhverjar lausnir myndu eða ástandið á lánsfjármörkuðum skánaði skyndilega. Auðvitað var ástandið verra

eigin hagsmuna og vinna saman. Okkur auðnaðist það ekki. Enginn steig fram og tók af skarið. Allir biðu eftir hinum.

Ég sé nú að það sem ég þó reyndi að gera var ekki alltaf hið rétta eða var of lítið og kom of seint. Ég vildi brjóta upp veikleika bankanna með því að ráða útlenda og reynslumikla bankamenn til Straums. Hugmyndin var að þeir myndu lækna Straum af „íslensku veikinni“ og taka í kjölfar sameiningar við stjórn Landsbankans. Með þessu vildi ég freista þess að draga bankana út úr þröngum og fámennum hring

íslenskra viðskipta. En tíminn hefur leitt í ljós að aðgerðir mínar voru of veikar og komu of seint.

En ég ætla ekki að bera blak af ákvörðunum mínum eða aðgerðaleysi. Hver Íslendingur ber ábyrgð á eigin fjármálum og situr uppi með þær ákvarðanir sem hann tók. Ég er þar engin undantekning. Ég er nú að vinna að uppgjöri skulda minna og mun gera betri grein fyrir því síðar. Ljóst er að þótt miklar eignir mínar renni til lánardrottna mun ég jafnframt starfa í þeirra þágu um ókomin ár, þar til ég hef að fullu gert upp við þá. Ég er stað-

ráðinn í að ljúka því verki með sóma.

Þótt hver og einn beri ábyrgð á sínum fjármálum voru flestir í þeirri aðstöðu að hafa lítt um þróun mála að segja, en verða að búa við afleiðingarnar. Við vorum miklu færri sem gátum haft bein áhrif á stefnu stærstu fyrirtækja eða stofnana samfélagsins. Ég var einn þeirra sem var í hvað bestri aðstöðu til að hafa áhrif á gang mála. Sú staða sem nú er uppi segir allt um hvernig mér tókst til.

Ég bið Íslendinga afsökunar á að hafa ekki staðið mig betur.



HJÓL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

TÖKUM NOTUÐ VEL MEÐ FARIN HJÓL UPPÍ NÝ

BARNAHJÓL

VERÐ FRÁ

19.995



Wheeler PL 500 26"

Stráka og stelpustell

21 GIRA, framdempari

58.995



Wheeler PL 800L 26" GÖTUHJÓL

Comfort dömu og herrastell

21 GIRA (brettasett fylgir)

69.995



SKIPTIMARKAÐUR MEÐ NOTUÐ REIÐHJÓL

20% AFSLÁTTUR Í APRÍL AF AUKABÚNAÐI Á HJÓLIN

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA FÁGLEG RÁÐGJÖF

VIÐGERÐAR OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA



Tobias Klose köfunarkennari



Guðrún Jónsdóttir fjármálastjóri

Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.



2.000 bæklingar með afar djúpum þælingum.



5.000 umslög af heppilegri stærð.



Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.odd.is

SARAH MICHELLE GELLER ER 33 ÁRA Í DAG

„Þú veist ekki hver takmörk þín eru fyrr en þú lætur á þau reyna.“

Sarah Michelle Geller er bandarísk kvikmynda- og sjónvarpsleikkona. Hún sló í gegn sem Buffy Summers í sjónvarpsþáttunum „Buffy and the Vampire Slayer“ og í myndinni „I Know What You Did Last Summer“ frá árinu 2007.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST 14. APRÍL ÁRIÐ 1992

Ráðhús Reykjavíkur vígt

Pennan dag árið 1992 var Ráðhús Reykjavíkur vígt og tekið í notkun en þá voru liðin fjögur ár frá því að Davíð Oddsson, þáverandi borgarstjóri, sem var mikill áhugamaður um framkvæmdina, tók fyrstu skóflustunguna. Samkeppni var haldin um hönnun hússins og voru það arkitektarnir Margrét Harðardóttir og Steve Christer sem báru sigur úr býtum. Bygging hússins olli miklum mótmælum og deilum og kostaði á fjórða milljarð króna. Ekki voru allir jafn hrifnir af útliti þess í upphafi. Það þótti heldur rislitið fyrir svo veigamikla stofnun og margir höfðu heldur séð fyrir sér hátimbraðra höll. Það var ekki síst hið bogamyndaða þak sem varð fyrir gagnrýni en það þótti minna um of á braggana sem byggðir voru á stríðsárunum og



lítil upphefð þótti að. Sömu leiðis höfðu ýmsir áhyggjur af lífríki Tjarnarinnar. Nýja húsið leysti þó þann vanda borgarstjórnar að vera með starfsemi sína úti um allan bæ og var vígslan hin hátíðlegasta.

MERKISATBURÐIR

- 1931 Alþingi er rofið og boðað til kosninga. Miklar deilur koma í kjölfarið.
- 1957 Neskirkja í Reykjavík vígð.
- 1962 Handritastofnun Íslands, sem síðar fékk nafnið Árnastofnun, er stofnuð.
- 1963 Hrímfaxi, önnur af tveimur Víscount-vélum Flugfélags Íslands, ferst við Fornebu-flugvöll í Ósló.
- 1973 Fyrsta hljómplata Iron Maiden, samnefnd hljómsveitinni, kemur út í Bretlandi.
- 1997 Þrír menn ráðast á starfsmann 10-11 við Suður-landsbraut og hrífsa til sín tösku með sex milljónum króna en þeir nást samdægurs.



SÍLAMÁFUR Hefur fengið viðurnefnið „vorboðinn hrjúfi“. MYND/JÓHANN ÓLI HILMARSSON

FUGL VIKUNNAR: SÍLAMÁFUR, “VORBOÐIN HRJÚFI”

Tignarlegur fugl

Meðal fyrstu farfugla er sílamáfurinn, sem hefur fyrir vikið fengið viðurnefnið „vorboðinn hrjúfi“. Fyrstu fuglarnir sjást venjulega kringum mán-aðamótin febrúar-mars, þó aðalkomutími hans sé í apríl. Sílamáfurinn er eini máfurinn sem er alger farfugl, hann yfirgefur landið á haustin og dvelur við strendur Pýreneas-kaga og NV-Afríku á veturna. Sílamáfur er nýr landnemi á Íslandi og fór að verpa hér að staðaldri á þriðja áratugi 20. aldarinnar, fyrst á S- og SV-landi en nú finnst hann um allt land og fer honum fjölgandi, sums staðar á kostnað svartbaks að því er virðist. Sílamáfur líkist svartbaki, en er allmiklu minni og nettari. Full-orðinn sílamáfur er dökkgrár á baki og yfirvængjum, með áberandi dekkri vængbrodda, svarta með hvítum doppum, svartbakur er alsvartur á baki. Fætur sílamáfs eru gulir, en svartbaks bleikir.

Sílamáfurinn verpur í mólendi og graslendi, á áreyrum, holtum, söndum og uppi á fjöllum, oftast við ströndina, en einnig inn til landsins, stundum í félags-skap við svartbak. Hreiðrið er gert úr mosa, sinu og öðrum gróðri, oft staðsett milli steina eða þúfna. Stærsta sílamáfs-varp landsins er á Rosmhvala-nesi, aðallega innan „verndar-svæðis“ Keflavíkurflugvallar. Sílamáfurinn er stundum illa þokkaður, hann sækir t.d. inn í þéttbýli og gerir sig heimakominn við grill og aðrar matarholur. Sömu leiðis eru brauðgjafir við Reykja-víkurtjörn vinsælar, hann veit ekki að brauðið er ætlað öndunum en ekki honum. Þetta hefur verið sérstaklega áberandi í sílaskorti síðustu ára, þegar hungrið hefur gert illilega vart við sig, en sandsíli er mikilvæg fæða fyrir síla-máfinn.

www.fuglavernd.is

ÓLÖF PÁLSDÓTTIR MYNDHÖGGVARI: ER NÍRÆÐ Í DAG

Tíleinkar foreldrunum daginn

Ólöf Pálsdóttir myndhöggvari er níræð í dag. Hún hefur komið víða við á langri ævi og á að baki langan og glæsilegan listferil. „Ég bjó stóran hluta stríðsáranna í Færeyjum, stundaði nám í Kaupmannahöfn, Egyptalandi, Grikklandi og á Ítalíu og var síðar sendiherrafrú í Kaupmannahöfn London, Nígíeríu, Kína og víðar þó ég hafi ekki verið með búsetu á öllum þeim stöðum. Ég hef víðast kunnað vel við mig og alls staðar eignast yndislega vini. Það sem gerir diplómatalífið hins vegar erfitt er að sjaldnast hittir maður vinina aftur þegar leiðir skilja. Hins vegar hefur mér gefist tækifæri til að upplifa margt og eru námsárin í Egyptalandi mér sérstaklega minnisstæð en auk þess var ég viðstödd krýningu Hollandsdrottningar og brúðkaup Karls og Díönu svo dæmi séu nefnd.“

Ólöf var sæmd gullverðlaunum Konunglegu Listakademiunnar í Kaupmannahöfn árið 1955 fyrir verk íð Sonur sem nú er í eigu Listasafns Íslands en meðal verka hennar sem gefur að líta opinberlega á Íslandi í dag eru Tónlistarmaðurinn, stytta af sellóleikaranum Erlingi Blöndal Bengtson á Hagatorgi, Soffía, stytta af stúlku fyrir framan Kvinnaskólann í Reykjavík, Útigangshestur í Norræna húsinu, Gréta í Verslunarskóla Íslands og Ragna í skúlpúrgarði Seðlabanka Íslands.

„Ég hef oft hugsað hvað það hefði nú verið mikið léttara að verða málari og geta sest niður á hvaða hundabúfu sem er með blað og blýant,“ segir Ólöf og lýsir því hversu mikið verk það er að reisa stytta. „Fyrst þarf að móta hana í leir og smíða inn í hana sterkt járnstatíf. Þá er hún steipt í gifs og að síðustu í brons. Þetta er mikið verk og ég er afar vandvirk manneskja en ég hef reynt að vara börnin mín, þau Hildi Helgu Sigurðardóttur blaðamann og Ólaf Pál Sigurðsson bókmenntafræðing, við því enda er það aðallega slítandi og sjaldnast þakkað. Ég hef þó hlotið hinar ýmsu viðurkenningar svo einhverju hefur það skilað,“ segir Ólöf kímín en hún er meðal annars heiðursfélagi í The Royal Society of British Sculptors og hefur verið sæmd íslensku fálkaorðunni auk þess sem verk hennar hafa verið sýnd í virtum sýningarsölum víða um lönd.

Ólöf heldur enn þá stórt og mikið heimili sem hún segir mikið verk en eiginmaður hennar, Sigurður Bjarnason, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, alþingismaður og sendiherra, hefur dvalið á hjúkrunarheimili um nokkurra ára skeið.

„En þú ert hress?“ spyr blaðamaður „Ja, ég veit það ekki. Það er alltaf verið að segja við mig að ég sé svo hress en stundum langar mig mest að svara: Hvað veist þú um það,“ segir hún og hlær. Þú hefur þó húmorinn í lagi? „Já, ef ég hefði hann ekki væri nú ekki eftir miklu að bíða. Við frænka mín Guðrún Vilmundardóttir, ekkjan hans Gylfa Þ. Gíslasonar, sem er nú enn þá eldri en ég, erum sammála um að það sé nú samt hálf óforskammað að verða svona gamall.“

Ólöf segist vera mikill fréttafíkill og fylgist grannt með fréttum. „Ég er samt orðin svo ægilega löt með sjálfa mig í seinni tíð og þegar morgunleikfimin í útvarpinu byrjar, sem ég veit



TÓNILSTARMAÐURINN Styttuna af sellóleikaranum Erlingi Blöndal Bengtson gerði Ólöf í Danmörku og sat hann fyrir á meðan. Hún stendur á Hagatorgi í dag.



HEIMSBORGARI Ólöf var meðal annars við nám í Egyptalandi og bjó í Færeyjum, Kaupmannahöfn og London. Til hægri: Ólöf á vinnustofu sinni á Friðriksbergi í Kaupmannahöfn 1955.

að margar konur gera á gólfteppunum heima hjá sér, þá hleyp ég til og slekk.“

Ólöf ætlar að taka á móti ættingjum og vinum á heimili sínu í dag og er þegar með fullt hús af gestum sem eru komnir frá útlöndum til að heiðra hana með nærveru sinni. „Það er hérna meðal annars erlendum vísindamaður sem er vinur sonar míns en hann hefur verið að rannsaka langlífi. Ég hef nú ekkert náð að spyrja



hann nánar út í það en þyrfti að fá að vita hvar hann stendur.“

Afmælisdaginn tíleinkar Ólöf foreldrum sínum. „Þau komu bæði frá stórum prestsheimilum. Faðir minn Páll Ólafsson, framkvæmdastjóri og ræðismaður, var frá Hjarðarholti í Dölum en móðir mín, Hildur Stefánsdóttir, frá Auðkúlu í Húnavatnssýslu. Þau voru mér afar góð og ég dái þau enn í dag.“

vera@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurveig Guðmundsdóttir kennari,

Margrét Sæmundsdóttir
Gullveig Sæmundsdóttir
Hjalte Sæmundsson
Logi Sæmundsson
Tómas Frosti Sæmundsson
Margrét Thorlacius
Jón Rafnar Jónsson
ömmubörn og langömmubörn.


Porkell Erlingsson
Steinar J. Lúðvíksson
Jenný Einarsdóttir
Jóhanna Gunnarsdóttir
Dagbjörg Baldursdóttir

Góð þátttaka í Krabbaflugunni

Ingvar Ingvarsson og Breki Sigurjónsson báru sigur úr bítum í silungafluguhnýtinga-keppni sem Krabbameinsfélag Íslands efndi til í samvinnu við Stangaveiðifélag Reykjavíkur, Veðihornið og Veðikortið. Keppt var í tveimur flokkum, almennum flokki og unglingaflokki. Ingvar sigraði í almennum flokki og Breki í unglingaflokki, sextán ára og yngri.

Ólafur Vigfússon, veiðimaður og framkvæmdastjóri

Veðihornsins, segir þátttöku í keppninni hafa verið mjög góða. Yfir 220 flugur bárust í keppnina sem var haldin í annað sinn. „Áhuginn reyndist vera gríðarlegur og fjölmargar girnilegar flugur bárust í keppnina,“ segir hann og bætir við að vinningsflugurnar verði settar í framleiðslu og seldar í Veðihorninu og Sportbúðinni, til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands. Þærmunu einnig fást í húsakynnum félagsins að Skógarhlíð.



VINNINGSÞAFARNIR Frá vinstri: Árni Þór Sigurðsson, lenti í 3. sæti í almennum flokki og Ingvar Ingvarsson í 1. sæti. Breki Sigurjónsson lenti í 1. sæti í unglingaflokki og Sigmundur Bragi Gústafsson í 2. og 3. sæti.

MYND/HREINN MAGNÚSSON



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Ari Guðmundsson
veðurfræðingur frá Siglufirði,

andaðist í Norrköping, Svíþjóð, þann 20. mars 2010. Jarðarförin hefur farið fram.

Birgit Guðmundsson og fjölskylda.



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Brynhildur Pálsdóttir
Sléttuvegi 11, áður Safamýri 21,

sem lést þann 8. apríl á líknardeild Landakotsspítala, verður jarðsönginn frá Áskirkju í dag, miðvikudaginn 14. apríl kl 11.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarfélög

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Sigríður, Ragnhildur og Brynhildur Benediktsdætur



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Helgi G. Ingimundarson,
Hjallaseli 55, Reykjavík,

sem lést á Landakotsspítala fimmtudaginn 1. apríl, verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 14. apríl klukkan 13.00.

Rósa Helgadóttir
Þóra Helgadóttir
Ingimundur Helgason
Svanhildur Pétursdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.



Elskulegur eiginmaður minn, stjúpsonur, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,
Jóhann Gunnar Gíslason
vélstjóri,
Borgarholtsbraut 61, Kópavogi,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 6. apríl sl. Útför hans fer fram í Digraneskirkju mánudaginn 19. apríl kl. 15.

Guðlaug Ingibergsdóttir
Sigrún Einarisdóttir
Þorbjörg Jóhannsdóttir
Emil Jóhannsson
Jóhanna Jóhannsdóttir
Jóhann G. Jóhannsson
barnabörn, barnabarnabörn og systkin.

Bjarni Þór Ólafsson
Bunman Truatmakka
Jón Gnarr
Guðrún Kaldal



Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,
Þorleifur Jónsson,
Skúlagötu 40a, Reykjavík, áður bóndi Litla-Langadal á Skógarströnd,

lést 12. apríl 2010 á Landspítalanum í Fossvogi.

Sigurfljóð Jónsdóttir
Margrét K. Jónsdóttir
Guðmundur Jónsson
Ingunn Jónsdóttir
og systkinabörn.

Guðríður F. Guðjónsdóttir



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Sólveig Bjarnadóttir
frá Flateyri,

andaðist á Hrafnistu Reykjavík laugardaginn 10. apríl.

Sigurður Ásgeirsson
Dagur Ásgeirsson
Bergþóra Ásgeirsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Hjördís Björnsdóttir
Sunnavei Traustadóttir
Guðmundur Kristjánsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ásdís Árnadóttir,

verður jarðsönginn frá Langholtskirkju föstudaginn 16. apríl klukkan 13.00.

Árni H. Karlsson
Sigurður G. Karlsson
Davið K. Karlsson
Gauja S. Karlsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Svava Svavarsdóttir
Kolbrún E. Júlíusdóttir
Björgvin Högnason



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Oddur Jónsson,
Hellisgötu 32, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 31. mars. Að ósk hins látna fór jarðarförin fram í kyrrþey.

Sigurður Oddur Oddsson
Hulda Oddsdóttir
Guðbjörg Oddsdóttir
Jón Oddsson
Albert Bjarni Oddsson
Vigdís Birna, Matthildur, Jakob Brynjar, Guðni Oddur, Ísak Bjarki og Laufey Jóna.

Hrönn Harðardóttir
Jón B. Guðnason
Rósmundur H. Rósmundsson



Fyrrverandi sambyliskona mín, elskuleg dóttir, systir, mágkona og frænka,
Kristín Rósa Steingrimsdóttir
frá Torfastöðum 1 Grafningi, Kleppsvegi 108,

lést af slysförum 6. apríl 2010. Verður jarðsönginn frá Selfoskirkju laugardaginn 17. apríl kl 11.00. Jarðsett verður að Úlfjótssvatni. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á björgunarsveitirnar.

Magnús Ingi Guðmundsson
Steingrímur Gíslason
Jensína Sæunn Steingrimsdóttir
A. Jóna Steingrimsdóttir
Árný V. Steingrimsdóttir
Gísli Steingrímsson
Birgir Árdal Gíslason
Sigurður Þór Steingrímsson
Bergur G. Guðmundsson
systkinabörn og fjölskyldur þeirra.

Ægir Stefán Hilmarsson
Björn Magnússon
Friðgeir Jónsson
Ragnheiður Sigmarsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Guðbjörg Bergsveinsdóttir
Sigrún Óskarsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Yngvi Þorsteinsson
frá Drangshlíðardal, áður til heimilis á Hellu

og nú síðast Hvassaleiti 6, Reykjavík, sem lést föstudaginn 2. apríl, verður jarðsönginn frá Áskirkju í Reykjavík, föstudaginn 16. apríl kl. 13.00.

Guðlaug Sæmundsdóttir
Guðlaug Yngvadóttir
Þorbjörg Yngvadóttir
Elín Yngvadóttir
og afastrákar.

Steinar Gíslason
Davið Sigurðsson
Guðrún S. Helgadóttir



Ástkær eiginmaður, faðir, sonur, bróðir, tengdasonur og mágur,
Björn Árnason
kennari, Bakkavör 14, Seltjarnarnesi,

andaðist á líknardeild LSH í Kópavogi þriðjudaginn 6. apríl. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 16. apríl kl.15.00. Þeim sem vildu minnast hans er með vinsemd bent á MND-félagið.

Guðrún Haraldsdóttir
Haraldur, Brynjar og Arnar Björnssynir
Árni Jónsson
Ingunn G. Árnadóttir
Ingvaldur Dagbjartsdóttir
Magnús Haraldsson
Kristín Haraldsdóttir

Gisela Schulze
Stefán Pétursson
Sigríður Gunnarsdóttir
Haukur Örvar Pálmason




Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Adda Valgerður Þorsteinsdóttir
frá Hólmavík, Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 6. apríl á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 15. apríl kl. 15.00.

Jónatan Sigurðsson
Vilborg Birgisdóttir
Eygló Birgisdóttir
Sigurbjörg Birgisdóttir
Steinlaug Birgisdóttir
Guðrún Birgisdóttir
börn, barnabörn og barnabarnabörn.

Unnsteinn Marvinsson
Auðunn Leifsson
Arnar Tryggvason
Gunnar Kristjánsson
Eyjólfur Ólafsson

Afmælistilboð
Fáðu 20% afslátt af
umfelgun og jafnvægis-
stillingu, í dag!



Hjólbarðar
Umfelgun
Jafnvægisstilling

Sparaðu, láttu skipta um dekk hjá Max1

Höldum saman uppá 10 ára afmæli Max1

Tvö verðdæmi:

Umfelgun og jafnvægisstilling á
fjórnum fólksbíladekkjum á 12-16
tömmu stálfelgum:
Fullt verð: 6.240 kr.
Afmælistilboð: 4.992 kr.

Umfelgun og jafnvægisstilling á
fjórnum fólksbíladekkjum á 12-16
tömmu álfelgum:
Fullt verð: 6.945 kr.
Afmælistilboð: 5.556 kr.

Engar tímapantanir - komdu bara!

Spurðu um hvað við getum
gert meira fyrir þig og öryggi
þitt. Komdu á Max1 í dag.

Nýttu þér betri þjónustu á Max1

- Max1 Smurþjónusta
- Max1 Hjólbarðþjónusta
- Max1 Demparþjónusta
- Max1 Rafgeymþjónusta
- Max1 Bremsþjónusta
- Max1 Peruskípti
- Max1 Rúðuvökvaþjónusta
- Max1 Þurrkublaðaþjónusta
- Max1 Þrífþjónusta

Reykjavík: Bíldshöfði 5a og 8, Jafnasel 6,
Knarrarvogur 2, sími 515 7190.
Hafnarfjörður: Dalshraun 5, sími 515 7190.
Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700.

MAX1
BÍLAVAKTIN

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is



4 vikna vörnamskeið hefst 24. apríl

Upplagt til kynningar
fyrir byrjendur.

Innritun og upplýsingar
í síma 561 5620.



www.schballett.is

BALLETTSKÓLI
Eddu Scheving
Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara

Sturlpungar

BAKÞANKAR
Jóns
Sigurðar
Eyjólfssonar

Stundum opna ég íslenskar fornþæk-
sur og glugga í eitt og annað þar. Þetta
er svo gegguð sýn á Ísland sem þar er
sett fram að sannur Íslendingur, búsett-
ur við Miðjarðarhaf, kemst ekki hjá því að
heillast af.

PÓ OFTAST segi frá valdabrétti og víga-
ferlum er gamansemin aldrei langt undan.
Jafnvel á hinstu stundu bregða menn á
leik. Hafa til dæmis orð á því að morð-
vopnið sem stendur út úr þeim miðj-
um sé nú komið í tisku. Höfuð aurasál-
ar einnar er síðan enn að telja peninga
þegar það flýgur af búknum. Má telja
mörg önnur dæmi um gráa gaman-
semi í þessari sagnaveröld.

ÞEGAR ég hef skemmt mér við þetta
gráa gaman gripur heimþrá um sig.

Þá á ég það til að lesa fréttir af
vefmiðlum til að stemma stigu
við því. Ef það dugir ekki til
má alltaf kíkja á bloggsíður
manna sem telja sig alvittra.

ÞESSI skammtur af
íslenskum raunveru-
leika hefur venjulega
dugað sem mótefni
við þeim ljóma sem
fornkapparnir sveipa
landið.

HELDUR var mér því brugðið á mánu-
dag þegar ég las fréttir dagsins en þá fór
ég að rugla veröld sem jafnan er tengd
fornköppum við það Ísland sem nú berst
í bókum.

PÓ ER nokkur munur á. Í stað skóg-
gangs sem þekktist til forna er mönn-
um nú hótað ómögulegu lífi í landinu það
sem eftir er. Í stað drápu, sem er tíma-
frekt verk, fara menn utan og hrista inni-
haldslausar lofræður fram úr erminni.
Í stað þess að leita á náðir Noregskon-
ungs verða menn nú að klingja með kóng-
um í London til að koma ár sinni fyrir
borð í mikilmennskufleyinu. Í staðinn
fyrir brandara eftir banahögg höfum við
Dávíð og Össur sem segja frá anderslit-
um bankanna af svo mikilli list og gam-
ansemi að það verður hrein skemmtilesn-
ing. Í stað Eddu hefði Snorri nú skrifað
Greddu.

SVO koma innlegg eins og tilvitnun Sigga
bank um að laun hans hjá bankanum
hefðu verið svo óheyrilega lág miðað við
laun þeirra sem hann bar sig saman við.

SUMT er svo súrrealískt í þessum nýja
sagnaheimi að meira að segja Snorri
hefði ekki getað látið sér detta það í hug.
Alla vega ekki áður en Árni beiski var
búinn að höggva í hausinn á honum.

myndasögur

■ **Pondus**

Eftir Frode Øverli



■ **Gelgjan**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ **Handan við hornið**

Eftir Tony Lopes



■ **Barnalán**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki



„Líður tíminn alltaf jafn hratt?“

Annað kvöld verður Pétur Gunnarsson rithöfundur gestur á rannsóknarkvöldi Félags íslenskra fræða í húsi Sögufélagsins (Fischer-sundi 3) og hefst dagskráin kl. 20. Erindi sitt kallar Pétur „Lífið er stutt, gleymskan löng“ og mun hann ræða ýmis heimspekileg og aðferðafræðileg vandamál sem hann mátti takast á við í ritun þroskasögu Þórbergs Þórðarsonar, en tvö bindi hennar (ÞÞ í fátæktarlandi og ÞÞ í forheimskunarlandi) komu út 2007 og 2009 og hafa hlotið einróma lof lesenda.

„Þótt snúningshraði jarðar kringum sólu kunni að vera sá

sami í dag og í árdaga gegnir öðru um tíma mannanna, hinn upplifða tíma. Vel fram á síðustu öld lifði fólk landbúnaðarsamfélagsins í eilífum hringdansi, allt sem hafði gerst var rifjað upp og munað. Fólk sem einu sinni hafði litið dagsins ljós náði varla að deyja, svo lifandi var það í stöðugum upprifjunum,“ segir Pétur í kynningu sinni á umræðuefninu.

„Berum þetta saman við okkur hér og nú. Hin óaflátandi stórhrið áreita gerir að verkum að furðu fljótt fennir yfir kennileiti. Fólk sem var á dögum fyrir mannsaldri er gufað upp, jafnvel snilldarverk

fennir í kaf. Kappneyslusamfélagið heimtar stöðuga breytingu, bíllinn í ár má ekki líta út eins og bíllinn í fyrra, byggingar rísa og eru rifnar, stöðugt aðstreymi nýrra „upp-lýsinga“ sópa á brott því sem fyrir var. Uns svo er komið að rithöfundurinn finnur sig í sömu sporum og fyrir tíma ritmáls þegar gleymskan var aflvaki skáldskapar. Hlutverk skáldsins þá var að festa atburðarásina með haganlega samsettum orðum. Á öld holskeflumiðlunar freistar höfundur að rifja upp og reyna að muna í (vonlausri?) baráttu við gleymskuna. Að halda leiðum opnum til minninga, í stað þess

að spóla í hinu glórulausa núí.“

Pétur Gunnarsson lauk meistaraþrófi í heimspeki frá Université d'Aix-Marseille í Frakklandi. Hann er mikilvirkur ljóð- og skáldsagnskáld og þýðandi, auk þess að hann hefur sent frá sér fjölda greina um bókmenntir og menningarmál.

BÓKMENNTIR
Pétur Gunnarsson ræðir hættu gleymskunnar.
FRETTLAÐIÐ/RÓBERT



NÝJAR BÆKUR



Bláa minnisbókin eftir James A. Levine er komin út í kilju hjá JPV. Batuk er ung indversk stúlka sem ætti að vera að leika sér, læra og feta fyrstu skrefin út í lífið. Í stað þess er hún lokuð inni í nót-

urlegu búi í fátækrahverfi í Mumbai þar sem hún er neydd til að uppfylla kynlífsþarfir ókunnugra karla. Batuk spinnur upp ævintýri um silfureyga hlébarða í bláu minnisbókina sína um leið og hún segir frá botnlausri grimmd, niðurlægingu og örvæntingu með rödd barnsins sem hefur glatað sakleysi sínu. Bláa minnisbókin er áhrifamikil saga af fórnarlömbum barnamisnotkunar, saga sem nístir hjartað en vegsamar jafnframt vonina og máttinn sem býr í orðunum. Höfundurinn er lækur sem kynntist hlutskipti indverskra götubarna þegar hann var við störf í Mumbai. Sagan er skáldverk en byggir á reynslu Levine, skýrslum hans og rannsóknum. Guðni Kolbeinsson þýddi.

Á morgun kemur á markað á Íslandi bókin A Powderkeg in Paradise – Lost Opportunity for Peace in Sri Lanka eftir Jón Óskar Sólnes, fyrrverandi framkvæmdastjóra Norrænu friðar-



eftirlitssveitarinnar á Srí Lanka. Í bókinni gerir hann grein fyrir borgarastríðinu á Srí Lanka sem stóð í meira en aldarfjórðung en virðist nú á enda með fullnaðarsigri þarlendrar stjórnvalda á Tamiltígrum. A Powderkeg in Paradise kom nýverið út hjá einu stærsta bókaforlagi Indlands en það sætir miklum tíðindum að íslenskur höfundur fái gefið út eftir sig rit um jafn eldfimt efni á svo framandi slóðum. Dómar eru þegar teknir að birtast í fjölmiðlum erlendis og má nefna að M.R. Narayan Swamy, sem hefur verið afkastamikill í skrifum sínum um átökin á Srí Lanka, segir í umsögn sinni, sem víða hefur birst, að Jón Óskar veiti í bók sinni dýrmæta innsýn í friðarferlið á Srí Lanka: „Á 250 leiftrandi og auðlesnum síðum miðlar Jón Óskar Sólnes ríkulegri og persónulegri þekkingu sinni á átökunum, sem hann aflaði sér sem friðargæsluliði á Srí Lanka, og útskýrir fyrir heiminum hvernig og hvers vegna Tamiltígrar, sem virtust óvígur her, biðu svo illilega lægri hlut.“ Þetta kemur fram í tilkynningu frá dreifingaraðila bókarinnar hér á landi. Swamy bætir því við að bókin sé ómetanleg heimild um framgöngu norræna friðargæsluliða við að lægja öldurnar á þessum slóðum. Jón Óskar Sólnes var um árabíl fréttamaður á Ríkissjónvarpinu en á einnig að baki víðtæka reynslu af friðargæslustörfum, bæði á Balkanskaga og Srí Lanka. Þá var hann um tíma forstöðumaður mannúðarmála hjá stoðtækjaframleiðandanum Össuri. Jón Óskar starfar nú sem fastafulltrúi Samtaka atvinnulífsins í Brussel.

KOM VORNÓTT SING

Vortónleikar

Karlakórs Reykjavíkur 2010 Langholtskirkju

Sunnudaginn 25. apríl kl.17:00 og 20:00
Þriðjudaginn 27. apríl kl. 20:00
Miðvikudaginn 28. apríl kl. 20:00
Laugardaginn 1. maí kl. 16:00

Einsöngvarar: Árni Geir Sigurbjörnsson tenór
Grétar Hallur Þórisson tenór
Jón Bjarki Jónatansson tenór
Karl Jóhann Jónsson baritón
Níels Bjarnason baritón
Sigurður Sævar Sigurðsson baritón
Steinþór Jasonarson bassi

Píanóleikari: Anna Guðný Guðmundsdóttir


Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson



Miðasala er hafin www.karlakorreykjavikur.is

Miðaverð aðeins 2.500 - Tryggið ykkur miða í tíma

NÝTT Í BÍÓ!



SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000		HÁSHÓLA BÍÓ Sími 530 1919	
DATE NIGHT	kl. 6-8-10	CLASH OF THE TITANS	kl. 5:30-8-10:30
DATE NIGHT LÚXUS	kl. 4-6-8-10	DEAR JOHN	kl. 8-10:20
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 5:40-8-10:20	KONGAVEGUR	kl. 5:45-8-10:15
AD TEMJA DREKANN SINN 3D	kl. 3:40-5:50	LOVELY BONES	kl. 10:15
AD TEMJA DREKANN SINN 2D	kl. 3:40	THE GOOD HEART	kl. 5:50-8
NANNY MCPHEE	kl. 3:40	MAMMA GÓÐU	kl. 6
KONGAVEGUR	kl. 3:30-5:45-8-10:15		
BOUNTY HUNTER	kl. 8-10:25		
		facebook.com /smarabio	
BORGAR BÍÓ Sími 462 3500		REGNBÖGINN Sími 551 9000	
DATE NIGHT	kl. 8-10	DATE NIGHT	kl. 6-8-10
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 6	DEAR JOHN	kl. 5:40-8-10:20
		EARTH	kl. 5:45
		SHUTTER ISLAND	kl. 8
		LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 6-9

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ

Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

DATE NIGHT	kl. 6, 8 og 10:10	10
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 5:50, 8, 10:10	12
AD TEMJA DREKANN SINN 3D ISL	kl. 4 og 6 - 3D	L
AD TEMJA DREKANN SINN 2D ISL	kl. 4	L
NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG	kl. 3:50	L
GREEN ZONE	kl. 8	12

SAMBÍÓNN

FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND STÚTFULL AF SPENNU HASAR OG FLOTTUM TÖLVUBRELLUM!

★★★★★
Hollywood Reporter
★★★★★
- Time
★★★★★
- New York Post

CLASH OF THE TITANS 3D

VINSÆLASTA MYNDIN Í USA Í DAG

Sam Worthington úr Avatar er eini maðurinn sem þorir að berjast við grísku guðina Seif og Hades ásamt Meðusu og öðrum skrímslum

ALFABAKKA

CLASH OF THE TITANS 3D	kl. 8-10:30	12
CLASH OF THE TITANS	kl. 5:40-8-10:30	12
AD TEMJA DREKANN SINN 3D M/IsL Tali	kl. 5:50	L
AD TEMJA DREKANN SINN M/IsL Tali	kl. 5:50	L
HOW TO TRAIN YOUR DRAGON M/ensku Tali	kl. 10:30	12
HOT TUB TIME MACHINE	kl. 5:50-8-10:10	12
WHEN IN ROME	kl. 5:50-8-10:10	L
MEN WHO STARE AT GOATS	kl. 8-10:30	12
NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG	kl. 5:50	L
THE BLIND SIDE	kl. 8	10

KRINGLUNNI

CLASH OF THE TITANS 3D	kl. 6-8:10-9-10:30	12
HOT TUB TIME MACHINE	kl. 3:50-6-8:10-10:20	12
AD TEMJA DREKANN SINN 3D M/IsL Tali	kl. 3:50-6	L
ALICE IN WONDERLAND 3D	kl. 3:50	L
SELFOSSI		
CLASH OF THE TITANS	kl. 8-10:20	12
WHEN IN ROME	kl. 5:50-8	L
MEN WHO STARE AT GOATS	kl. 10:20	12

AKUREYRI

CLASH OF THE TITANS - 3D	kl. 8-10:20	12
HOT TUB TIME MACHINE	kl. 8-10:20	12

JÁ

NÚ GETUR ÞÚ FENGIO SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

Seagal sakaður um kynferðislega áreitni

Ung kona hefur kært hasarstjórnuna Steven Seagal fyrir kynferðislegt áreiti á vinnustað. Stúlkan sótti um starf aðstoðarkonu Seagals en komst að því fyrsta vinnudaginn hvað fólst í starfi aðstoðarkonu. „Herra Seagal hafði ráðið til sín tvær ungar, rússneskar konur sem voru boðnar og búnar að sinna öllum hans þörfum. Önnur stúlkan hafði þó hætt stuttu áður og ég átti að fylla hennar skarð,“ segir Kayden Nguyen í kærri sinni.

Hún segir jafnframt að Seagal hafi hagað sér ósæmilega í hennar garð og gerst nokkuð ástleitinn. Hann á meðal annars að hafa fullrytt að eiginkonu hans væri kunnugt um aðstæður og stæði á sama. Nguyen fer fram á eina milljón Bandaríkjadala í skaðabætur.



KÆRÐUR Steven Seagal hefur verið sakaður um kynferðislegt áreiti af fyrrverandi aðstoðarkonu. NORDICPHOTOS/GETTY

Paris á lausu

Hótelkerfinginn Paris Hilton er hætt með kærasta sínum, raunveruleikastjórnumni Dough Reinhardt. Spurningar um sambandið kviknuðu þegar parið, sem hefur verið óaðskiljanlegt frá upphafi, var myndað hvort í sínu lagi. Hilton eyddi páskahegginni með foreldrum sínum í Palm Springs en Reinhardt heimsótti fjölskyldu sína í Aspen. „Doug hafði þó hugsað sér að koma við í Vegas og ræða málin við Paris en hætti við. Ég held að hann hafi ákveðið að fara til Aspen til að reyna að jafna sig á sambandsplitunum,“ var haft eftir vini Reinhardts.



PARIS HILTON



SÉRSTÖK UPPLIFUN Davíð Berndsen segir það hafa verið einstaka upplifun að vera í stórum hópi rauðhærðra við tökur á myndbandi við lagið Young Boy.



VIÐ TÖKUR Myndbandið gerist í heimi þar sem allir eru rauðhærðir og flugsyndir.

Rauðhærðir standa saman

Berndsen heldur áfram að senda frá sér flott myndbönd. Í því nýjasta verður ekki þverfótað fyrir rauðhærðu fólki.

Tónlistarmaðurinn Davíð Berndsen sendi frá sér nýtt myndband á dögunum við lag sitt Young Boy. Myndbandið á sér stað í heimi þar sem allir eru rauðhærðir og flugsyndir og fer Davíð með hlutverk sundhetju sem er dád og dýrkuð. Á meðal þeirra rauðhærðu leynist þó einn ljóshærður drengur sem að auki er ósyndur og vatnshræddur og því hálf utangátta. Leikstjóri myndbandsins er Helgi Jóhannsson, sá sami og leikstýrði myndbandinu við lagið Supertime.

Viðamikil leit fór fram að rauð-

hærðu fólki til að taka þátt í verkefninu, en tæplega tuttugu rauðhærð börn leika í myndbandinu auk Davíðs sjálfs. „Það var mjög absurd að vera í þessum stóra hópi rauðhærðra og það ríkti mikil samkennd á meðal okkar á tökustað. Ætli þetta verði ekki í eina skiptið sem ég upplifi annað eins á lífsleiðinni. Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð frá fólki og margir hafa komið til mín og lýst yfir stuðningi við rauðhærða, en við höfum oft þurft að sæta aðkasti vegna háralitarins,“ segir Davíð.

Hugmyndina að myndbandinu vann hann í samstarfi við leikstjórnann og segir Davíð að hún hafi þróað út frá gömlum draumi um að ganga á vatni líkt og hann gerir í myndbandinu. Hann segir vatnsgönguna hafa verið erfiðari en hann

hafði gert sér í hugarlund en segist ánægður með útkomuna. Þrátt fyrir að leika sundhetju í myndbandinu viðurkennir Davíð að hann sé heldur slakur sundmaður sjálfur. „Ég er hræðilegur sundmaður, kann bara bringusund og smá baksund. En það er aukaatriði þegar maður getur gengið á vatni,“ segir hann og hlær.

Aðspurður segist hann hafa mjög gaman af því að gera tónlistarmyndbönd og er þegar farinn að huga að fjórða myndbandinu. „Ég hef ótrúlega gaman af þessu. Þetta er eiginlega jafn gaman og að gera tónlistina sjálfa auk þess sem þetta er góð leið til að vekja athygli fólks á hljómsveitinni,“ segir hann að lokum.

Myndbandið má nálgast á vefsíðunni Youtube.com. sara@frettabladid.is

EINSTAKT TÆKIFÆRI

Vegna endurskipulagningar HTH-sýningarsalanna í Smáralind og Lágmúla 8 bjóðum við nú öll sýniseintök af innréttingum í eldhús, þvottahús og baðherbergi ásamt fataskápum á **35-50% afslætti!**

Glæsilegar innréttingar!

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

Allar nánari upplýsingar veita sölumenn okkar.

ORMSSON

SMÁRALIND • Sími 530 2908 // LÁGMÚLA 8 • Sími 530 2821

Grátbað um tappa í tónlistarlekann

James Murphy kynnti nýja meðlimi hljómsveitarinnar LCD Soundsystem á leynitónleikum í New York á mánudag. Kapparnir spiluðu ný lög og Murphy grátbað áhorfendur um að deila þeim ekki með heiminum, væru þeir búnir að fá kynningareintök af nýju plötunni, sem kemur út 17. maí.

„Ef þið eruð búnir að fá eintak af plötunni og langar að deila henni með heiminum, ekki gera það,“ sagði hann og kraup meira að segja á kné til að undirstrika mál sitt. Áhorfendurnir 1.500 sem mættir voru á svæðið virtust kunna vel að meta bönina og fögnuðu dátt.



GRÁTBAÐ ÁHORFENDUR James Murphy fór á hnén á leynitónleikum í New York.

Oprah sökuð um lygar

Frænka sjónvarpskonunnar Oprah Winfrey sakar hana um að hafa logið til um æsku sína og uppvaxtarár á bókum Mississippi-fljótsins. Þetta kemur fram í nýrri bók slúðurdrottningarinnar Kitty Kelley um ævi Oprah og æsku. Frænkan segir að Oprah hafi ýkt allar sögurnar um fátæktina sem fjölskylda sjónvarpskonunnar hafi þurft að glíma við. „Miðað við það sem Oprah hefur sagt þá var hún í raun og veru ofdekrúð,“ segir frænkan sem heitir Katherine Carr Esters. Hún vísar því á bug að Oprah hafi þurft að klæðast kartöflusekkjum og alið kakkalakka sem gæludýr.

Esters segist hafa átt stuttan fund með Oprah og öðrum fjölskyldumeðlimum þar sem þau kröfðu sjónvarpskonuna um skýringar á þessum sögum. „Hún sagði að sannleikurinn væri svo leiðinlegur og að þetta væru þeir hlutir sem fólk vildi heyra um,“ segir Esters í bókinni. Rithöfundurinn Kelley segir síðan í viðtali við EW.com að frænkan hefði haldið því fram að Oprah hefði í raun verið alin upp sem einbirni og að hún hefði verið ofdekrúð í æsku.

SÖGÐ LJÚGA Oprah Winfrey er sögð hafa kryddað sögur úr æsku sinni ansi hressilega.



OF FRÆGUR? Robert Pattinson er hættur að heimsækja frænku sína.

NORDICPHOTOS/GETTY

Vill ekki hitta frænku

Frænka leikarans Roberts Pattinson, Diana Nutley, segir hann hafa hætt öllum samskiptum við fjölskylduna eftir að hann varð heimsfrægur. Nutley segir Pattinson ekki hafa mætt í jólaboð, afmælisveislur eða aðrar fjölskyldusamkomur frá því að hann sló í gegn í hlutverki sínu sem vampíran Edward Cullen.

„Það er skritið hvernig frægðin getur breytt fólki. Aldrei bjóst ég við þessu frá honum,“ sagði frænkan í viðtali við Star Magazine. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem hún tjáir sig um frænda sinn því hún hefur einnig rætt einkalíf hans í fjölmiðlum án hans samþykkis.



TRÚLOFUÐ Söngkonan Charlotte Church hefur trúlofast barnsföður sínum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Charlotte lofuð í laumi

Velska söngkonan Charlotte Church hefur trúlofast barnsföður sínum, rugbyleikmanninum Gavin Henson. Það hefur verið saman frá árinu 2005 og á saman tvö börn. „Þegar ég kom út úr sturtunni einn morguninn beið mín þyrta úti í garði. Hún flaug með okkur til Cornwall þar sem við snæddum hádegisverð og eftir matinn fórum við í göngutúr meðfram ströndinni. Skyndilega fór hann að verða hálf væminn, sem er mjög ólíkt honum, og það var þá sem hann fór niður á hnén og bað mín,“ útskýrir söngkonan, en þau hafa verið trúlofuð í laumi frá því í febrúar.

SJÓÐHEITT Í SUMAR FRÁ L.A OG N.Y!

DansGleðin hefst 1.júní – fáðu útrás og skráðu þig strax á dancecenter.is! Fjöldi 10 vikna námskeiða í boði! FantaForm í SUMAR - ÁRSKORT NÝTT!



Linda



Nanna



Arnar Orri



Kara



Tanja



Hófi



Steinnun



Magnea

REYKJAVÍK – KÓPAVOGUR – GARDABÆR
SUMARNÁMSKEIÐIN VERÐA HALDIN Á ÆMUR STÖÐUM:
REYKJAVÍK - LISTDANSSKÓLA ÍSLANDS, ENGJATEIGI 1.
KÓPAVOGUR - SALALAUG, SALUR 2.HÆÐ. VERSÖLUM 3.
GARDABÆR - SJÁLANDSSKÓLA, SALUR 2.HÆÐ. LÖNGULINU 8.

SKRÁÐU ÞIG
NÚNA!
dancecenter.is

Nánari upplýsingar fást á dancecenter.is og facebookgrúbbu DanceCenter Reykjavík. Einnig er hægt að senda tölvupóst á info@dancecenter.is eða hringja í síma 861 5658.

NÝTT! Ballett og break | Jazzfunk | Street | Hip hop | Freestyle | Barnadansar |

DÖNSUM svo lengi sem lifum!

Aldur: 3-4 ára, 5-6 ára, 7-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára, 16-19 ára, 20-24 ára, 25-35 ára, 35+

VORSÝNING 18. APRÍL KL.17 Í SALNUM Í KÓPAVOGI

JÚLÍ HEIÐAR MÆTIR Á SVÆÐIÐ! - ÓSKUM HONUM TIL HAMINGJU MEÐ SIGURINN!



Glæsileg sýning þar sem SUMARIÐ verður í loftinu og DansGleðin í fyrirrúmi! Öll miðasala er hjá Salnum í s: 5700400, salurinn@salurinn.is. Netsala á www.salurinn.is.



“Á myndinni til vinstri er einn af fjölmörgum gestum skólans, Sabra Johnson, vinningshafi So You Think You Can Dance?, sem heldur á ungum aðdáanda”



www.dancecenter.is

> Ragna, Helgi og Magnús keppa á EM

Evrópumótið í badminton hefst í dag í Manchester í Englandi en þátttökurétt á mótinu öðlast keppendur með þátttöku í mótum í Evrópumótaröðinni. Ísland á þrjá keppendur á mótinu en TBR-fólkið Ragna Ingólfsdóttir, Helgi Jóhannesson og Magnús Ingi Helgason keppa fyrir hönd Íslands. Ragna keppir í einliða- og tvenndarleik með Helga. Helgi keppir í einliða- og tvenndarleik með Magnúsi Inga og svo í tvenndarleik með Rögnu.

sport
sport@frettabladid.is



LOGI GEIRSSON: KOMINN HEIM ÚR ATVINNUMENNSKUNN OG SPILAR MEÐ UPPELDISFÉLAGINU NÆSTA VETUR

Ekki kominn til að fela mig heldur til að blómstra

„Ég set hrikalega mikla pressu á mig með því að koma heim. Ég tel mikilvægt að ég sýni hvað ég get því mér finnst ég skulda það. Ég hef verið lengi frá vegna meiðsla en er núna að sækja þetta hungur sem hefur dáið inni í mér í meiðslunum,“ segir handboltastjarnan Logi Geirsson sem er kominn aftur í uppeðisfélagið FH.

Hverjar eru væntingar hans með heimkomunni? „Auðvitað get ég farið að tala um titla og svona en ég á eftir að ræða við þjálfara og stjórnarmenn um hvernig allt fer fram. Ég er ekki kominn hingað til að fela mig, ég ætla að blómstra. Svo er maður með konu og við eigum von á barni í sumar, maður er að skrifa bók og svo er það einkaþjálfunin. Það eru margir hlutir sem tvinnast saman í þá ákvörðun að koma heim,“ segir Logi.



„Mörgum finnst þessi ákvörðun mín furðuleg og ég fæ þúsund spurningar í sms-um. En ég ætla mér að blómstra næsta vetur.“

Logi hefur síðustu ár leikið með Lemgo í Þýskalandi. Hann gerir tveggja ára samning við FH en félagið ætlar ekki að standa í vegi fyrir því að hann fari aftur út eftir næsta tímabil ef eitthvað spennandi kemur upp.

Hann neitaði tilboði frá liði í Dúbaí. „Ég var mjög stutt frá því að stökkva á það, var farinn að sækjast í ævintýramennsku. Ég var kominn með leið á þessu hjá Lemgo og vildi prófa eitthvað nýtt,“ segir Logi sem mun vera í treyju númer tíu hjá FH.

„Ég er fæddur 10.10. og það er árið 2010. Ég er að skrifa bók sem heitir 10.10.10. Svo spilaði faðir minn númer 10 og ég vil heiðra hann sem leikmann. Þessi tala er bara fullkomin í mínum augum,“ segir Logi.

Keflvíkingar komnir í lokaúrslitin

Njarðvíkingum mistókst að tryggja sér annað líf og eru komnir í sumarfrí eftir 83-89 tap á heimavelli. Njarðvík tapaði fjórum síðustu heimaleikjum sínum. Keflavík mætir KR eða Snæfelli í úrslitaeinvíginu.

KÖRFUBOLTI Keflvíkingar eru komnir í úrslitaeinvígið um Íslandsmeistaratitilinn í sjötta sinn á síðustu níu árum eftir sex stiga sigur á nágrönnum sínum í Njarðvík, 89-83 í Ljónagryfjunni í gær. Keflavík vann einvígð þar með 3-1 og mætir annaðhvort KR eða Snæfelli í úrslitaeinvíginu.

Keflvíkingar voru skrefinu á undan allan leikinn og þrátt fyrir hetjulega baráttu heimamanna þá náðu þeir aldrei að vinna upp slæman kafla í upphafi annars leikhlaða þar sem Njarðvíkurliðið skoraði ekki í fjórar mínútur og Keflavík komst þrettán stigum yfir með því að skora 11 stig í röð.

Njarðvíkingar náðu að minnka muninn niður í tvö stig í loka-leikhlautanum en tókst aldrei að jafna leikinn eða komast yfir. Nick Bradford og Magnús Þór Gunnarsson reyndu allt sem þeir gátu í lokin en Keflvíkingar voru bara of sterkir. Draelon Burns inn-siglaði sigurinn með þriggja stiga körfu af Njarðvíkurmerk-inu, langt fyrir utan, þegar 20 sekúndur voru eftir af leiknum og Hörður Axel Vilhjálmsson kláraði síðan leikinn á vítalínunni.

„Þetta tókst en þetta var erfið. Þetta var hörkulið“

RISAKARFA Draelon Burns inn-siglaði sigur Keflvíkinga í gær.



FLOTTUR Í EINVÍGINU Á MÓTI NJARÐVÍK Hörður Axel Vilhjálmsson spilaði mjög vel í gær sem og öllum fjórum leikjunum á móti Njarðvík.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



sem við vorum að leggja að velli. Dre kláraði leikinn með því að hitta þristinum tveimur metrum fyrir utan. Þetta hefði getað farið hvernig sem er. Sem betur fer hitti hann úr þessu skoti,“ sagði Keflvíkingurinn Hörður Axel Vilhjálmsson í viðtali við Guðjón Guðmundsson, í útsendingu Stöð 2 Sport.

Hörður Axel var með 20 stig og 5 stoðsendingar og átti frábært einvíg bæði í sókn og ekki síst í vörninni.

„Við erum að toppa á hárréttum tíma. Það er enginn búinn að tala um okkur í allan vetur. Við skiljum það ekki að enginn sé búinn að tala um okkur í einhverri titlabaráttu en ég held að við séum að sýna fram á annað núna,“ sagði Hörður. Hörður átti mjög flottan leik alveg eins og Draelon Burns, Gunnar Einarsson og Uruale Igbavboa.

Njarðvíkingar grófu sér of djúpa gróf í fyrri hálfleiknum og tókst ekki að komast upp úr henni þrátt fyrir að gefa allt í seinni hálfleik-

inn. Nick Bradford og Magnús Þór Gunnarsson fóru á kostum í seinni hálfleik þar sem þeir voru með 28 af 37 stigum sínum en það var ekki nóg. Það vóg sennilega þyngst að reynsluboltarnir Friðrik Stefánsson og Páll Kristinnsson hittu aðeins úr 5 af 18 skotum sínum en flest þeirra voru tekin úr dauðafæri undir körfunni. Rúnar Ingi Erlingsson og Jóhann Árni Ólafsson áttu hins vegar sinn besta leik í seríunni og liðið hefði verið í allt annarri stöðu fyrir leikinn í gær ef þeir hefðu spilað jafnvel í fyrstu leikjunum. Þegar var er staðið er það örugglega svekkjandi fyrir Njarðvíkurliðið að horfa upp á fjóra síðustu heimaleiki sína tapast á tímabilinu. Það kemst ekkert lið langt með slíkan árangur á heimavelli.

„Við vorum nálægt en þeir geta þakkað Kananum sínum fyrir þetta stóra skot. Þeir geta þakkað honum og hinum útlendingnum því þeir björguðu þeim,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Njarðvíkinga í viðtali á Stöð 2 Sport.

„Við spiluðum ekki illa en það voru of margir hjá mér sem voru að gera of lítið í sókninni. Það dugði ekki í svona leik. Það vantaði helvíti lítið upp á hjá okkur og við vorum nálægt þessu. Við byrjuðum bara of seint og töpin í fyrstu tveimur leikjunum voru bara of mikið fyrir okkur,“ sagði Sigurður.

Keflavík mætir annaðhvort Íslandsmeisturum KR eða bikarmeisturum Snæfells sem spila algjöran úrslitaleik um sætið í DHL-höllinni annað kvöld.

ooj@frettabladid.is



MIKILVÆGT MARK Nicolas Anelka fagnar sigurmarki sínu í gærkvöldi. MYND/APP

Enska úrvalsdeildin í gær:

Chelsea náði 4 stiga forskoti

FÓTBOLTI Chelsea náði fjögurra stiga forskoti á toppi ensku úrvalsdeildarinnar með 1-0 heimasigri á Bolton í gær. Leiknum hafði áður verið frestað þar sem Chelsea var að spila í undanúrslitum ensku bikarkeppninnar um helgina.

Chelsea hafði unnið síðustu fjóra deildarleiki sína og skorað í þeim 17 mörk og það bjuggust því margir við stórsigri en svo fór nú ekki. Chelsea náði þó öllum stigunum í hús og er komið í lykilstöðu í baráttu um enska meistaratitilinn.

Nicolas Anelka skoraði eina mark leiksins þegar hann skallaði inn frábæra fyrirgjöf Didiers Droghba á 43. mínútu. Þetta var fyrsta mark Frakkans síðan 30. janúar. Chelsea-menn voru ljónheppnir að fá ekki á sig tvö víti í þessum leik en John Terry varði boltann með hendi á marklínu á 62. mínútu leiksins.

„Þetta voru tvö greinileg víti. Það er engin smá óxl á John Terry ef þetta hefur farið í öxlina á honum,“ sagði Owen Coyle, stjóri Bolton eftir leikinn.

-66j

Frábær kaup

Seljum síðustu eintökin á gömlu gengi!



Galia 440
Bátur með 40 hestafla
Yamaha utanborðs-
mótor og kerra

Tilboð
2.498.000.-



Galia 515
Bátur með 100 hestafla
Yamaha utanborðs-
mótor og kerra

Tilboð
3.998.000.-



Galia 610
Bátur með 115 hestafla
Yamaha utanborðs-
mótor og kerra

Tilboð
5.998.000.-

Galia

Frábærir skemmtibátar fyrir vötn og sjó. Galia bátarnir eru einstaklega vel hannaðir, mjög sterkbyggðir, stöðugir og ráða yfir mikilli sjóhæfni. Galia bátarnir eru allir í hönnunarflokki C og henta því mjög vel til notkunar við Íslenskar aðstæður. Mjög rúmgóðir bátar, gott skjól fyrir þann sem siglir, hentar einstaklega vel til veiða, eða allra almennra skemmtisiglinga.



Útilegu maðurinn

Fossháls 5-7
110 Reykjavík
Sími 551 5600
Fax 551 5601
utilegumadurinn.is

ÚRSLITIN Í GÆR

Iceland Express deild karla

Undnaúrslit, 4. leikur

Njarðvík-Keflavík 83-89 (39-47)
Stig Njarðvíkur: Nick Bradford 20 (6 frák., 7 stoðs.), Magnús Þór Gunnarsson 17, Jóhann Árni Ólafsson 11, Friðrik Stefánsson 7 (8 frák.), Egill Jónsson 7, Rúnar Ingi Erlingsson 7, Páll Kristinnsson 7 (7 fráköst), Kristján Sigurðsson 3, Guðmundur Jónsson 2, Hjörtur Einarsson 2.
Stig Keflavíkur: Draelon Burns 21, Hörður Axel Vilhjálmsson 20 (5 stoðs.), Uruale Igbavboa 20, Gunnar Einarsson 12, Sigurður Gunnar Þorsteins son 11 (14 frák.), Sverrir Þór Sverrisson 3, Jón Nardal Hafsteinsson 2.

Enska úrvalsdeildin

Chelsea-Bolton 1-0
1-0 Nicolas Anelka (43.).

STAÐA EFSTU LIÐA

	34	24	5	5	85-30	77
Chelsea	34	24	5	5	85-30	77
Man. United	34	23	4	7	77-27	73
Arsenal	33	22	5	6	75-34	71
Man. City	33	17	11	5	69-41	62
Tottenham	32	17	7	8	58-32	58
Liverpool	34	16	8	10	54-33	56
Aston Villa	32	14	12	6	44-32	54
Everton	33	13	11	9	52-44	50

Enska b-deildin

Reading-Newcastle 1-2
Gylfi Þór Sigurðsson og Brynjar Björn Gunnarsson spiluðu allan leikinn.



Við leitum að góðu fólki

visir.is og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – **visir.is**

ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á **visir.is** í viku



FRÉTTABLAÐIÐ

visir.is
...ég sá það á visir.is

> Heidi Klum

„Mér finnst gott að láta mig dreyma en betra að láta hlutina gerast.“

Ofurfyrirsætan Heidi Klum er stjórnandi tiskuhönnunarkeppninnar Project Runway sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 20.10.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR HORFIR Á HEIMILDARMYND Í KVÖLD

Fólkið sem guð gaf okkur í brennidepli

Ætli tilviljun ráði því að Sjónvarpið sýni í kvöld heimildarmynd um sjálfsefkt fólki?

Hún heiti Jeg elsker mig! og fjallar um ungt danskt fólk sem dýrkar og dái sjálft sig, á sama tíma og vitið er lítið að þvælast fyrir því. Fylgst er með 17 ára þokkadís, Charlotte. Líf hennar snýst helst um búðarferðir, að fara út á lífið með vinkonum sínum og að rækta ljóskuna í sjálfri sér. Hennar fyrirmynd í lífinu er dekurrofán Paris Hilton og í anda hennar er Charlotte snobbuð – og vill að það sjáist líka.

Christoffer er 21 árs og hans líf snýst fyrst og fremst um að rækta á sér kroppinn. Drjúgum tíma eyðir hann í að taka af sér myndir og skella inn á internetið, svo að allir sem hann þekkja viti hvað hann er mikill foli. Hann leggur mikið upp úr því að veiða stelpur, þó hann sé að visu dálítið smeykur við að ástin banki upp á, því sú



fengi vafalítið minnimáttarkennd við hlið manns eins og hans.

Þau Christoffer og Charlotte eiga það sem sagt sameiginlegt að telja sig guðs gjöf senda til jarðarinnar fyrir aðra og ófullkomnari jarðverur til að dást að og eiga sem fyrirmynd. Þetta könnumst við vel við á Íslandi.

Allan síðasta áratug var hér allt fullt af fólki með álíka brenglað álit á sjálfu sér. Það var kannski ekki allt ungt og fallegt, enda byggðist sjálfsálit þess og -vörðing ekki á útlitinu heldur peningunum. Nú er það flest farið burt, heldur sig í felum eða er á kafi í naflaskoðun. Væri ég kvikmyndagerðarkona myndi ég naga mig hressilega í handarbökin yfir því að hafa ekki gert heimildarmynd um þetta stórundarlega fyrirbæri. Nú er tækifærið farið og kemur (vonandi) aldrei aftur.

MIÐVIKUDAGUR



► 18.50 Tottenham – Arsenal, beint STÖÐ 2 SPORT 2



► 19.45 How I Met Your Mother STÖÐ 2



► 20.20 Bráðavaktin SJÓNVARPIÐ



► 21.05 Britain's Next Top Model SKJÁREINN



► 21.50 Modern Family STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

- 15.20 Skólahreysti 2010 (3:5) (e)
- 16.05 Dansað á fákspori (e)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Einu sinni var... jörðin (4:26)
- 18.00 Disneystundin
- 18.01 Finnir kostur (27:35)
- 18.23 Síðildar teiknimyndir
- 18.30 Finnbogi og Felix (13:26)
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.20 Bráðavaktin (ER XV) (14:24) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamót-töku sjúkrahúss í stórborg. Þetta er lokasýrpan og við sögu koma þekktar persónur frá fyrri árum. Meðal leikenda eru Parminder Nagra, John Stamos, Linda Cardellini, Scott Grimes, David Lyons og Angela Bassett.
- 21.05 Kiljan Bókabáttur í umsjón Egils Helgasonar.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.10 Veðurfréttir
- 22.15 Ég elska mig (Jeg elsker mig) Dönsk heimildarmynd um ungt fólk sem er að farast úr sjálfsefktu og sjálfsdýrkun. Það stígur ekkert endilega í vitið og þykir ekkert fegurra en sín eigin spegilmýnd.
- 23.15 Kastljós (e)
- 23.55 Fréttir (e)
- 00.05 Dagskrárlök

BÍÓ

- 06.20 Dave Chappelle's Block Party
- 08.00 Trapped in Paradise
- 10.00 My Blue Heaven
- 12.00 Annie
- 14.05 Trapped in Paradise
- 16.00 My Blue Heaven
- 18.00 Annie
- 20.05 Dave Chappelle's Block Party
- 22.00 You Only Live Twice
- 00.00 No Country for Old Men
- 02.00 The Number 23
- 04.00 You Only Live Twice
- 06.00 Tristan + Isolde

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Ruff's Patch, Kalli og Lóa, Ævintýri Juniper Lee og Íkomastrákurinn.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 Auði og Sveppi
- 11.00 Lois and Clark: The New Adventure (8:21)
- 11.45 Gilmore Girls (14:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Ally McBeal (3:22)
- 13.45 Sisters (27:28)
- 14.35 E.R. (16:22)
- 15.20 Njónsnaskólinn
- 15.45 Barnatími Stöðvar 2 Leðurblöku-maðurinn, Ævintýri Juniper Lee, Ruff's Patch og Íkomastrákurinn.
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons (1:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (15:19) Fimmta serían af gamanþætti um bræðurna Charlie og Alan Harper.
- 19.45 How I Met Your Mother (21:22) Marshall og Lily er loksins á leiðinni inn kirkjugólfid eftir langa bið en ekki liður á löngu þar til allt fer úrskeiðis.
- 20.10 Project Runway (6:14) Ofurfyrirsætan Heidi Klum og tiskugúrinn Tim Gunn stjórna tiskuhönnunarkeppni þar sem ungir og upprennandi fatahönnuðir mæta til leiks og takast á við fjölbreyttar áskoranir.
- 21.00 Grey's Anatomy (17:24)
- 21.50 Ghost Whisperer (11:23)
- 22.35 Goldplated (3:8)
- 23.25 Réttur (5:6)
- 00.15 The Closer (15:15)
- 01.00 E.R. (16:22)
- 01.45 Sjáðu
- 02.15 No Way Out
- 04.05 Grey's Anatomy (17:24)
- 04.50 Ghost Whisperer (11:23)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 07.00 Njarðvík - Keflavík Útsending frá leik í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í körfubolta.
- 16.45 Ensku bikarmörkin 2010 Farið yfir allar viðureignir umferðarinnar í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu.
- 17.15 Njarðvík - Keflavík Útsending frá leik í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í körfubolta.
- 18.55 Spænsku mörkin 2009-2010 Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.
- 19.50 Barcelona - Deportivo Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
- 22.00 WGC - CA Championship Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
- 22.55 World Series of Poker 2009 Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims mæta til leiks.
- 23.45 Barcelona - Deportivo Útsending frá leik í spænska boltanum.

SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Chelsea - Bolton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 17.25 Coca Cola-mörkin Öll flottustu mörkin og tilþrifið á einum stað.
- 17.55 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.50 Tottenham - Arsenal Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Aston Villa - Everton Sport 4. Wigan - Portsmouth
- 21.00 Aston Villa - Everton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 22.40 Wigan - Portsmouth Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 00.20 Tottenham - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁR EINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.15 Fyndnar fjölskyldumyndir (10:14) (e)
- 16.40 7th Heaven (19:22)
- 17.25 Dr. Phil
- 18.10 Nýtt útlit (7:11) (e)
- 19.00 I'm A Celebrity... Get Me Out Of Here (4:14) Raunveruleikasería þar sem þekktir einstaklingar segja skilið við stjórnu-lífið og þurfa að þræuka í miðjum frumskógi og leysa skemmtilegar þrautir.
- 19.45 Matarklúbburinn (5:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína.
- 20.15 Spjallið með Sölva (9:14) Viðtalsþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr.
- 21.05 Britain's Next Top Model (12:13) Raunveruleikabáttaröð þar sem leit-að er að næstu ofurfyrirsætu. Stúlkurnar þrjár sem eftir eru taka þátt í tiskuvíkunni í Buenos Aires.
- 21.55 The L Word (12:12) Það er komið að lokapættinum að sinni. Helena gerir Cindi freistandi tilboð. Á meðan Tasha á erfitt með að aðlagast í nýju vinnunni þá nýtur Alice þess að vera með nýrri vinkonu.
- 23.00 Jay Leno
- 23.45 CSI: Miami (23:25) (e)
- 00.35 Heroes (8:26) (e)
- 01.20 Heroes (9:26) (e)
- 02.05 Battlestar Galactica (4:22)
- 02.50 Premier League Poker (14:15) (e)
- 04.30 Pepsi MAX tónlist



- 20.00 Kokkalíf Landsliðskokkarnir leika listir sínar. Gestgjafi er Fritz Már.
- 20.30 Heim og saman Þórunn Högnadóttir kemur ótrúlegustu hlutum heim og saman
- 21.00 Alkemistinn Viðar Garðarsson og hópur markaðssérfræðinga brjóta kynningar-auglýsingamálið til mergjar
- 21.30 Í kallfæri Jón Kristinn Snæhólm ræðir málin við góða gesti.



Dagskrá allan sólarhringinn.

Mastercraft jeppadekk

Sólning og Barðinn bjóða hin vönduðu dekk frá Mastercraft í Bandaríkjunum.

Dekkin frá Mastercraft eru sérhönnuð fyrir stærri bifreiðar og jeppa og veita hámarksöryggi og eru á sama tíma einkar hljóðlát. Vertu því öruggari í vetur með Mastercraft undir bílnum.

Mastercraft hefur framleitt dekk síðan 1909 og byggir því á 100 ára reynslu.



Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722
Smurstöðin Klöpp, Vegmúla 4, sími 553 0440

SÓLNING

BARÐINN

Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is


Afgreiðslutímar í Sólningu, Smiðjuvegi og Barðanum, Skútuvogi

Virka daga 8.00–18.00
Laugardaga 9.00–13.00



„Búllan er klárlega besti bitinn í bænum! Tilboð aldarinnar, kokteilsósa með frönskunum, bernaíse með borgaranum og tvær kók til að skola þessu niður.“

Anna Rákel Róbertsdóttir, grafískur hönnuður, fyrirsæta og plötusnúður.



LÁRÉTT

2. teikning af ferli, 6. ógrynni, 8. fiskur, 9. flán, 11. kusk, 12. spergill, 14. bóla, 16. samtök, 17. tæki, 18. þangað til, 20. ullarflóki, 21. köttur.

LÓÐRÉTT

1. áræða, 3. slá, 4. heilmikill, 5. skordýr, 7. fuglategund, 10. forsögn, 13. sigað, 15. vingjarnleiki, 16. í viðbót, 19. vörumerki.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. þora, 3. rá, 4. allstór, 5. fló, 7. fashani, 10. spá, 13. átt, 15. alúð, 16. auk, 19. ss.
LÁRÉTT: 2. graf, 6. of, 8. áll, 9. ras, 11. ló, 12. aspas, 14. háttá, 16. aa, 17. töl, 18. uns, 20. rú, 21. kisti.

SUPER PIZZA
Nybýlavegi 32

Tilboð
16" Tex Mex
Lamba Pizza
1,099- kr.

Kveðja með rannsóknarskýrsluspaugi

Síðasti þáttur Spaugstofunnar í bili verður á laugardaginn. Það þarf kannski ekki að koma neinum á óvart að sá þáttur verði að mestu leyti helgaður skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem kynnt var á blaðamannafundi á mánudagsmorgun í Iðnó. Pálmi Gestsson, einn af forkölfum Spaugstofunnar, segir þá félaga hafa aðeins verið að rýna í skýrsluna á Netinu og fréttir af henni. „Við erum svona að velta því fyrir okkur hvernig við tökum á þessu. Við erum ekki komnir með neinar skýrar línur fyrir þáttinn á laugardaginn, hann er í vinnslu,“ útskýrir Pálmi og bætir við að þeir þurfi kannski ekkert að skrifa neitt handrit, sum ummælanna í skýrslunni geti bara vel staðið á eigin fótum í Spaugstofunni. Pálmi segir skýrsluna hafa komið sér á

óvart. „Hún er svo afdráttarlaus og skýr og staðfesti í raun þá hluti sem alla grunaði en höfðu ekki hugmynd um að væri fótur fyrir,“ segir Pálmi. „Sárast í þessu öllu er kannski að ég hélt að ég byggi í vestrænu og óspilltu landi en vakna upp, á miðjum aldri, í drullupolli.“

Þegar talið berst hins vegar að framtíð Spaugstofunnar sjálfar segir Pálmi að þeir viti ekki betur en að þessi þáttur verði þeirra síðasti. Páll Magnússon útvarpsstjóri tekur ekki undir þau orð. Hann segir enga ákvörðun hafa verið tekna um framhaldið, hún ætti þó að liggja fyrir í maí. Stöðugar sögusagnir hafa verið á kreiki um að Spaugstofan hætti eftir þetta ár en hún hefur verið í loftinu síðasta 21 ár. „Við setjum niður haustdagskrána í maí og þá kemur þetta allt í ljós,“ segir Páll. - fgg



SÍÐASTI OG ÞÓ Á laugardaginn fer 381. þáttur Spaugstofunnar í loftið. Ekki liggur fyrir hvort það verði svanasöngur fjórmenninganna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



TONN AF SKÍT Mær Vilhjálmsson, skólameistari MS, mætti sjálfur með skóflu og mokaði upp skítinn sem nemendur hans höfðu sturtað við inngang skólans.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FINNUR ÁGÚST INGIMUNDARSON: VERSLINGAR SÝNI STILLINGU

Skólameistari MS fjarlægði skít af lóð Verzlunarskólans

„Ég er mjög leiður og sorgmæddur yfir þessu. Þetta fór algjörlega úr böndunum,“ segir Mær Vilhjálmsson, skólameistari menntaskólans við Sund. Hann mætti ásamt nokkrum kennurum skólans á skólalóð Verzlunarskóla Íslands í gærmorgun til að moka upp skít sem nokkrir nemendur MS höfðu dreift við inngang Versló en skólarnir mætast í úrslitum ræðukeppninnar Morfis á föstudaginn í stóra sal Háskólabíós. Mær segir rannsókn málsins í fullum gangi innanhúss og hann búist við því að niðurstaða í því verði klár í dag.

Finnur Ágúst Ingimundarson, formaður Málfundarfélagsins í Versló, hvatti nemendur í skólanum til að sýna stillingu og gripa ekki til hefndaraðgerða. „Nei,

skömmin er þeirra. Við fengum að hjálpa til við að skila skítinum aftur og dreifa honum á túnin, með góðfúslegu leyfi skólameistarans,“ segir Finnur.

Hefð hefur myndast fyrir því að skólar sem mætast í úrslitum Morfis reyni að gera andstæðingum sínum lífið leitt í úrslitavikunni með léttum hrekjum en Mær segir hins vegar að þarna hafi menn farið rækilega yfir strikið. „Menn hafa látið spennuna hlaupa með sig í gönur. Auðvitað er mikill taugatitringur vegna úrslitanna en þetta var ósmekklegt og leiðinlegt fyrir okkur og ekki síst leiðinlegt fyrir Versló,“ segir Mær sem mokaði skítinn upp með skóflur og hjólbörur einar að vopni því ekki gafst tími til að finna aðra menn í djöbb-

id. „Ég er heldur ekkert of góður til að moka skít og maður ber ábyrgð á sínum nemendum. Mér þótti hins vegar vænst um að ný stjórn nemendafélagsins okkar mætti líka og hjálpaði okkur, henni var ekki skemmt yfir þessu.“

Skólameistarinn bætir því við að nú sé rétti tíminn til að bera á og að skíturinn sem var við inngang Versló hafi verið nýttur til góðs. „Við notuðum hann til að bera á hjá okkur, það var alger óþarfi að henda honum,“ útskýrir Mær og tekur fram að hann sé í góðu sambandi við yfirstjórn Verzlunarskólans og hrósar henni fyrir bæði þolinmæði og skilning. „Það gætu verið skemmdir í anddyrinu en við munum bara bæta það.“

freyrigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hópur listamanna setti upp verkið Nei, Dorrit í Iðnó á mánudagskvöld. Verkið er byggt á frægu tímaritsviðtali sem birtist í mars í fyrra. Á meðal gesta voru leikarinn Ólafur Darri, myndlistarmennirnir Ragnar Kjartansson og Halli Jóns og prófessorinn Guðmundur Oddur – oftast kallaður Goddur. Sigga á Boston mætti einnig á svæðið ásamt sjálfstæð-

iskonunni Áslaugu Friðriksdóttur. Forsetafrúin **Dorrit Moussaieff** mætti ekki á sýninguna.

Gamanleikritið 39 þrep hefur slegið í gegn hjá Leikfélagi Akureyrar í vetur. Alls hafa verið sýndar 45 sýningar og ekkert lát virðist vera á aðsókn Leikstjóri sýningarinnar er leikhússtjórinn sjálfur, María Sigurðardóttir, en leikarar í sýningunni eru Jóhann G. Jóhannsson, Atli Þór Albertsson, Björn Ingi Hilmarsson og **Þrúður Vilhjálmsdóttir**. Nú berast þær fregnir að norðan að 39 þrep verði sett upp í Borgar-leikhúsinu í maí og ætti margur að gleðjast yfir því.

Óðum styttest í að sjónvarpsþulur RÚV hverfi af skjáum landsmanna.

Eva Sólán, ein sú reyndasta í bransanum, er greinilega farin að huga að nýjum starfsvettvangi því hún hefur tekið sæti á lista fram-sóknarmanna fyrir komandi bæjarstjórnarkosningar í Hafnarfirði.

Eva skipar fjórða sæti listans. Það er þó á brattann að sækja fyrir þuluna því Framsókn náði ekki manni inn í síðustu sveitarstjórnarkosningum.

- afb, hdm



HUMMER H1



49" dekk. nýskr 09/02, ekinn 45 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Gps,talstöð,kastarar, hlaðinn búnaði. Tilboð óskast. Myndir og upplýsingar á: www.planid.is Rnr.202086 Uppl. í síma 695 7000



Breiðhöfða • Sími 517 0000 & 695 7000 • www.planid.is

Grímur tekur við Airwaves

„Hæfasti maðurinn sem tekinn var í viðtal var ráðinn,“ segir Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri Útflutningsskrifstofu Íslenskrar tónlistar, Útón. Greint var frá því í gær að Grímur Atlason, sveitarstjóri í Dalabyggð, hefði verið ráðinn framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves en Útón tók nýverið við rekstri hátíðarinnar. Alls sóttu 18 manns um starfið og voru nokkrir af þeim boðaðir í viðtöl í gær og fyrradag. Anna Hildur vill ekki upplýsa hverjir sóttu um starfið, né heldur hversu margir voru boðaðir í viðtal.

„Ástæðan fyrir því að Grímur er ráðinn er sú að hann hefur mikla reynslu af tónleikahaldi, hann hefur séð um tónleikahátíðir og hefur líka reynslu af rekstri og starfsmannahaldi,“ segir Anna Hildur.

Grímur Atlason hættir sem sveitarstjóri í Dalabyggð eftir

kosningar í vor og var á fundi í sveitinni þegar Fréttablaðið náði í hann. „Það er búið að byggja upp alveg feikilega öfluga hátíð sem allir þekkja,“ segir Grímur. „Ég er með ákveðnar áherslur í tónleikahaldi sem þeir sem mig þekkja vita hvernig eru. Mér finnst tækifærin vannýtt.“

Grímur hefur sótt tónleikahátíðir stíft síðustu ár og segir að ýmislegt megi læra af þeim. Samstarf milli hátíða sé til dæmis mikilvægt til að koma hljómsveitum á framfæri og hann segist vilja auka möguleika íslensku hljómsveitanna á því að vera bókaðar erlendis í kjölfar hátíðarinnar. „Senan á Íslandi er svo lífleg og öflug,“ segir Grímur. „Þess vegna er Airwaves og það er það sem ég vil halda áfram að byggja og styrkja.“ - hdm, afb

GRÍMUR ATLASON Flytur í bæinn og tekur við starfi framkvæmdastjóra Iceland Airwaves.



BUBBI

Í 30 ÁR

FRÍTT
INN

**ÞAÐ
SEM
VERT
ER AÐ
VITA**

ALLIR TÓNLEIKAR HEFJAST KL 20:30
HÚSIN OPNA KL 20:00
FRÍTT INN OG ALLIR VELKOMIR Á MEDAN HÚSRÚM LEYFIR

NÁNAR Á WWW.PRIME.IS OG WWW.BUBBI.IS

Apríl

- | | |
|---------------------|-----------------|
| 15. Flateyri | Kirkjan |
| 16. Ísafjörður | Edinborgarhúsið |
| 17. Hólmavík | Bragginn |
| 18. Sauðárkrúkur | Mælifell |
| 20. Dalvík | Menningarhúsið |
| 21. Akureyri | Græni Hatturinn |
| 22. Ýdalir | Salurinn |
| 23. Egilsstaðir | Valaskjálfr |
| 24. Fáskrúðsfjörður | Félagsheimilið |
| 25. Hornafjörður | Menningarhúsið |
| 28. Kjós | Félagsgarður |
| 29. Akranes | Bíóhöllin |
| 30. Selfoss | Hótel Selfoss |

Maí

- | | |
|------------------|-----------------|
| 1. Reykjavík | Hlégarður |
| 5. Mosfellsbær | Bæjarbíó |
| 6. Hafnarfjörður | Menningarsetrið |
| 7. Borgarnes | |
| 8. Keflavík | |



prime



Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tilviljanirnar eru margar

„Var einmitt að lesa um Fons í rannsóknarskýrslunni þegar stefnuvotturinn bankaði upp á með stefnunni frá Pálma,“ skrifaði Svavar Halldórsson, fréttamaður RÚV, í stöðufærslu á Facebook-síðu sinni klukkan fjögur síðdegis í gær. Vísar Svavar þar til málsóknar athafnamannsins Pálma Haraldssonar á hendur honum, fyrir að gera ekki greinarmun á Pálma sjálfum og gjaldþrota eignarhaldsfélagi hans, Fons, í fréttaflutningi.



Tromp Sturlu

Metingur hefur verið um hvaða flokkur átti frumkvæði að skipan rannsóknarnefndar um hrúnið. Samfylkingarmenn setja spurningarmerki við þá söguskoðun að sjálfstæðismönnum skuli þakkað, og benda á minnisblað utanríkisráðherra síðan 17. nóvember 2008 þar sem hann leggur til samráð um skipan nefnarinnar. Sjálfstæðismenn trompa það hins vegar með fundargerð forsætisnefndar frá 4. nóvember, þar sem Sturla Böðvarsson greindi frá því að hann hefði sett undirbúningsvinnu um rannsóknina af stað.



Bók um Eivöru

Bloggarinn og poppræðingurinn Jens Kr. Guðmundsson hefur verið ráðinn til að skrifa bók um færeysku tónlistarkonuna Eivöru Pálsdóttur. Jens segir að bókinn verði ekki eitt-hvert stórt viðtal við Eivöru heldur verði fjallað um hana. Það er bókaútgáfan Æskan sem gefur út og verða þá minnst tvær poppbækur frá þeirri útgáfu í jólabókaflóðinu í ár, en Fréttablaðið greindi frá því fyrir skemmstu að Jónatan Garðarsson væri að skrifa sögu Karls Sighvatssonar.



Mest lesið

VISIR.IS

- 1 Litla gula hænan sagði ekki ég
- 2 Veit ekki hvað varð um lúxussnekkjuna Maríu
- 3 „Þú færð nú bara hjartaslag ef þú kemur heim“
- 4 Hættustig á Keflavíkurflugvelli vegna flugvélar
- 5 Unglingapartí fór úr böndunum – einn handtekinn

ÁTT ÞÚ ÞÉR LEYNDARMÁL?



SÓL

BORGIR

ÆVINTÝRI

SKÍÐI

GOLF

ÍÞRÓTTIR



PORTÚGAL

VERÐ FRÁ: 7 nætur

82.900kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Aparthotel Oceanus – Olhos D' Aqua. Brottför: 10. júní.



MARMARIS

VERÐ FRÁ: 10 nætur

109.495kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Hotel Club Aida. Brottför: 19. júní.



TENERIFE

VERÐ FRÁ: 7 nætur

99.900kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Parque de las Americas. Brottför: 20. júní.



Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar gott frí á frábæru verði. Gæða gististaðir í ýmsum verðflokkum, áhugaverðar skoðunarferðir í fallegri náttúru, menningar- og sögustaði að ekki sé talað um frábæra golfvelli. Það er fátt betra en frí á sólarströnd, þar sem blátær sjórin og himinn renna saman í eitt. Óskafrí þar sem hægt er að hlaða batteríin í rólegheitum og koma heim með orku sem endist fram á vetur.

4 jafnar vaxtalaugar greiðslur

Skiptu kostnaðinum í fjórar vaxtalaugar og jafnar greiðslur á www.urvalutsyn.is. Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu. 3% færslugjald leggst ofan á uppgjöf verðs.

MasterCard VISA



ÚRVAL-ÚTSÝN

MEIRA Á urvalutsyn.is

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

